# FRÉTTABLAÐIÐ

153. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 30. JÚNÍ 2016

# Þjóðarsorg í Tyrklandi



Tyrkir lýstu í gær yfir þjóðarsorg vegna árásarinnar á Atatürk-alþjóðaflugvöllinn í Istanbúl. Í gær safnaðist fólk saman fyrir utan líkhúsið í Istanbúl til að sækja látna ástvini og jarðarfarir fóru fram. Hér má sjá aðstandendur reyna að hugga móður eins fórnarlambsins. Vísbendingar eru sagðar um aðild hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki. Sjá síðu 12 FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Vaxtabætur dragast verulega saman

**Ríkissjóður greiðir 4,3 milljarða í vaxtabætur í ár en greiddi 7,6 milljarða 2012. Ástæðan er bætt eignastaða heimila og auknar tekjur.**

**EFNAHAGSMÁL** Ríkissjóður greiðir 4,3 milljarða í vaxtabætur í ár, samkvæmt yfirliti efnahags- og fjármálaráðuneytisins.

Greiddir voru út 7,6 milljarðar króna 2012, en upphæðin hefur síðan lækkað á hverju ári. Lækkunin nemur um 43 prósentum á fimm árum. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu stafar lækkunin af því að tekjur heimila hafa aukist og skuldir minnkað.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis og þingmaður Samfylkingar, segir lækkun vaxtabóta alvarlega þróun. Lækkunin sé meiri en skýrist af minni skuldsetningu heimila. Verið sé að auka tekjutengingu þannig að sífellt minni hópur fái vaxtabæturnar.

„Og þegar þú lest ríkisfjármálaáætlunina, sem var lögð fram í vor, þá er mjög erfitt að lesa hver áformin eru, bæði með barnabætur og vaxtabætur, önnur en þau að gera þetta að fátæktarbótum en ekki skattaafslætti fyrir launafólk,“ segir Sigríður Ingibjörg. Þetta sé stefnubreyting þar sem litið sé til ráðlegginga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í stað þess að líta til þess hvernig Norðurlöndin fara með þessi mál. „Þróunin endurspeglar í rauninni það að ríkisstjórnin er að hverfa frá hinum norrænu velferðarmódelum og rýrir þar með kjör millitekjufólksins.“

**Heildarupphæð vaxtabóta**
í milljónum króna




Í sumar samþykkti Alþingi lög um nýtt húsnæðisbótakerfi. Sigríður Ingibjörg segir að þetta sé í raun og veru sama kerfi og var fyrir húsaleigubætur en nýja kerfið nái til breiðari hóps og bæturnar hjá þeim sem hafi lægstu tekjurnar hækki. En það hefði verið betra og það hafi verið sátt um það við sveitarfélögin að búa til kerfi þar sem húsnæðisstuðningur yrði jafn, óháð því hvort fólk byggi í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði. – **jhh**

## Útvarpsstjóri fer aftur á fjalirnar

**MENNING** Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri tekur sér leyfi frá störfum hjá RÚV til að leikstýra í Borgarleikhúsinu í byrjun næsta árs.

„Ég er leikhúsmaður í grunninn og var upprunalega leikstjóri áður en ég fór að fikra mig meira í yfirstjórnina, fyrst í leikhúsunum og svo nú hjá RÚV,“ segir Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri sem kemur til með að venda kvæði sínu í kross um áramót og vinda sér í gamalkunnugt hlutverk leikstjóra.



„Það eru viss líkindi. Ég er maður menningar og þessi störf snúast bæði um það. RÚV er hins vegar töluvert stærra apparat,“ segir hann, spenntur fyrir komandi átökum á fjölunum. – **gjs** / sjá síðu 62

## Fréttablaðið í dag



**LÍFIÐ** Emmsjé Gauti safnar fyrir útgáfu á vínylplötu. 60

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason um Breta og ESB. 25

**SPORT** Deschamps mun ekki vanmeta Ísland. 40

**MENNING** Fremstu listamenn heims sýna á Djúpavogi. 50

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● GARÐABÆR & HAFNARFJÖRÐUR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




**Í dag** verða norðaustan 5 til 10 metrar á sekúndu og skúrir, en samfelld rigning norðaustan- og austanlands. Hiti frá 7 stigum austast, upp í 16 stig um landið vestanvert. **SJÁ SÍÐU 48**

# Á Hólum



**Á fleygiferð** Nokkur þúsund manns fylgjast með keppni á Landsmóti hestamanna sem nú stendur yfir á Hólum í Hjaltadal. Mótið hófst á mánudag og því lýkur á sunnudaginn. Er þetta í 22. sinn sem Landsmót hestamanna er haldið. MYND/EIÐFAXI

# Hækkun flugverðs innan marka

**NEYTENDUR** Flugmiði til Parísar á laugardag kostar nærri hundrað þúsund krónur og flugmiðinn heim á mánudag annað eins, fyrir íslenska stuðningsmenn sem hyggjast fylgja landsliðinu í næsta leik gegn Frökkum.

Verðið hefur hækkað mikið á síðustu dögum og margir áhugasamir sáu þess merki að verð á sætum til Parísar hefði hækkað hreinlega á meðan á leik Íslands og Englands stóð á mánudag.

> Neytendasamtökin hvetja fyrirtæki til hóflegrar og eðlilegrar verðlagningar.
>
> Ívar Halldórsson, lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum

Að sögn Þórunnar Önnu Árnadóttur, sviðsstjóra neytendaréttarsviðs hjá Neytendastofu, gilda í raun engin lög um slíkar hækkanir því verðlag sé frjálst.

„Framboð og eftirspurn á að stýra markaðnum. Það sem við getum skoðað er hvort verðið komi skýrt fram og hvort verðið sé endanlegt verð, allar upplýsingar séu réttar og ekkert sé villandi. Við gerum kröfu um að á einhverjum tímapunkti sé það verð sem auglýst er til staðar og það þarf að vera í ákveðnu magni,“ segir hún.

Ívar Halldórsson, lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum, segir samtökin vara við ofurhækkunum.

„Neytendasamtökin hvetja fyrirtæki til hóflegrar og eðlilegrar verðlagningar. Það er miður ef flugfyrirtækin hækka verð eingöngu af þeirri ástæðu að vitað er um aukna eftirspurn.“ **– snæ**

> Framboð og eftirspurn á að stýra markaðnum.
>
> Þórunn Anna Árnadóttir, sviðsstjóri neytendaréttarsviðs hjá Neytendastofu

# Vilja þyngri refsingar við hefndarklámi

**DANMÖRK** Danskir stjórnmálamenn eru sammála um að herða þurfi löggjöf um hefndarklám. Meðlimir danska Sósíaldemókrataflokksins leggja til að refsing við slíkum brotum verði hert úr sex mánuðum í þrjú ár.

Meðlimir fleiri flokka eru sammála um að hefndarklám flokkist sem andlegt ofbeldi og að refsa skuli fyrir slík brot líkt og um líkamlegt ofbeldi sé að ræða. „Líkamleg sár geta gróið, en myndir sem deilt er á netinu geta elt viðkomandi í mörg ár eftir dreifingu þeirra,“ sagði Trine Bramsen, þingkona sósíaldemókrata.

Peter Kofod Poulsen, þingmaður danska Þjóðarflokksins, segir að hans flokkur vilji herða löggjöfina enn meira og einnig að dönskum stjórnvöldum verði gert kleift að loka vefsíðum sem hýsa efni af þessu tagi. **– þv**






# Debenhams lokað í Smáralind á næsta ári

**Hagar náðu ekki samningum við Smáralind um áframhaldandi leigusamning fyrir verslunina Debenhams. Henni verður því lokað í síðasta lagi í maí á næsta ári. Hefur ekkert að gera með mögulega komu H&M hingað, segir forstjóri Haga.**

**VIÐSKIPTI** Verslun Debenhams í Smáralind verður lokað í síðasta lagi í maí á næsta ári og lýkur þar með rúmlega 15 ára sögu fyrirtækisins hér á landi. „Ekki náðust samningar um áframhaldandi leigu,“ segir Finnur Árnason, forstjóri Haga sem á og rekur verslunina.

Debenhams er eina deildaskipta sérvöruverslunin á Íslandi, hún er á tveimur hæðum og er sölurýmið 3.200 fermetrar. „Þar sem við náðum ekki niðurstöðu í samningaviðræðum við leigusala munum við loka Debenhams í síðasta lagi í maí á næsta ári,“ segir Finnur. „Þetta er niðurstaðan og við þurfum að takast á við hana.“

Hagar högnuðust um tæpan milljarð króna á öðrum ársfjórðungi samkvæmt uppgjöri sem kynnt var Kauphöllinni í gær og samþykkt af stjórn fyrirtækisins. Heildareignir fyrirtækisins nema rúmlega 31 milljarði íslenskra króna. Hagar standa því nokkuð vel.

Hagar reka fjölda verslana í Smáralind. Þrátt fyrir ágætan árangur ætlar fyrirtækið að stokka mjög upp í rekstri sínum í Smáralind. Verslun Karen Millen hefur einnig verið lokað í Smáralind og er nú aðeins starfrækt í Kringlunni. Þá er verslun Útilífs að færa sig um set innan Smáralindar í minna verslunarrými og Hagkaupsverslunin verður minnkuð um nærri 200 fermetra.

„Þetta er liður í endurskipulagningu hjá okkur. Þegar allt er talið erum við að minnka við okkur í Smáralind um heila 9.500 fermetra.




**Smáralind í Kópavogi er stærsta verslunarmiðstöð landsins og er Debenhams í rúmum þrjú þúsund fermetrum húsnæðisins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Þegar allt er talið erum við að minnka við okkur í Smáralind um heila 9.500 fermetra.
>
> Finnur Árnason, forstjóri Haga



Því er um nokkrar breytingar að ræða,“ segir Finnur.

Orðrómur hefur verið uppi um að risinn H&M sé á leiðinni til Íslands og muni opna verslun hér á næstu misserum og nú opnast því stórt pláss í stærstu verslunarmiðstöð landsins. Finnur vildi þó ekki tengja þessa tvo atburði saman. „Samningaviðræður okkar við leigusala um leigu fyrir Debenhams hafa ekkert með komu H&M að gera,“ segir Finnur.

**sveinn@frettabladid.is**




PIPAR\TBWA • SÍA

KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS



Grettisgata 87 gjöreyðilagðist í eldinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Játar að hafa valdið bruna á Grettisgötu

**SAKAMÁL** Héraðssaksóknari hefur ákært bræður fyrir að hafa að kvöldlagi þann 7. mars átt þátt í Grettisgötubrunanum svokallaða í Reykjavík. Annar þeirra hefur játað aðild sína að brunanum.

Játar annar bróðirinn að hafa kveikt í húsinu með því að leggja eld að stól í herbergi sínu í húsinu, koma honum fyrir á dýnu og skilja við herbergið í því ástandi. Hafi þessi íkveikja mannsins verið völd að því að húsið allt brann til grunna. Á þessum tíma hafði hann búið í húsinu um skamma hríð.

Bróðir mannsins er einnig ákærður fyrir að hafa verið vitni að íkveikjunni og ekkert aðhafst til að afstýra bæði tjóni á eigum fólks sem og afstýra almannahættu sem af brunanum varð. Bruninn olli miklu tjóni og meðal annars brann fjöldi verka myndlistarmannsins Halldórs Ragnarssonar sem var með stúdíó í húsinu.

Tryggingamiðstöðin hefur lagt fram einkaréttarkröfu í málinu og krafist þess að hver sem uppvís verður að því að hafa valdið brunanum verði dæmdur til að greiða félaginu tæplega 12,6 milljónir króna. – sa

## Á þriðja tug slasaðist í árekstri

**PÓLLAND** Tuttugu og fimm slösuðust þegar strætisvagn og sporvagn lentu í árekstri á götum Łódź, þriðju stærstu borgar Póllands, í gær. Slökkvilið þurfti að klippa á bæði sporvagninn og strætisvagninn til þess að komast að slösuðum farþegum. Enginn lést í slysinu en samkvæmt pólsku fréttastofunni Express Ilustrowany liggja þrír farþegar á spítala, illa haldnir.

Mikil umferðarteppa myndaðist á meðan bráðaliðar, slökkvilið og lögreglumenn athöfnuðu sig á vettvangi slyssins og var á stóru svæði borgarinnar lokað fyrir umferð. Það hættu sporvagnar á umræddu svæði borgarinnar að ganga sem og strætisvagnar þannig að mikil röskun varð á almenningssamgöngum í um þrjár klukkustundir. – þea

# Rifta samkomulagi við endurvinnslustöð fyrir skip

**DALVÍK** Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð hefur ákveðið að slíta viðræðum við TS Shippingline um úthlutun á lóð til uppbyggingar á endurvinnslustöð fyrir skip. Að mati sveitarfélagsins fullnægði viðsemjandi ekki skilyrðum fyrir samningsgerð. Fyrrverandi talsmaður fyrirtækisins hér á landi hefur ekki heyrt frá því í um hálft ár.

Upplýsingarnar komu fram í tilkynningu Dalvíkurbyggðar í gær. „Eins og kemur fram þá erum við búin að senda bréf þess efnis til fyrirtækisins að slíta viljayfirlýsingu við fyrirtækið. Að okkar mati hefur skilyrðum ekki verið fullnægt,“ segir Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, formaður bæjarráðs. „Við fórum fram á það við fyrirtækið að það myndi halda annan fund með íbúum og sýna þeim með þrívíddarmyndum hvernig það hygðist nýta lóðina. Þeir önsuðu ekki þeirri beiðni okkar heldur vildu fyrst fá undirritaðan lóðarleigusamning. Það gátum við ekki sætt okkur við.“

Fyrirtækið TS Shippingline ætlaði sér stóra hluti á Hauganesi í Dalvíkurbyggð. Ætlaði fyrirtækið að rífa niður skip í brotajárn. Nokkur andstaða var við þessar hugmyndir innan bæjarfélagsins strax í upphafi. Því vildu bæjaryfirvöld fá íbúafund svo bæjarbúar gætu glöggvað sig á umfangi starfseminnar. – sa



Fyrirtækið áformaði að rífa skip niður í brotajárn á Dalvík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Óvíst hver annast kennslu í lögreglufræðum þegar haustar

**Nám í lögreglufræðum á háskólastigi hefst í haust. Ekki liggur fyrir hvaða skóli mun annast kennsluna. Rektor Háskólans á Bifröst gagnrýnir valferlið og stuttan fyrirvara. Lögregluskólinn verður formlega lagður niður 30. september næstkomandi. Kannaður var vilji allra háskóla til að taka að sér umsjón námsins.**

**MENNTAMÁL** Ekki liggur fyrir hvaða háskóli mun annast kennslu í lögreglufræðum en samkvæmt breytingum á lögreglulögum sem samþykkt voru á Alþingi 1. júní verður námið fært á háskólastig. Gert er ráð fyrir því að námið hefjist í haust og verður Lögregluskólinn formlega lagður niður 30. september.

Leitað var til allra háskóla landsins við vinnslu frumvarpsins til að kanna vilja og möguleika þeirra til að taka þátt í þróun námsins og lýstu Háskóli Íslands, í samstarfi við Keili, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst og Háskólinn á Akureyri yfir áhuga. Menntamálaráðherra mun sjá um að ganga til samninga við háskóla um kennslu- og rannsóknarstarfsemi í greininni.

„Ekki er komin niðurstaða í það hvaða skóli mun taka að sér námið,“ segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, aðstoðarmaður innanríkisráðherra.

Þórdís segir að Ríkiskaupum hafi verið falið að óska eftir hæfum aðilum til þátttöku í auglýstu ferli um lögreglunám á háskólastigi en að ekki sé um formlegt útboð að ræða. „Vonast er til þess að hægt verði að auglýsa innan fárra daga og val á háskóla liggi fyrir í byrjun næsta mánaðar.“

Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst, segir að háskólinn hafi sóst eftir því að annast námið og að viðræður hafi staðið yfir við innanríkisráðuneytið og þá aðila sem stýra málinu frá 2013. „Við vissum ekki betur en að þetta væri allt saman í þannig farvegi að skólarnir væru búnir að koma með sínar upplýsingar og síðan yrði einhver valinn til þess að sjá um námið. Ég botna ekkert í þessu útboðsferli eða út á hvað það á að ganga.“



Lögreglan sinnir margvíslegum störfum. Óvíst er hvaða háskóli mun annast kennslu í lögreglufræðum en gert er ráð fyrir að það skýrist í byrjun næsta mánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Við vissum ekki betur en að þetta væri allt saman í þannig farvegi að skólarnir væru búnir að koma með sínar upplýsingar.**
>
> Vilhjálmur Egilsson



> **Vonast er til þess að hægt verði að auglýsa innan fárra daga og val á háskóla liggi fyrir í byrjun næsta mánaðar.**
>
> Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir



Sigríður Hallgrímsdóttir, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, segir að ekki sé hægt að nota þær upplýsingar sem skólarnir hafi nú þegar látið af hendi til að taka ákvörðun í málinu. „Innanríkisráðuneytið óskaði á sínum tíma eftir tillögum frá skólunum til að nota við vinnslu frumvarpsins, það var ekki í neinu samráði við menntamálaráðuneytið.“

Vilhjálmur telur að það skorti á gæðin í ferlinu og að fyrirvarinn sé stuttur. „Það á auðvitað eftir að auglýsa eftir umsóknum frá nemendum og eftir atvikum velja nemendur,“ segir Vilhjálmur en að hans mati eru skólarnir allir í stakk búnir til að fara af stað með þetta nám með stuttum fyrirvara.

Sigríður tekur undir með Vilhjálmi og telur skólana vera þrautþjálfaða í því að setja upp námsbrautir sem þessar. „Þetta mun nást í tæka tíð því skólarnir eru með infrastrúktúrinn fyrir, þetta gengur inn í háskólana sem eru með alla innviði svo ferlið í sjálfu sér mun ganga vel,“ segir Sigríður.

thordis@frettabladid.is




Fjáröflunarmarkaðir Fjölskylduhjálpar Íslands
Iðufell 14, Reykjavík, Hamraborg 9, Kópavogi og Baldursgata 14, Keflavík




SMÁRALIND

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# 131 fluttur úr landi með lögregluvaldi

**Árið 2015 annaðist lögregla að beiðni Útlendingastofnunar fylgd 123 einstaklinga frá landinu og það sem af er ársins 2016 eru þeir orðnir 131. Aðgerð lögreglu í Laugarneskirkju hefur verið harðlega gagnrýnd. Yfirmaður alþjóðadeildar biður skýrslu frá lögreglumönnum sem tóku þátt í aðgerðinni.**

**LÖGREGLUMÁL** Verkefnum alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra hefur fjölgað mikið síðustu tvö ár samhliða auknum fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd. Á síðasta ári stóð alþjóðadeild að 69 framkvæmdum þar sem 123 einstaklingum var fylgt með lögregluvaldi úr landi. Það sem af er ársins 2016 er þeir orðnir 131.

Aðgerð lögreglu í Laugarneskirkju var að beiðni Útlendingastofnunar. Sérsveit lögreglu aðstoðaði alþjóðadeild við aðgerðina. Myndband sem sýndi aðgerð lögreglu vakti óhug með almenningi. Á því sést lögreglumaður slá til ungs manns sem var viðstaddur brottflutninginn. Þá sjást Írakarnir tveir sem voru handteknir og fluttir til Noregs dregnir eftir kirkjugólfinu. Séra Kristín Tómasdóttir, sóknarprestur í Laugarneskirkju, sagði aðfarir lögreglu harkalegar og þörf á breytingum sem tækju mið af mannúð. „Stjórnvöld verða að hætta að skýla sér á bak við Dyflinnarreglugerðina í stað þess að veita hverjum einstaklingi efnislega meðferð og þannig sýna honum þá virðingu sem hann á skilið,“ sagði Kristín.

Siðmennt tekur undir gagnrýni Kristínar á að Útlendingastofnun og lögregla beiti harkalegum aðgerðum við brottvísun flóttamanna, í stað þess að láta mannúðarsjónarmið ráða ferðinni. Fjórir Írakar fengu vernd í meðferð Útlendingastofnunar í maímánuði eftir efnislega meðferð. Írakarnir tveir sem voru sóttir af lögreglu voru hins vegar sendir til Noregs samkvæmt Dyflinnarreglugerðinni.

Jón Bjartmars, yfirmaður alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra, segir nú verið að taka saman skýrslur frá lögreglumönnum sem komu að framkvæmd málsins. „Ávallt er reynt að haga framkvæmd með sem mildilegasta hætti,“ segir Jón spurður um hvert leiðarljós lögreglumanna er við aðgerðir sem þessar.

Athygli vakti að sérsveit ríkislögreglustjóra tók þátt í aðgerðunum. Jón segir sérsveit ekki alltaf kallaða til. „Nei, það fer eftir því mati sem liggur fyrir í hverju tilviki fyrir sig,“ segir Jón. Hann bendir á að ríkislögreglustjóri hafi ítrekað bent á þörf á auknum mannafla til embætta lögreglu.

kristjanabjorg@frettabladid.is



**Jón Bjartmars, yfirmaður alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra**

**131**
einstaklingur hefur farið í lögreglufylgd á þessu ári.

**123**
einstaklingar fóru í lögreglufylgd úr landi á síðasta ári.

**4**
Írakar fengu vernd í maímánuði.

## Lentar á Spáni



Michelle Obama, forsetafrú í Bandaríkjunum, er í fararbroddi út úr þotunni við komuna á herflugvöllinn Torrejon de Ardoz í Madríd á Spáni í gær. Á eftir henni koma dætur forsetahjónanna, Malia og Sasha, og svo móðir hennar, Marian Shields Robinson. Forsetafrúin er á Spáni til að fylgja eftir lærdómsátakinu Let Girls Learn sem hleypt var af stokkunum í mars í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Nýsjálenskur bær lofar nýbúum 20 milljónum

**NÝJA-SJÁLAND** Bærinn Kaitangata á Nýja-Sjálandi á við einstakt vandamál að stríða en þar er fjöldi lausra starfa og mikið laust húsnæði en of fáir íbúar. Bæjarstjórnarmenn í þessum átta hundruð manna bæ reyna nú að laða að íbúa með spennandi tilboði.

Þeir sem flytja til bæjarins fá hús og land fyrir rétt rúmar 20 milljónir íslenskra króna. Vonast er til þess að koma einnig í veg fyrir brottflutning með þessu móti.

Um þúsund laus störf eru í héraðinu og bara tveir ungir atvinnulausir í bænum. Helstu atvinnurekendur á svæðinu tengjast frumatvinnugreinum. Hingað til hafa þeir verið með starfsmenn sem koma með rútum í allt að klukkutíma fjarlægð frá verksmiðjunum.

Í The Guardian er haft eftir Evan Dick mjólkurbónda að samfélagið sé gamaldags. „Við læsum ekki húsunum okkar, börnin hlaupa frjáls. Við erum með störf, og húsnæði, en vantar bara fólk. Við viljum gæða bæinn lífi á ný og bíðum með opinn faðminn.“ – sg


**Mercedes-Benz**
**Ljúfir gæðabílar – en smá notaðir**
**Kíktu á úrvalið á www.notadir.is**

Mercedes-Benz



**E 220 CDI**
Árgerð 2014, ekinn 12 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.
Búnaður:
LED dagljósabúnaður, Metallic lakk, Artico leður, nálgunarvarar, Avantgarde útfærsla o.fl.
**Verð 7.650.000 kr.**
**Afb./mán. 64.500 kr.***



**GL 350 4MATIC**
Árgerð 2012, ekinn 26 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 211 hö.
Búnaður:
Nálgunarvarar, LED innilýsing, On/Off Road pakki með lágu drifi, 19“ álfelgur, skrautlistar o.fl.
**Verð 11.990.000 kr.**
**Afb./mán. 101.200 kr.***



**B 180 NTG**
Árgerð 2011, ekinn 45 þús. km, sjálfskiptur, bensín/metan.
Búnaður:
Krómpakki, 16“ álfelgur, bakkskynjarar, hiti í framsætum, loftkæling o.fl.
**Verð 3.490.000 kr.**
**Afb./mán. 25.500 kr.***

*Mánaðargreiðsla m.v. 50% útborgun og lán í 84 mánuði. Vextir 9,25%, árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,9–10,98%

Klettháls 2 • 110 Reykjavík • Sími 590 2160 •
**Opið** virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 12–16

ASKJA
**NOTAÐIR BÍLAR**
www.notadir.is

F&F

# ÚTSALA

30-70%
AFSLÁTTUR

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.

# Enn meiri misskipting í heiminum segir í nýrri skýrslu UNICEF

**FÉLAGSMÁL** Yfir helmingi færri börn látast fyrir fimm ára aldur og nærri helmingi færri búa í dag við fátækt en 1990. Þá er aðgangur stúlkna og drengja að menntun jafn í 129 löndum. Þetta eru dæmi um góðan árangur sem náðst hefur frá því að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var samþykktur árið 1989.

Í árlegri skýrslu UNICEF er árangurinn dreginn fram og um leið áskoranir sem eru til staðar. Barnadauði er helmingi minni en fátækustu börnin eru samt tvöfalt líklegri til að deyja fyrir fimm ára afmæli sitt en þau sem standa best efnahagslega.

UNICEF segir að vegna þessa sé mikilvægt að þegar unnið sé að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sé sérstök áhersla lögð á að ná sem fyrst til þeirra sem verst standa.

„Þegar misskipting hefur svona alvarleg áhrif á líf milljóna barna verðum við að bregðast við. Skýrslan sýnir okkur að það hvílir ekki bara siðferðileg skylda á okkur til að grípa til aðgerða, heldur geti þær aðgerðir haft töluverðan efnahagslegan ávinning sem bæti velferð barna og samfélagsins í heild,“ segir Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi. – **ebg**

**Þegar misskipting hefur svona alvarleg áhrif á líf milljóna barna verðum við að bregðast við.**



Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

### Miðað við þróun mála munu árið 2030 …

**69 milljón** börn undir 5 ára aldri deyja vegna sjúkdóma sem að mestu er auðvelt að lækna.

**167 milljón** börn enn búa við sára fátækt. 90% þeirra í Afríku sunnan Sahara.

**60 milljón** börn á grunnskólaaldri vera utan skóla. Meira en helmingur í Afríku sunnan Sahara.

**120 milljón** börn þjást af vanþroska vegna vannæringar.

**750 milljón** konur vera í hjónaböndum sem þær voru þvingaðar í sem stúlkur.



**Glaðir krakkar í skólastofu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Vilja banna arabísku í skólum

**DANMÖRK** Danski þjóðarflokkurinn vill banna arabískum börnum að tala móðurmál sitt í grunnskólum í Danmörku, bæði í kennslustundum og frímínútum.

Yfirlýsing flokksins kom í kjölfar niðurstöðu doktorsrannsóknar þar sem sýnt var fram á að arabískumælandi nemar í tveimur skólum, þar sem eru margir tvítyngdir nemendur, hæddust að nemendum og kennurum sem ekki skildu hvað þeir voru að ræða sín á milli.

Haft er eftir Marin Henriksen, þingmanni Danska þjóðarflokksins, að búi maður í Danmörku eigi maður að tala dönsku. Flokkurinn er reiðubúinn að refsa foreldrum með því að svipta þá barnabótum og öðrum styrkjum tali börn þeirra arabísku í skólanum. – **ibs**



**Starfsmaður Valio Group, finnsks fyrirtækis sem framleiðir mjólkurvörur.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Þúsundir Finna flytja úr landi

**FINNLAND** Finnum sem flytja úr landi í kjölfar efnahagsþrenginganna fjölgar stöðugt. Árið 2010 fluttu 11.905 Finnar úr landi en árið 2015 hafði brottfluttum fjölgað í 16.305. Af þeim sem fluttu úr landi 2015 fluttu rúmlega þrjú þúsund til Svíþjóðar, að því er sænska blaðið Dagens Nyheter greinir frá.

Haft er eftir Juhana Vartiainen, þingmanni eins stjórnarflokkanna í Finnlandi, að enn sé of lítið vitað um brottflutninginn. Þingmaðurinn óttast að það sé helst ungt og langskólagengið fólk sem flytur úr landi en atvinnuleysi heldur áfram að aukast í Finnlandi. – **ibs**

# Hækkandi aldur þjóðarinnar þrýstir á frjálst flæði vinnuafls

**Spáð er að hlutfall 65 ára og eldri á Íslandi fari yfir fimmtung af heildaríbúafjölda eftir 45 ár. Skortur á vinnuafli er fyrirsjáanlegur. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir að hækka þurfi lífeyrisaldur, stytta skólagöngu og opna íslenskan atvinnumarkað erlendu vinnuafli. Örorkumat verði starfsgetumat.**

**VINNUMARKAÐSMÁL** Gert er ráð fyrir miklum breytingum á samsetningu mannfjöldans á Íslandi á næstu áratugum.

Í spá Hagstofu Íslands segir að árið 2049 verði landsmenn sem eru 65 ára eða eldri í fyrsta sinn fjölmennari en þeir sem eru yngri en tvítugir og að eftir einungis tuttugu ár verði 20 prósent þjóðarinnar orðin 65 ára og eldri.

Ein af fyrirsjáanlegum afleiðingum öldrunar þjóðar er aukið álag á heilbrigðis- og umönnunarkerfið. Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), segir að til að mæta aukinni þörf fyrir mannafla sem fylgi þróuninni þurfi að hækka lífeyrisaldur hér á landi, breyta örorkumati yfir í starfsgetumat og stytta skólagöngu fólks, allt til að nýta alla starfskrafta á vinnumarkaði.

Hækkun lífeyrisaldurs er einmitt eitt ákvæða almannatryggingafrumvarps húsnæðis- og félagsmálaráðherra. Frumvarpið hefur verið í vinnslu í ellefu ár.

„Það er ljóst að vinnumarkaðurinn þarf að verða sveigjanlegri en kerfið þarf líka að styðja við breytingarnar og þar hafa stjórnvöld verið of svifasein til aðgerða,“ segir Þorsteinn. „Þetta er þriðja atlagan til að gera nauðsynlegar umbætur á almannatryggingakerfinu en það strandar alltaf einhvers staðar.“

Þorsteinn segir einnig ljóst að öldrun þjóðar fylgi aukinn innflutningur vinnuafls og líta þurfi á það jákvæðum augum að fólk utan EES komi til landsins í leit að vinnu. „Við höfum aðgang að stórum vinnumarkaði í Evrópu en sá markaður er að hluta til að glíma við sama vandamál og við.“

Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, tekur undir orð Þorsteins. Hann segir fólk utan EES eiga erfitt með að fá atvinnuleyfi á Íslandi, jafnvel þótt fyrirtæki vilji ráða það til starfa.




**Hröð öldrun þjóðarinnar næstu áratugi kallar á breytingar á vinnumarkaði með aðstoð stjórnvalda að mati framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




**Það er ljóst að vinnumarkaðurinn þarf að verða sveigjanlegri en kerfið þarf líka að styðja við breytingarnar og þar hafa stjórnvöld verið of svifasein til aðgerða.**

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins



„Bæði eru reglur um starfsleyfi fyrir erlenda sérfræðinga strangar og einnig ríkar hindranir í heilbrigðisstéttum. Við myndum vilja sjá aukið frjálsræði þegar kemur að þessum tveimur atriðum.“

Viðskiptaráð hefur áður bent á að Íslendingar eigi Norðurlandamet í lögverndun starfa, en lögverndun hér á landi er víðtækari, meira íþyngjandi og yfirgripsmeiri en í grannríkjunum.

„Þetta dregur úr framboði á vinnuafli, sérstaklega í iðn- og heilbrigðisgreinum,“ segir Björn.

**erlabjorg@frettabladid.is**

# Börkur fær ekki að vinna utan fangelsisins

**FANGELSISMÁL** Ákvörðun Fangelsismálastofnunar um að synja Berki Birgissyni, fanga á Sogni, um reynslulausn og vinna utan fangelsisins hefur verið kærð til innanríkisráðuneytisins. Börkur afplánar nú sex ára fangelsisdómi sem hann hlaut haustið 2013 fyrir grófa líkamsárás í janúar 2012. Í mars var Börkur sýknaður af ákæru um að hafa veitt samfanga sínum áverka á Litla-Hrauni sem drógu hann til dauða í maí 2012.



**Sveinn Guðmundsson, verjandi Barkar Birgissonar**

Eftir að Börkur var sýknaður sótti hann um Verndarúrræði hjá Fangelsismálastofnun. Því var synjað á þeim grundvelli að Börkur er með mál í kerfinu, en sýknudómi héraðsdóms var áfrýjað til Hæstaréttar. „Ég set spurningamerki við þetta. Þó það sé ekki komin endanleg niðurstaða fyrir Hæstarétti þá hefur hann stöðu sýknaðs manns. Það má líka benda á að þó það sé mál í kerfinu þá á það ekki að koma í veg fyrir að hann geti fengið þau úrræði sem hann á rétt á. Tafirnar sem hafa orðið á málinu eru ekki honum að kenna á nokkurn hátt,“ segir Sveinn Guðmundsson, verjandi Barkar.

Þá sótti Börkur um að fá að vinna utan fangelsisins í byrjun þessa árs en fékk synjun á grundvelli nýrra laga um fangelsi sem tóku gildi stuttu síðar. Nú þurfa fangar að vera búnir að sitja inni í fimm ár til að geta stundað vinnu utan fangelsisins en áður voru það fjögur ár. „Við sóttum um í tíð eldri laga og það eru þau sem eiga að gilda. Ég tel að hann eigi skýlausan rétt á því að fá vinnu utan fangelsisins,“ segir Sveinn.

Engin svör hafa borist frá ráðuneytinu vegna málsins. – **ngy**

# NÝ HEIMASÍÐA WWW.BILALAND.IS

**VIÐ VERÐUM Í HÁTÍÐARSKAPI Á FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG Í TILEFNI ÞESS AÐ NÝ OG GLÆSILEG HEIMASÍÐA BÍLALANDS ER KOMIN Í LOFTIÐ. VIÐ BJÓÐUM UPP Á MAGNAÐ BÍLAÚRVAL, FRÁBÆR TILBOÐ, PYLSUR OG GOS.**




**PYLSUR OG GOS FRÁ KL. 11–14 FIM. OG FÖS.**

## KOMDU TIL OKKAR Á KLETTHÁLS 11 OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!




RANGE ROVER SPORT V6
Nýskr. 05/12, ekinn 45 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 10.900 þús. kr.**
**TILBOÐ 9.900 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11




HYUNDAI IX35 COMFORT
Nýskr. 05/15, ekinn 36 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 4.990 þús. kr.**
**TILBOÐ 4.290 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11




PORSCHE CAYENNE S HYBRID
Nýskr. 08/14, ekinn 10 þús. km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 13.500 þús. kr.**
**TILBOÐ 10.900 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11




NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 05/14, ekinn 53 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 6.750 þús. kr.**
**TILBOÐ 5.690 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11




SUZUKI GRAND VITARA PREMIUM
Nýskr. 05/14, ekinn 81 þús. km, bensín, beinskiptur.
**Verð áður: 3.890 þús. kr.**
**TILBOÐ 2.890 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
www.facebook.com/bilaland.is

**Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum frá kl. 12-16.**

bílaland

# Efnt til samkeppni um nýtt þinghús

**Alþingi hefur efnt til hugmyndasamkeppni um nýjar byggingar við hlið Alþingishússins fyrir skrifstofur þingmanna og nefndarsvið. Hugmyndum fyrrverandi forsætisráðherra um hús sem byggt yrði á teikningum Guðjóns Samúelssonar hefur verið ýtt til hliðar.**

**ALÞINGI** Auglýst hefur verið eftir tillögum að hönnun nýrrar byggingar fyrir Alþingi á Alþingisreitnum. Gert er ráð fyrir 4.500 fermetra byggingu með 1.200 fermetra kjallara. 75 milljónum var ráðstafað á fjárlögum þessa árs til undirbúnings verkefninu. Byggingin verður nærri núverandi Alþingishúsi, á horni Vonarstrætis og Tjarnargötu.

„Þetta byggir á mjög ítarlegri þarfagreiningu sem upphaflega var unnin á árinu 2008 sem við höfum svo yfirfarið og endurnýjað," segir Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis. Það hafi sýnt sig að mun hagkvæmara væri fyrir Alþingi að byggja eigið hús í stað þess að leigja húsnæði í námunda við Alþingishúsið. Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, bendir á að Alþingi leigi nú rými í öllum húsum við norðurhluta Austurvallar.

„Okkar hugmynd er sú að byggja hús sem myndi hýsa meira og minna alla þjónustustarfsemi við þingið. Þarna verða skrifstofur þingmanna, nefndarsvið Alþingis, fundarsalir og eitt og annað slíkt," segir Einar.

Ekki er stefnt að því að byggja á þingsályktunartillögu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, sem ríkisstjórnin afgreiddi á síðasta ári, um að byggingin yrði unnin eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar frá árinu 1916. „Það hafa ýmsir verið með ágætar hugmyndir. Kjarninn í hugmyndum hans hefur auðvitað verið að byggja þarna hús sem væri í samræmi við það sem fyrir er og væri í eðlilegum tengslum við þinghúsið. Alveg eins og skálinn, viðbótin sem tekin var í notkun árið 2002, hún er eins og sjá má í afar nánum og góðum tengslum við þinghúsið," segir Helgi.

Sigmundur geti því sent inn sína tillögu eins og aðrir.

Skilafrestur er til 25. október en sjö milljónir króna verða veittar fyrir vinningstillöguna og heildarverðlaunafé nemur 14 milljónum króna.

Vonast er til að framkvæmdir hefjist á næsta ári og byggingin verði tekin í notkun um áramótin 2019/2020. Miðað hefur verið við að kostnaður við framkvæmdirnar nemi um 2,3 milljörðum. ingvar@frettabladid.is

**Okkar hugmynd er sú að byggja hús sem myndi hýsi meira og minna alla þjónustustarfsemi við þingið.**



Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis

**Kjarninn í hugmyndum hans hefur auðvitað verið að byggja þarna hús sem væri í samræmi við það sem fyrir er og væri í eðlilegum tengslum við þinghúsið.**



Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis

**7,0**

**milljóna króna verðlaun eru veitt fyrir þá tillögu sem verður fyrir valinu.**



Alþingisgarðurinn verður í óbreyttri mynd enda hið nýja þinghús við hlið Alþingishússins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





NÝR ISUZU D-MAX
VERÐ FRÁ 5.790.000 BEINSKIPTUR, 6 GÍRA

NÝTT MEIRI DRÁTTARGETA
3500KG

100 HISTORIC YEARS Founded 1916 ISUZU

ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI OG STERKASTI PALLBÍLL SEM UM GETUR
EYÐSLA AÐEINS 7,4 l/100 km*

TILBOÐ
NÚNA FYLGIR ÖLLUM ISUZU D-MAX DRÁTTARBEISLI OG HEITKLÆÐNING Á PALLINN

*Miðað við eyðslutölur frá framleiðanda á beinskiptum bíl í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM74813

GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is


DEBENHAMS
Sumar
ÚTSALAN
ER HAFIN
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM
Í DAG ER 50% AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM HERRASKÓM Á ÚTSÖLU
KONUR • herrar • BÖRN • skór
OPIÐ TIL 21:00 Í KVÖLD
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND

# Íslamska ríkið grunað um árásina

**Forseti Tyrklands grunar Íslamska ríkið um árás á Atatürk-flugvöll. Fjörutíu og einn fórst í árásinni. Forsetinn kallar eftir samstöðu alþjóðasamfélagsins í baráttunni við hryðjuverkamenn, eigi ekki að fara verr. Alls hafa 140 fallið í átta hryðjuverkaárásum frá áramótum.**

**TYRKLAND** Þjóðarsorg var um allt Tyrkland í gær. Allt að 41 er nú talinn látinn eftir skot- og sprengjuárás á Atatürk-flugvöllinn í Istanbúl, fjölmennustu borg landsins, í fyrradag. Þar af voru 13 ferðamenn. 239 eru særðir eftir árásina, þar af liggja 109 enn á spítala. Frá þessu greindi Vasip Şahin, borgarstjóri Istanbúl, í gær.

Hreingerningarstarfsfólk vann í alla fyrrinótt við að sópa upp glerbrotum á meðan viðhaldi var einnig sinnt á gólfflísum og ýmsum raftækjum. Þá gekk þungvopnað öryggisgæslulið um flugvöllinn í gær.

Þrír hryðjuverkamenn gerðu árás á komusal flugvallarins og bílastæði við salinn með byssum. Þegar lögreglumenn mættu á vettvang og skutu á mennina sprengdu þeir sig í loft upp. Ekki hafa verið borin kennsl á lík árásarmannanna. Þó segist CNN hafa heimildir fyrir því að enginn þeirra hafi verið tyrkneskur ríkisborgari.

Binali Yildirim, forsætisráðherra Tyrklands, sagði við fjölmiðla í gær að upplýsingar frá rannsóknarlögreglu bentu til þess að hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki beri ábyrgð á árásinni. Það sé þó ekki víst enda rannsókn ekki lokið. „Hryðjuverkamennirnir komu til flugvallarins í leigubíl og réðust síðan á fólk. Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þeir hafi skotið úr byssum sínum allir þrír og síðan sprengt sig í loft upp,“ sagði Yildirim. Þá greinir CNN frá því að heimildarmenn stöðvarinnar innan CIA segi Íslamska ríkið líklega hafa staðið að árásinni eða að minnsta kosti hóp sem sæki innblástur til Íslamska ríkisins.



**Glerbrot á gólfi Ataturk-flugvallar áður en þau voru hreinsuð upp.** NORDICPHOTOS/AFP

**Ef gjörvallt mannkyn slæst ekki í för með okkur í baráttunni gegn hryðjuverkum munu mun verri árásir en við getum ímyndað okkur eiga sér stað.**

Recep Tayyip Erdoğan, forseti Tyrklands



**Átta hryðjuverkaárásir hafa verið gerðar í Tyrklandi frá áramótum, þar af fjórar í Istanbúl.**

Recep Tayyip Erdoğan, forseti Tyrklands, kallaði í gær eftir því að alþjóðasamfélagið sameinaði krafta sína til að berjast gegn hryðjuverkum í kjölfar árásarinnar. „Í augum hryðjuverkasamtaka er enginn munur á Istanbúl og Lundúnum, Ankara og Berlín, Izmír og Chicago eða Antalya og Róm,“ sagði forsetinn. „Ef gjörvallt mannkyn slæst ekki í för með okkur í baráttunni gegn hryðjuverkum munu mun verri árásir en við getum ímyndað okkur eiga sér stað.“

Átta hryðjuverkaárásir hafa verið gerðar í Tyrklandi frá áramótum, þar af fjórar í Istanbúl. Alls hafa um 140 fallið í árásunum átta, flestir í árásinni í fyrradag. Herskár armur Verkamannaflokks Kúrda (PKK) hefur lýst yfir ábyrgð á fimm árásum. Íslamska ríkinu hefur verið kennt um hinar þrjár.

thorgnyr@frettabladid.is





Á hverjum föstudegi í allt sumar fá tveir kort-/lykilhafar Orkunnar tankinn endurgreiddan að fullu.

Í lok hvers mánaðar fær svo einn þátttakandi í sumarleiknum 100.000 kr. eldsneytisinneign.

**Skráðu þig núna á orkan.is.**

ORKAN




**Írskir dagar eru árviss bæjarhátíð á Akranesi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Undir 23 ára fá ekki að tjalda á Írskum dögum

**SAMFÉLAG** Akraneskaupstaður bannar einstaklingum undir 23 ára aldri að nýta sér tjaldstæði bæjarins meðan Írskir dagar eru haldnir hátíðlegir um næstu helgi. Gerð er undantekning á reglunni fyrir barnafólk.

Þessar reglur hafa verið í gildi í nokkur ár, aðeins umrædda helgi. Þurfti bæjarfélagið að setja sér þessar reglur þar sem fylliríi og hávaði truflaði gesti hátíðarinnar að næturlagi.

Regína Ástvaldsdóttir, bæjarstjóri á Akranesi, segir annað tjaldsvæði fyrir lögráða fólk undir 23 ára aldri ekki vera til í bæjarfélaginu og því geti þessi hópur ekki tjaldað á bæjarhátíðinni sem hefur að mestu farið vel fram síðustu ár. „Þessar reglur voru settar fyrir nokkrum árum og hefur þeim verið fylgt síðustu ár. Fólki undir 23 ára aldri er vísað frá tjaldstæðinu nema ef um barnafólk er að ræða,“ segir Regína. „Því miður reyndist nauðsynlegt að setja þessar reglur á sínum tíma, en þær eru vissulega umdeildar. Fólk undir 23 ára aldri getur þar af leiðandi ekki tjaldað hjá okkur á írskum dögum.“ – **sa**

**Því miður reyndist nauðsynlegt að setja þessar reglur á sínum tíma, en þær eru vissulega umdeildar.**

Regína Ástvaldsdóttir, bæjarstjóri á Akranesi






# BIOTHERM KYNNING

Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRALIND, HOLTAGÖRÐUM, SKEIFUNNI, SPÖNGINNI, GARÐABÆ, SELFOSSI OG AKUREYRI 30. JÚNÍ TIL 7. JÚLÍ.

**20%** AFSLÁTTUR AF AQUASOURCE KREMUM, LAIT CORPOREL 400 ML, BB HÚÐMJÓLKINNI OG SJÁLFBRÚNANDI VÖRUM.

**20%** AFSLÁTTUR AF AQUAPOWER HERRALÍNUNNI.



Flottar sundtöskur eða Biotherm handklæði fylgja þegar þú kaupir BIOTHERM vörur fyrir 7.800 kr eða meira. Gildir meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# FLOTT EM SUMARTIL

## ÓSKUM STRÁKUNUM OKKAR TIL HAMINGJU MEÐ FRÁBÆRAN Á

KANARÍ



Enska ströndin
### CORONA BLANCA ★★
Fæði | Strönd 400 m

Verð frá **66.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð með einu svefnherbergi. **20. – 27. júlí.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 83.900 kr.

Einn eftirsóttasti gististaðurinn hjá Íslendingum undanfarin ár, enda á frábærum stað við Kasbah-torgið. Á hótelinu er góð þjónusta og sundlaugargarður.

KANARÍ - HÁLFT FÆÐI



Enska ströndin
### EUGENIA VICTORIA ★★★
Net | Skemmtidagskrá | Fæði | Strönd 500 m

VERÐ FRÁ **89.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 barn í tvíbýli - hálft fæði. **20. – 27. júlí**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 101.900 kr.

Vel staðsett 3ja stjörnu hótel á Ensku ströndinni. Verslanir, veitingastaðir og barir í næsta nágrenni. Einstaklega fallegur og rúmgóður sundlaugagarður.

KANARÍ / ALLT INNIFALIÐ



Enska ströndin
### IFA BUENAVENTURA ★★★
Net | Skemmtidagskrá | Fæði | Strönd 1 km

VERÐ FRÁ **83.600 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli, allt innifalið. **6.–13. júlí.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna 92.900 kr.

Hotel IFA Buenaventura er mjög þægilegt og gott 3ja stjörnu hótel á góðum stað á Ensku Ströndinni. Stutt er í alla þjónustu, matvörumarkaði, verslanir og veitingahús.

ALMERIA / STÓR FJÖLSKYLDUGISTING



Roquetas de Mar
### PIERRE VACANCES ★★★
Net | Strönd 500 m

VERÐ FRÁ **63.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 2 svefnh. **7.–14. júlí.** Verð á mann m.v. 2 fullorðna 99.900 kr.

Glæsilegar íbúðir með 2 svefnherbergjum. Sundlaug og barnalaug. Ekkert fæði er í boði en lítill bar er á svæðinu. Góður kostur fyrir stórar fjölskyldur.

ALMERÍA



Roquetas de Mar
### MARACAY ★★
Fæði | 150 m Strönd

Verð frá **86.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. **7. - 14. júlí.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 119.800 kr.

Maracay er tveggja stjörnu íbúðargisting staðsett um 15 mín göngufjarlægð frá miðbæ Roquetas de Mar og í 150 metra fjarlægð frá ströndinni.

ALBÍR



Albír
### ALBIR PLAYA★★★★
Net | Fæði | Strönd 150 m

VERÐ FRÁ **63.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með morgunverði **1. - 6. júlí.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 75.800 kr.

Albir Playa er rétt hjá listamannabænum Altea og Benidorm sem iðar af mannlífi á sumrin. Ein besta gisting sem völ er á í Albir. Herbergi nýtískuleg og hlýleg.

*Athugið, með fyrirvara um prent

**TRYGGÐU ÞÉR BESTU GISTINGUNA Í TÍMA • KANARÍ VERÐ FRÁ 57.900 KR. • MALLORCA VERÐ FRÁ 75.900 KR. • TENERIFE VERÐ FRÁ 83.900 KR. • ALME**

ÚRVAL ÚTSÝN

**AFSLÁTTARKÓÐI EMSÓL**

NOTAÐU KÓÐANN Á UU.IS OG FÁÐU FERÐINA Á LÆGRA VERÐI FYRIR HVERN FARÞEGA!

**ÁFRAM ÍSLAND!**

**SKRÁÐU ÞIG Í NETKLÚBBINN OKKAR, EF ÍSLAND VINNUR DRÖGUM VIÐ ÚT GLÆSILEGAN VINNING.**

# BOÐ Í FULLUM GANGI

## ÁRANGUR OG GÓÐS GENGIS GEGN FRÖKKUM. ÁFRAM ÍSLAND!

MALLORCA / 2 VIKUR



Magaluf

### MELIA ANTILLAS CALVIA ★★★★

Net | Barnaklúbbur | Fæði | Strönd 50 m

Verð frá **249.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með morgunverði. 19. júlí – 2. ágúst.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 289.000 kr.

Flott 4ra stjörnu hótel á Calvía ströndinni sem er í einungis 10 mín göngufjarlægð frá miðbæ Magaluf. Fallegar strendur sem þekktar er fyrir tæran, girnilegan sjó.

MALLORCA / 2 VIKUR




Alcudia

### SOL ALCUDIA CENTER ★★★

Net | Skemmtidagskrá | Fæði | Strönd 150 m

VERÐ FRÁ **119.000 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. 5. -19. júlí. 2 vikur
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 179.900 kr.

Staðsett á fallegum stað, 150 metra frá strönd. Íbúðirnar eru rúmgóðar. Boðið upp á fjölbreytta skemmtidagskrá á kvöldin fyrir fullorðna og börn.

## DAGSETINGAR Á EM TILBOÐSVERÐI

**ALMERÍA**
21., OG 28. JÚLÍ, 18. ÁGÚST OG 1. SEPTEMBER

**KANARÍ**
6., 13. OG 20 JÚLÍ OG 17., 24., OG 31 ÁGÚST

**MALLORCA**
5., 19. JÚLÍ, 30. ÁGÚST OG 13., 20. SEPT.

**ALICANTE, BENIDORM OG ALBÍR**
13., 20., 22. JÚLÍ OG 19., 31. ÁGÚST

★★★★★ 5 STJÖRNU LÚXUS Á TENERIFE

TENERIFE



Playa de las Americas

### VILLA CORTES ★★★★★

Net | Barnaklúbbur | Fæði | Strönd 150 m

Verð frá **159.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með morgunverði. 16. – 23. júlí.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 185.900 kr.

Frábært fimm stjörnu gisting í fyrsta flokki. Allt hótelið er í mexíkóskum stíl. Hótel fyrir þá kröfuhörðustu sem vilja slökun og rólegheit ásamt því að njóta mestu þæginda.

TENERIFE / HÁLFU FÆÐI



Costa Adeje

### OCEAN VIEW ★★★★

Net | Fæði | Strönd 500 m

Verð frá **129.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna í junior svítu með hálfu fæði,20. – 27. ágúst.
Hótel aðeins fyrir fullorðna.

Glæsilegt fjögurra stjörnu hótel staðsett á Costa Adeje ströndinni. Það er fallega hannað með útsýni yfir hafið. Hótelið er aðeins fyrir 16 ára og eldri.

BENIDORM / HÁLFT FÆÐI



Benidorm

### BALI ★★★★

Net | Skemmtidagskrá | Fæði | Strönd 300 m

Verð frá **112.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði 12.–22. júlí. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 139.900 kr.

Vel staðsett á Costa Blanca. Stór og fallegur sundlaugargarður, leiksvæði, heilsurækt og spa. Lifandi tónlist á hverju kvöldi. Hálft eða fullt fæði. Stutt í verslunarmiðstöð og Terra Mitica.

**RÍA VERÐ FRÁ 64.500 KR. • ALBÍR VERÐ FRÁ 79.900 KR. • BENIDORM VERÐ FRÁ 79.900 KR. • INNIFALIÐ; FLUG, GISTING, ÍSLENSK FARARSTJÓRN OG TASKA**

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

# Ástand heimsins













1. Úkraínskur maður stendur við auglýsingaskilti frá úkraínska hernum í Kænugarði þar sem ungmenni eru hvött til að sækja um störf í hernum. NORDICPHOTOS/AFP

2. Mongólskur karlmaður heldur á barni á leið sinni á kjörstað. Kosið var til þings í Mongólíu í gær en kosið er á fjögurra ára fresti. NORDICPHOTOS/AFP

3. Flóðgáttir Xiaolangdi-stíflunnar voru opnaðar í gær og Gulá streymdi í gegn um stífluna sem stendur nærri borginni Luoyang í Henan-héraði. Flóðgáttirnar eru opnaðar árlega til að losa um milljónir tonna af jarðvegi sem safnast hefur upp. NORDICPHOTOS/AFP

4. Síkar safnast saman í grafhýsi Maharaja Ranjit Singh í austurhluta borgarinnar Lahore í Pakistan til að minnast þess að 177 ár eru liðin frá dauða hans. Singh var stofnandi og keisari heimsveldis Síka á nítjándu öldinni. NORDICPHOTOS/AFP

5. Rohingya-múslimar leita að verðmætum í rusli í flóttamannabúðum sínum við borgina Hyderabad á Indlandi. Rúmlega þúsund Rohingya-múslimar hafa flúið frá Búrma vegna ofsókna undanfarið. NORDICPHOTOS/AFP



markhönnun ehf

nettó

# ALLT FYRIR FERÐALAGIÐ & EM VEISLUNA

ÁFRAM ÍSLAND

ÍSLAND Á EM

-10%

KOMA SVO!

-20%

KIELBASA PYLSUR,
5 STK - 250 G
ÁÐUR: 339 KR/PK
**305 KR**

LAMBALÆRISNEIÐAR
PAPRIKA, LAUKUR, CHILLI
ÁÐUR: 2.898 KR/KG
**2.318 KR KG**

ÍSLAND Á EM

ÁFRAM ÍSLAND

CARAMEL WAFERS
5PK - 146 G
ÁÐUR: 329 KR/PK
**299 KR**

KOMA SVO!

BRIOCHE - 2 STK
HAMBORGARABRAUÐ
ÁÐUR: 169 KR/PK
**155 KR**

SKORA ÍSLAND SKORA

-20%

GULRÓTARBRAUÐ
ÁÐUR: 598 KR/STK
**478 KR**

MARS 4PK - 146 G
ÁÐUR: 349 KR/PK
**299 KR**

-30%

BERLÍNARBOLLA
165 G
ÁÐUR: 199 KR/STK
**139 KR**

KINDER BUENO 3PK - 129 G
ÁÐUR: 399 KR/PK
**339 KR**

KOMA SVO!

-20%

PFANNER LÍFRÆNN SAFI - 1 L
GOLD MIXED FRUITS,
ROSSO MIXED FRUITS
ÁÐUR: 269 KR/STK
**215 KR**

PFANNER SAFI - 1 L
6 TEG
ÁÐUR: 249 KR/STK
**199 KR**

KOMA SVO!

6 – Á VERÐI – 4

-33%

SKORA ÍSLAND SKORA

PEPSI 6PK - 2 L
6 FLÖSKUR Á VERÐI 4
ÁÐUR: 1.196 KR/PK
**796 KR**

# ÁFRAM ÍSLAND

**www.netto.is | Tilboðin gilda 30. júní – 3. júlí 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# NEYTENDUR



Útlit er fyrir að bæði bláberja- og krækiberjaspretta verði góð, að sögn Sveins Rúnars Haukssonar, læknis og berjavinar.

## Góðar berjahorfur víðast hvar

„Það er ekki hægt annað en að vera bjartsýnn. Maímánuður var óvenjuhlýr og hitastigið í þeim mánuði skiptir hvað mestu máli fyrir bláberjasprettuna auk þess sem vætan þarf að vera hæfileg. Þar sem ég hef náð að skoða og af því sem ég hef heyrt er berjaspretta fyrr á ferðinni en við eigum að venjast og ég hef grun um að hún verði góð víðast hvar á landinu,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og berjavinur.

Hann getur þess að vinur hans í Fljótunum sé svo bjartsýnn að hann telji að hægt sé að byrja að tína eftir þrjár vikur. „Ég er sammála því að búast megi við því að þetta sé tveimur til þremur vikum fyrr en í fyrra og ég gæti trúað að fljótlega eftir verslunarmannahelgina væri alveg hægt að fara að gá að berjum en ég geri ekki ráð fyrir að fólk fari að tína fyrr en um miðjan ágúst.“

Sjálfur kveðst Sveinn Rúnar aðallega hafa tínt í upphafi septembermánaðar í fyrra. „Ég sé það á berjaöskjunum sem ég tek úr frystinum og er að setja út á hafragrautinn. Þær eru merktar 4. og 5. september. Ég var að tína þá og í blálokin í ágúst. Víða voru berin varla þroskuð og á þessum tíma getur maður átt von á næturfrosti hvenær sem er.“

Núna lítur út fyrir að bæði bláberjaspretta og krækiberjaspretta verði góð, að sögn Sveins. „Það þarf ekki að fara út fyrir Reykjavík til að sjá það. Ef maður lítur niður fyrir sig, til dæmis í Elliðaárdalnum, sér maður sætukoppana á berjalynginu. Hjá vini mínum í Stykkishólmi, þar sem ég kem reglulega við, eru krækiberin meira að segja farin að dökkna. Ég fann ekki almennileg krækiber í fyrra. Ég hef aldrei verið svona fátækur af hrásaft og í vetur.“
– ibs




Snapchat er ört vaxandi samfélagsmiðill sem notaður er í auknum mæli við markaðssetningu. NORDICPHOTOS/AFP

# Óheimilt að leyna auglýsingum

**Sífellt fleiri bloggsíður og einstaklingar halda úti Snapchat-aðgangi og dæmi eru um að miðillinn sé notaður í auglýsingaskyni. Samkvæmt reglum Neytendastofu skal taka fram ef um kostaða umfjöllun er að ræða.**

Duldar auglýsingar eru bannaðar hér á landi og taka þarf fram að um auglýsingu sé að ræða þegar greitt er fyrir umfjöllun um vöru eða þjónustu á samfélagsmiðlum. Snapchat er ört vaxandi samfélagsmiðill og eru daglegir notendur Snapchat orðnir 150 milljónir talsins en einungis fjögur ár eru síðan miðillinn var stofnaður.

Færst hefur í auka að einstaklingar og bloggsíður haldi úti opnum aðgangi á samfélagsmiðlinum Snapchat. Þar er miðillinn notaður til að sýna hluti úr daglegu lífi, en einnig hefur mikið borið á því að fjallað sé um vörur frá fyrirtækjum. Þá eru dæmi um að það sé gert gegn greiðslu eða gegn því að fá afslátt eða annað endurgjald af vörunni.

„Við höfum séð fólk vilja nýta sér Snapchat í markaðssetningu, en markaðurinn er aðeins erfiðari og öðruvísi en hinir hefðbundnu auglýsingamiðlar,“ segir Magnús Magnússon, sérfræðingur í netmarkaðsmálum hjá Íslensku auglýsingastofunni, en mikill meirihluti Snapchat-notenda er undir 25 ára aldri.

Neytendastofa hefur gefið út leiðbeiningar um auðþekkjanlegar auglýsingar sem byggðar eru á samnorrænum reglum þar sem kemur fram að ef greitt er fyrir umfjöllun, eða annað endurgjald kemur fyrir umfjöllun um vöru eða þjónustu á samfélagsmiðli, þá er um auglýsingu að ræða.

> **Við höfum séð fólk vilja nýta sér Snapchat í markaðssetningu, en markaðurinn er aðeins erfiðari og öðruvísi en hinir hefðbundnu auglýsingamiðlar.**
>
> 
>
> Magnús Magnússon

Einnig kemur þar fram að neytendur eigi lagalegan rétt á því að vita hvenær verið er að reyna að selja þeim eitthvað. „Það er ekki nægilegt að neytendur átti sig á samhenginu í umfjölluninni heldur þarf að koma skýrt fram að um auglýsingu sé að ræða,“ segir Matthildur Sveinsdóttir, lögfræðingur hjá Neytendastofu.

Matthildur segir Neytendastofu hafi fengið á borð til sín mál sem varða bloggsíður en að ekki hafi borist kvartanir né ábendingar varðandi Snapchat. „Neytendastofa hefur gert athugasemdir við bloggara en engar formlegar ákvarðanir hafa verið teknar. Hingað til hefur alltaf verið farið eftir þeim athugasemdum sem stofnunin hefur gert.“

„Um allan heim eru svokallaðir „inflúenserar“ eða áhrifavaldar sem eru að verða mjög vinsælir,“ segir Magnús en alþekkt er í öðrum löndum að vinsælum Snapchat-notendum sem hafa marga fylgjendur sé boðið að fá vörur eða greiðslu í skiptum fyrir að fjalla um vörurnar.
thordis@frettabladid.is.

Ferðumst saman með IceMaps.com

Með því að samnýta ferðir um landið getur þú sparað pening, kynnst frábæru fólki og verndað umhverfið!

Á IceMaps.com getur þú skoðað ferðir annarra og skráð þína eigin ferð á milli allra helstu staða á Íslandi

Það er auðvelt að deila fari, kynntu þér málið á IceMaps.com



Ráð
Heimilið



## Þurrkun kryddjurta

Ef safna á kryddjurtum markvisst til að þurrka eða frysta er gott að byrja snemma sumars að klippa af plöntunni þegar hún er í örum vexti. Á þetta er bent í bókinni Kryddjurtarækt fyrir byrjendur.

Þar segir að sé kryddjurtin ræktuð inni sé nóg að hreinsa burt ryk og mold en sé ætlunin að geyma kryddjurt sem hefur vaxið úti er áríðandi að þvo hana vel fyrst.

Jurt sem á að þurrka er hengd upp á hlýjum, þurrum og helst dimmum stað. Þegar hún er orðin þurr í gegn er hún sett í glerklukku með þéttu loki til geymslu. Þurrkun af þessu tagi getur tekið 1 til 2 vikur. Þurrkaða kryddjurt er hægt að geyma allt að nokkrum árum í þéttlokaðri glerkrukku.

App
XE Currency

## Auðveldari leið til að reikna gengi

Það þekkja það allir að fara til útlanda og vera ekki alveg viss um hvað hlutirnir kosta í íslenskum krónum. Með XE-appinu geturðu séð hvað gengi gjaldmiðla í heimi er og verið viss um hvort kjóllinn í H&M kostar 2.500 eða 5.000 krónur.

Appið kemur sér ekki síður vel ef verið er að fara til nokkurra landa í ferðinni og maður er orðinn alveg ruglaður á að reikna gengi gjaldmiðlanna

Appið skiptir á milli gjaldmiðla miðað við gengi á rauntíma sem þýðir að þú veist alltaf hvað hlutirnir kosta ef að gengið hefur breyst á meðan á ferðalaginu stendur.




# ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR Í HALLGRÍMSKIRKJU 2016

# THE INTERNATIONAL ORGAN SUMMER IN HALLGRÍMSKIRKJA 2016

18. JÚNÍ – 21. ÁGÚST / JUNE 18 – AUGUST 21

## Hádegistónleikar á miðvikudögum kl. 12
**Lunchtime concerts on Wednesdays at 12 noon**

## Schola cantorum
**Hallgrimskirkja Chamber Choir**

Hallgrímskirkja houses two of the very best choirs in Iceland and Schola Cantorum is the church's multiple prize-winning chamber choir, celebrating it's 20th birthday this year. The choir's repertoire is wide, ranging from renaissance to contemporary music. Schola Cantorum gives regular concerts in Iceland and has given concerts in Norway, Finland, Germany, Italy, Spain, Japan, Switzerland and France. This summer's programmes will consist of highlights from the last two decades. Stjórnandi/Conductor: Hörður Áskelsson
**Aðgangseyrir/ Admission: 2500 ISK**
Until August 31



## Helgartónleikar
**með alþjóðlegum konsertorganistum**

**Weekend concerts**
**Saturday at 12 noon and Sunday at 5 pm**
**with international concert organists**



| | | |
|---|---|---|
| 18. 6. | 12 noon | Thomas Ospital, St. Eustache, Paris, France |
| 19. 6. | 5 pm | Thomas Ospital, St. Eustache, Paris, France |
| 25. 6. | 12 noon | Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja, Reykjavík |
| 26. 6. | 5 pm | Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja, Reykjavík |
| 2. 7. | 12 noon | Leo van Doeselaar, Concertgebouw, Amsterdam, The Netherlands |
| 3. 7. | 5 pm | Leo van Doeselaar, Concertgebouw, Amsterdam,The Netherlands |
| 9. 7. | 12 noon | Kári Þormar, Dómkirkjan, Reykjavík |
| 10. 7. | 5 pm | Kári Þormar, Dómkirkjan, Reykjavík |
| 16. 7. | 12 noon | Katelyn Emerson, concert organist, USA |
| 17. 7. | 5 pm | Katelyn Emerson, concert organist, USA |
| 23. 7. | 12 noon | Ligita Sneibe, concert organist, Latvia |
| 24. 7. | 5 pm | Ligita Sneibe, concert organist, Latvia |
| 30. 7. | 12 noon | Douglas Cleveland, Plymouth Church, Seattle, USA |
| 31. 7. | 5 pm | Douglas Cleveland, Plymouth Church, Seattle, USA |
| 6. 8. | 12 noon | Mattias Wager, Stockholm Cathedral, Sweden |
| 7. 8. | 5 pm | Mattias Wager, Stockholm Cathedral, Sweden |
| 13. 8. | 12 noon | Christoph Schöner, St. Michaelis, Hamburg, Germany |
| 14. 8. | 5 pm | Christoph Schöner, St. Michaelis, Hamburg, Germany |
| 20. 8. | 12 noon | James McVinnie, concert organist, London, UK |
| 21. 8. | 5 pm | James McVinnie, concert organist, London, UK |

Aðgangseyrir/ Admission: Lau/ Sat 2000 ISK- Sunnud/ Sunday 2.500 ISK

## Hádegistónleikar á fimmtudögum kl. 12
**Lunchtime concerts on Thursdays at 12 noon**

Í samvinnu við Félag íslenskra organleikara
In cooperation with Icelandic Organist Association

| | |
|---|---|
| 23. 6. | Guðmundur Sigurðsson, Hafnarfjörður Church |
| 30. 6. | Hörður Áskelsson, Hallgrímskirkja |
| 7. 7. | Sigrún Magna Þórsteinsdóttir, Akureyri Church |
| 14. 7. | Lára Bryndís Eggertsdóttir organ, Iceland, and Dorthe Höjland saxophone, Denmark |
| 21. 7. | Jón Bjarnason, Skálholt Cathedral |
| 28. 7. | Larry Allen organ and Scott Bell oboe, USA |
| 4. 8. | Friðrik Vignir Stefánsson, Seltjarnarnes Church |
| 11. 8. | Hörður Áskelsson Hallgrímskirkja and Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzosopran, Reykjavík |
| 18. 8. | Kári Allansson, Háteigskirkja Church, Reykjavík |

Aðgangseyrir/ Admission: 2000 ISK



Listvinir fá frítt inn á orgeltónleika sumarsins.
Free entrance to all organ concerts for members of the HallgrÍmskirkja Friends of the Arts Society.

Reykjavíkurborg
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Gunnar Eggertsson

Miðasala við innganginn / Ticket sales at the entrance 1hr before / MIDI.IS
Listrænn stjórnandi / Artistic Director: Hörður Áskelsson
Tónleikastjóri / Concert Manager: Sigríður Ásta Árnadóttir s.698 6774
Framkvæmdastjóri / Manager: Inga Rós Ingólfsdóttir s. 696 2849

Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti, 101 Reykjavík
Sími / tlf. +354 510 1000 - list@hallgrimskirkja.is
LISTVINAFELAG.IS

Þakkir fá/ Thanks to: Hallgrímskirkja, Hótel Holt, Kolabrautin, Room with a view




WATCH

Verð frá **59.990.-**

# Komið í verslanir Epli




Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

Epli er viðurkenndur þjónustuaðili Apple á Íslandi

EPLI

# Einkaneysluvöxtur á flugi

Vaxandi einkaneysla er áhyggjuefni út frá hagstjórn, þar sem við viljum halda hagkerfinu í tiltölulega góðu jafnvægi. Vöxturinn er hins vegar drifinn af auknum kaupmætti launa og því minna áhyggjuefni en oft áður þegar uppsveiflur hafa verið keyrðar áfram af væntingum um framtíðartekjur. Þetta er mat Ingólfs Bender, forstöðumanns greiningardeildar Íslandsbanka.

Í Morgunkorni greiningardeildar Íslandsbanka í gær kom fram að þróun væntingavísitölu Gallup (VVG) í júní gæfi tilefni til að ætla að einkaneysluvöxtur sé á verulegu flugi þessa dagana. Greiningardeildin telur að einkaneysluvöxtur á öðrum ársfjórðungi verði enn meiri en 7,1 prósents vöxturinn á fyrsta ársfjórðungi.

Greiningardeildin spáir að einkaneysluvöxtur í ár verði 7,8 prósent samanborið við 4,8 prósent í fyrra samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar.

„Út frá vexti hagkerfis í hið heila þá er spenna að aukast í hagkerfinu. Þenslan fer vaxandi, og að sjálfsögðu er það áhyggjuefni út frá hagstjórn. Verkefni peningastefnunnar og opinberra fjármála er að draga úr þessari spennu,“ segir Ingólfur.

Hann segir vöxtinn endurspegla gríðarlegan vöxt í kaupmætti launa heimilanna síðustu tólf mánuði. Ingólfur segir þó hraða launahækkananna valda áhyggjum, sér í lagi þegar kemur að verðbólgu.

„Innlendir þættir eru klárlega að hækka talsvert út af þessu, þetta er að ýta undir húsnæðisverðshækkun. Styrking krónunnar og lækkun á hrávöruverði hefur haldið þessu niðri. Við reiknum með því að krónan komi til með að styrkjast áfram fram á næsta ár, en svo slær þessu kannski út með aukinni verðbólgu þegar líða fer á.“ **– sg**

> **Þenslan fer vaxandi, og að sjálfsögðu er það áhyggjuefni út frá hagstjórn.**
>
> Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka



**7,1%**

**vöxtur var í einkaneyslu á fyrsta ársfjórðungi 2016.**

# Toyota innkallar 3,4 milljónir bíla

Japanski bílaframleiðandinn Toyota hefur innkallað 3,37 milljónir bíla úti um allan heim vegna loftpúða- og útblástursgalla.

Forsvarsmenn Toyota tilkynntu í gær að 2,87 milljónir bíla yrðu innkallaðar vegna mögulegs galla í stjórnkerfi útblásturs. Á þriðjudaginn hefði fyrirtækið hins vegar tilkynnt um innköllun 1,43 milljóna bíla vegna loftpúðagalla.

Nokkur Prius-módel Toyota eiga við báða gallana að stríða og því verða samtals 3,37 milljónir bíla innkallaðar. Í tilkynningu kemur fram að engin slys hafi orðið vegna gallanna.

Útblástursgallar eru í bílategundum sem framleiddar voru á árunum 2006 til 2015, meðal annars Prius, Auris og Corolla. Loftpúðagallann er að finna í Prius og Lexus CT200h sem framleiddar voru frá 2010 til 2012. **– sg**



**Loftpúða og útblástursgalla var að finna í Toyota Prius.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Robocup hefst í dag




**Robocup, sem er nokkurs konar vélmennamót, hefst í Leipzig í Þýskalandi í dag og stendur til 4. júlí. Á mótinu taka þátt 3.500 manns frá 45 löndum í sautján greinum. Hér má sjá vélmenni sem getur spilað fótbolta.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Stórfyrirtæki íhuga flutninga frá London

**Alþjóðleg fyrirtæki og bankar íhuga að flytja hluta starfsmanna sinna eða höfuðstöðvar frá London í kjölfar niðurstöðu Brexit-kosninganna. Fitch telur að bankar gætu beitt hluta af viðbragðsáætlunum sínum strax, í stað þess að bíða eftir niðurstöðu viðskiptasamninga.**

Fjarskiptafyrirtækið Vodafone íhugar að flytja höfuðstöðvar sínar frá Bretlandi og fjárfestingarbankinn Goldman Sachs íhugar að flytja hluta, eða alla 6.500 starfsmenn sína í London til annars lands innan Evrópusambandsins í kjölfar niðurstöðu Brexit-kosninganna.

Áður en gengið var að kjörborði til að kjósa um áframhaldandi veru Breta í Evrópusambandinu bentu sérfræðingar á að líklegt væri að alþjóðleg stórfyrirtæki myndu flytja hluta af eða alla starfsemi sína frá London ef útganga yrði kosin, og svo virðist sem sú spá sé að rætast. Óvíst er hvort fyrirtækin muni hafa aðgang að ESB-markaðnum sem í eru 27 önnur lönd, ef af útgöngu Breta verður.

Vel kemur til greina að fyrirtækin flytji störfin áður en samningar milli Evrópusambandsins og Bretlands er varða útgöngu liggja fyrir. Í minnisblaði frá bandaríska lánshæfismatsfyrirtækinu Fitch segir að búist megi við því að bankar byrji strax að beita hluta af viðbragðsáætlunum sínum, í stað þess að bíða eftir niðurstöðu viðskiptasamninga.

Fjöldi banka og fjármálastofnanna hefur lýst því yfir að þau gætu flust frá London. Forsvarsmenn fjárfestingarbankans JPMorgan segja að þeir gætu þurft að færa fjórðung 16 þúsund starfsmanna sinna í Bretlandi til annarra landa innan Evrópusambandsins. Heimildir herma einnig að Morgan Stanley og HSBC muni flytja allt að þúsund störf frá Bretlandi, þó að forsvarsmenn Morgan Stanley hafi hafnað þeim orðrómi.

Á þriðjudaginn lýstu forsvarsmenn Vodafone, annars stærsta fjarskiptafyrirtækis heims, því svo yfir að þeir myndu mögulega flytja höfuðstöðvar sínar frá Bretlandi í ljósi þess að meirihluti 462 milljóna viðskiptavina þeirra og 108 þúsunda starfsmanna væru utan Bretlands. Engin lokaákvörðun hefur þó verið tekin. Vodafone er með 13 þúsund starfsmenn í Newbury og London, samkvæmt The Financial Times. Það gæti orðið verulegur skellur fyrir viðskiptalífið í London, en Vodafone er eitt af mest áberandi fyrirtækjum sem tilheyra FTSE-100 vísitölunni.

Aðrar evrópskar borgir gætu grætt verulega á fyrirtækjunum sem yfirgefa London eða færa hluta starfsemi sinnar. CNN Money tók saman þær borgir sem gætu mögulega tekið við þessum störfum, þær eru meðal annars Frankfurt, Lúxemborg, París, og Dyflinni.

Eftir stormasamar sveiflur í kjölfar Brexit-kosninganna hefur breski hlutabréfamarkaðurinn tekið við sér og hafa hlutabréf hækkað síðustu tvo daga. Gengi pundsins gagnvart Bandaríkjadal hefur einnig styrkst síðustu tvo daga, eftir sögulega lægð. **saeunn@frettabladid.is**

**108**

**þúsund starfsmenn vinna hjá Vodafone.**

**» Fyrirtæki gætu flust til Frankfurt, Lúxemborgar, Parísar eða Dyflinnar.**



**Fjölmenn mótmæli gegn Brexit voru fyrir framan breska þingið á þriðjudaginn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# SUMARÚTSALA

Í KRINGLUNNI OG SMÁRALIND

# 25%

## AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM

Í DAG

CINTAMANI

WWW.CINTAMANI.IS

# Barið í brestina



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Ísland er neðst Norðurlandanna í vísitölu fyrir velferð samfélaga, svokallaðri SPI-vísitölu. Við föllum niður um sex sæti frá því í fyrra, vorum í fjórða sæti en erum nú í því tíunda. Vísitölu þessari er ætlað að horfa til annarra þátta en landsframleiðslu til að mæla velferð í þjóðfélögum, til dæmis er horft til gæða menntunar, heilbrigðisþjónustu, umburðarlyndis og tækifæra í samfélögum.

Í Fréttablaðinu í gær segir Michael Green, framkvæmdastjóri The Social Progress Imperative sem mælir vísitölubreytingarnar, niðurstöðuna sýna að Ísland standi sig þó ekki verr en áður heldur séu aðrir að bæta sig og færast upp fyrir okkur.

Helst er það offita, hátt húsnæðisverð, skortur á trúfrelsi og brottfall úr skólum sem dregur landið niður. En aðrir þættir hífa landið upp og við stöndum vel að vígi þegar kemur að grunnþörfum. Til dæmis lág tíðni vannæringar, lítill ungbarnadauði, fá dauðsföll vegna smitsjúkdóma, lítið ofbeldi og gott aðgengi að rafmagni, farsímaþjónustu og drykkjarvatni.

Green segir að með vísitölunni geti stjórnvöld um allan heim horft til þeirra sem standa sig vel þegar þeir reyna að bæta líf þegna sinna.

Þegar við erum með höfuðið í skýjunum eins og nú vegna velgengni íslenska knattspyrnulandsliðsins, er dægurþras hversdagsins okkur víðsfjarri. Fáir eru að spá mikið í gjaldeyrishöftin, almannatryggingakerfið eða kjaramálin nákvæmlega um þessar mundir, enda stærstu vandamálin víða hvar eigi að nálgast landsliðstreyjur eða góðar eftirlíkingar. Allir vona það heitt að ævintýrið haldi áfram sem lengst svo að raunveruleikinn haldi sig áfram fjarri.

Því hér má ýmislegt betur fara. Margir hafa gagnrýnt fjölmiðla fyrir að segja of mikið frá því sem aflaga fer í samfélögum og gleyma því góða. En það er eitt aðalhlutverk fjölmiðlanna; að benda á brestina – svo hægt sé að berja í þá. Við verðum sem þjóð að standa okkur betur á ýmsum sviðum sem vísitalan mælir og fleirum. Það er óþolandi að sá sem hefur öll tækifæri til að skara fram úr geri það ekki. Það þekkir enska knattspyrnuliðið manna best, öfugt við hið íslenska.

Niðurstaða velferðarvísitölunnar segir okkur, svart á hvítu, að á Íslandi er gott að búa. Grunnstoðirnar eru sterkar og þó við megum bæta okkur á ýmsum sviðum, þá eru vandamálin sem við erum að glíma við minniháttar í alþjóðlegum samanburði. Það er lúxus að þurfa ekki að hafa áhyggjur af smitsjúkdómum, vannæringu og skorti á hreinu vatni.

Bent hefur verið á að gengi íslenska landsliðsins sé fyrst og fremst uppskera. Uppskera góðrar sáningar þegar kemur að yngri flokka starfi knattspyrnuhreyfingarinnar, uppbyggingu knattspyrnuhalla og leikvanga og öflugri þjálfun.

Velferðarvísitalan sýnir okkur samtímis að við megum þakka verulega fyrir þá gæfu að fá að vera Íslendingar og einnig hvar við eigum að sá til að uppskera enn betur til að færast ofar og stefna á gullið.

> **Grunnstoðirnar eru sterkar og þó við megum bæta okkur á ýmsum sviðum, þá eru vandamálin sem við erum að glíma við minniháttar í alþjóðlegum samanburði.**

VIFTUR Í ÚRVALI
25-30% AFSLÁTTUR


VERÐ FRÁ 2.495
Heimilistæki ht.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Fámenn áhöfn**

**Píratar kláruðu nýverið að kjósa á framboðslista í Norðausturkjördæmi fyrir næstu kosningar. Styr er um listann nú þegar en Björn Þorláksson fjölmiðlamaður, sem hafnaði í sjöunda sæti, segir prófkjörið lýðræðislegt stórslys. Í prófkjörinu kusu 78 um 14 frambjóðendur. Margir hafa spáð að Pírötum muni illa ganga að halda því fylgi sem þeir hafa mælst með þegar loks kemur að því að velja á lista. Margt bendir að minnsta kosti til að innra starfið hafi klikkað í uppganginum því heldur er hún fámenn áhöfn Pírata sem kýs skipstjórann fyrir næstu kosningar.**

**Afreks Íslendingar**

**Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, segist í Fréttablaðinu í gær vilja auka fjárstuðning við afrekssjóð ÍSÍ. Ummælin koma í kjölfar góðs gengis íslenska landsliðsins á EM en máli sínu til stuðnings nefnir hann einnig árangur frjálsíþróttafólks, fimleikafólks, sundfólks, handknattleiks- og körfuknattleiksmanna. Gott er að styðja við íslenskt íþróttafólk svo það geti haldið áfram að skipa sér í fremstu röð. Íslenskir listamenn eru líka í fremstu röð m.a. í tónlist og kvikmyndagerð. Gaman væri að sjá ríkisstjórnina stórauka stuðning við skapandi greinar. Með þeim tútnar ríkissjóður mun meira út en við áburðarverksmiðjur og álver.** snaeros@frettabladid.is

# Að vera sjálfum sér bestur



Friðrik Rafnsson
þýðandi

Það er óttalega dapurlegt að Bretar skuli ætla að segja skilið við Evrópusambandið, einkum þeirra vegna, en kemur kannski ekki mjög á óvart. Ég hef fylgst nokkuð vel með umræðunni um Evrópusambandið allt frá árunum 1981 til 1988 þegar ég stundaði nám í Frakklandi og sá merki maður, Mitterand, var forseti Frakklands.

Mitterand Frakklandsforseti og Kohl, kanslari Þýskalands, voru ákafir talsmenn samvinnu og friðar í Evrópu. Þeir mundu báðir hörmungar síðari heimsstyrjaldarinnar og töldu að besta leiðin til þess væri að efla samstarf Evrópuþjóðanna sem mest, byggja á sameiginlegu gildismati lýðræðis, réttlætis, menningar og sögu, og mynda með sér öflugt, yfirþjóðlegt bandalag sem myndi bæta hag allra, Evrópusambandið. Til er fræg, afar hugljúf mynd af þeim félögum þar sem þeir haldast í hendur þessu til staðfestingar sem þýðir: aldrei aftur stríð milli þessara þjóða. Maður á víst aldrei að segja aldrei, en nú eru rúm sjötíu ár liðin sem er lengra friðar- og velmegunarskeið en verið hefur lengi.

Bretar hafa hins vegar alla tíð verið sér á parti í þessu samstarfi og verið með allskyns sérkröfur sem samstarfsríkin á meginlandinu hafa reynt að mæta eftir föngum og þau hafa stundum sýnt Bretum virðingarvert langlundargeð. Samband Breta og meginlandsþjóðanna hefur verið svona haltu-mér-slepptu-mér samband. Það er á vissan hátt sjarmerandi eins og Bretar eru flestir, en líka oft þreytandi.

Sýn ýmissa fjölmiðla, stjórnmálaskýrenda og stjórnmálamanna hérlendis hefur einatt litast af engilsaxneskri heimssýn og þar af leiðandi umræðunni í Bretlandi. Því væri óskandi að útganga Breta úr þessu sambandi sjálfstæðra Evrópuríkja verði til þess að við hér heima förum að ræða um Evrópusambandið eins og það er, en ekki út frá þeirri heldur þröngu heimssýn (nánast rörsýn) sem við höfum fengið á það í gegnum umræðuna í Bretlandi. Við, eins og þeir í þessu tilfelli, höfum stundum verið sjálfum okkur verst. Nú er ef til vill tímabært að við hættum að vera sjálfum okkur verst, hættum að skattyrðast hvort við annað og þær þjóðir sem vilja okkur vel. Þar með yrðum við kannski ekki sjálfum okkur best, en í það minnsta mun skárri en nú.

> **Sýn ýmissa fjölmiðla, stjórnmálaskýrenda og stjórnmálamanna hérlendis hefur einatt litast af engilsaxneskri heimssýn og þar af leiðandi umræðunni í Bretlandi.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Bjarta hliðin

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Gyðingar segja sögu af svo hljóðandi símskeyti: „Hafðu áhyggjur. Stopp. Meira síðar.“ Þessi saga rifjast upp nú þegar meiri hluti brezkra kjósenda hefur ákveðið að Bretar segi sig úr Evrópusambandinu. Þótt gengi brezka pundsins hafi hríðfallið við þessi tíðindi og hlutabréf víða um heim hafi einnig fallið í verði og mikil óvissa um framhaldið blasi við, þarf úrsögn Bretlands úr ESB ekki endilega að valda miklum skaða nema þá e.t.v. helzt heima fyrir.

**Sérstaða Englands**

Innganga Breta í ESB 1973 stöðvaði langvinna efnahagshnignun Bretlands eins og ég lýsti á þessum stað fyrir viku og færði þeim ýmislegt annað að auki, t.d. fágaða matarmenningu frá meginlandinu. Bretar hafa að ýmsu leyti verið hikandi í Evrópusamstarfinu og haldið fast í sérstöðu sína innan ESB, t.d. með því að semja um undanþágu frá upptöku evrunnar sem er inngönguskilyrði fyrir önnur lönd, með því að tengjast ekki Schengen-svæðinu með tilheyrandi frjálsræði við landamæravörzlu og einnig með því að leggjast gegn nánara samstarfi innan ESB á ýmsum sviðum.

Hluti skýringarinnar á þessum sérþörfum Englendinga er að þeir horfa gjarnan til Norður-Ameríku af sögulegum ástæðum meðan Skotar horfa til Norður-Evrópu. Margir skozkir sjálfstæðissinnar telja því að Englendingar og Skotar myndu báðir njóta góðs af skilnaði. Skotar þurfa nú ekki að óttast að vera sakaðir um að kljúfa sig út úr Sameinaða konungdæminu með því að taka sér sjálfstæði. Skotland og Norður-Írland greiddu atkvæði gegn úrsögn úr ESB og það gerðu einnig Orkneyjar og Hjaltlandseyjar sem fylgja Skotlandi. Sumir telja að skozka þingið í Edinborg hafi lagalegan rétt til að beita neitunarvaldi gegn úrsögninni og kunni að reyna það í ljósi yfirgnæfandi andstöðu skozkra kjósenda gegn úrsögn.

**Hvort liðast frekar í sundur, Bretland eða ESB?**

Skotar geta nú með sanni sagt að Englendingar hafi vísað þeim á dyr. Það er sjaldgæft að ríki riðlist með þessum hætti. Hitt er algengara að fámennari þjóðir heimti skilnað eins og t.d. þegar Bangladess sagði skilið við Pakistan 1971. Líklegt virðist að Skotar herði á sjálfstæðiskröfum sínum til að geta verið áfram í ESB. Norður-Írland gæti þá e.t.v. einnig ákveðið að sameinast Írlandi í sama tilgangi. Eftir stæði þá England ásamt Wales umlukið ESB-löndum: Skotland í norðri, Írland í vestri, Frakkland í suðri og Belgía, Holland, Þýzkaland og Danmörk í austri.

ESB hefur komizt ágætlega af með Sviss í slíkri stöðu í hjarta Evrópu og gæti trúlega með líku lagi höndlað England utan sinna vébanda án þess að veikjast til muna. ESB gæti jafnvel gengið betur að styrkja innviði sína þegar Englendingar með sína sérstöðu eru horfnir frá borði. Sviss hefur að sönnu vegnað vel á eigin vegum utan ESB. Ekki er víst að England njóti hliðstæðrar velgengni þar eð Bretland gekk í ESB m.a. til að brjótast úr fari langvinnrar efnahagshnignunar. Sameinaða konungdæmið frá 1707 gæti því liðazt í sundur. Ólíklegt virðist að svipuð örlög bíði ESB. Fyrstu viðbrögð við úrslitum atkvæðagreiðslunnar á Bretlandi benda til hiks af hálfu þeirra sem mæltu fyrir úrsögn. Óvíst er að svo búnu hvort kjósendur í öðrum ESB-löndum myndu telja ráðlegt að fara að dæmi Breta. Tíminn sker úr því.

**England og Bandaríkin**

England getur reynt að halda sínu striki með því að rækta enn frekar sérstakt samband sitt við Bandaríkin. Þar er þó ekki á vísan að róa frekar en í Evrópu. Bandaríkin hafa dregizt aftur úr ýmsum Evrópulöndum sé árangur í efnahagsmálum metinn með víðtækari mælikvörðum en þjóðartekjum á mann, einkum með því að taka menntun, heilbrigði, vinnuálag og ójöfnuð með í reikninginn. Sameinuðu þjóðirnar birta lífskjaravísitölur reistar á kaupmætti þjóðartekna á mann, menntun og heilbrigði (e. Human Development Index) ýmist án tillits til misskiptingar eða með tilliti til hennar. Sé litið fram hjá misskiptingu svo sem algengast er skipuðu Bandaríkin 8. sæti listans 2014 og Frakkland 22. sætið. Sé misskipting tekin með í reikninginn falla Bandaríkin niður í 28. sæti listans en Frakkland heldur 22. sætinu þar eð skipting lífsgæðanna er jafnari þar en í Bandaríkjunum. Misskipting dregur Bandaríkin niður.

Engum dytti í hug að meta verðbréf með því að skoða ávöxtunina eina og horfa fram hjá áhættunni. Með líku lagi virðist eðlilegt að reisa mat á kaupmætti þjóðartekna á mann, menntun og heilbrigði m.a. á því hvernig þessum gæðum er skipt milli fólks. Þarna leitast Sameinuðu þjóðirnar við að ryðja brautina að víðtækari og innihaldsríkari lífskjarakvörðum en tíðkazt hafa hingað til. Við það batnar ásýnd Evrópu eins og hún birtist í hagtölum. Það er umhugsunarefni einnig handa Englendingum.

Mestu skiptir þó hitt að ESB er friðarsamband. Það er ábyrgðarhluti fyrir fornfrægt stórveldi að snúa baki við sambandi sem lagt hefur svo mikið af mörkum til að tryggja framfarir, frið og frelsi í Evrópu frá stríðslokum 1945.

skattur.is



Álagningu skatta á einstaklinga er lokið

Álagningar- og innheimtuseðlar einstaklinga 2016

*eru aðgengilegir á þjónustuvef ríkisskattstjóra rsk.is og skattur.is.*

Barnabætur, vaxtabætur og inneign vegna álagningar verður greidd út 1. júlí.

Upplýsingar um greiðslustöðu veita tollstjóri og sýslumenn.

*Álagningarskrár liggja frammi á starfsstöðvum ríkisskattstjóra, dagana 30. júní til 14. júlí 2016 að báðum dögum meðtöldum.*

Kærufresti lýkur 31. ágúst 2016.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk@rsk.is | 442 1000 Þjónustuver 9:30-15:30 | STOFNUN ÁRSINS 2016


KRÓNAN
-35%
4499 kr. kg
Verð áður 6999 kr. kg
Lúxus ungnautalund, Nýja-Sjáland
3869 kr. kg
Krónu Kindafile, íslenskt, Arizona marinering
-30%
Grill-snilld
Grillað ∕ étið
KRÓNAN
3339 kr. kg
Verð áður 4770 kr. kg
Ungnauta Entrecote, Danmörk
1699 kr. kg
Krónu grísahnakki, íslenskur, mismunandi marineringar
Deildu þínum grillsigrum á grillsnilld.is Veglegir vinningar í boði
#Grillsnilld
KRÓNAN
-20%
3779 kr. kg
Lambaævintýri, íslenskt lambafile með rifjum
3699 kr. kg
Verð áður 4666 kr. kg
Lambafile með fiturönd, íslenskt. Ókryddað eða með marineringu
TILBOÐIN GILDA TIL 3. JÚLÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
189 kr. stk.
Ferskir maísstönglar. Spánn
Grænmeti á grillið
#Grillsnilld
KRÓNAN
949 kr. pk.
Ferskur grænn aspas, búnt, 400 g, Perú
LÍFRÆNT
369 kr. pk.
Lífrænir sveppir í boxi, 250 g, Holland
Laxaflök marineruð
#Grillsnilld
KRÓNAN
2289 kr. kg
Laxaflök, íslensk, í Jamaica-, Lime og smjör- eða mangó chili marineringu
TILBOÐIN GILDA TIL 3. JÚLÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

KRÓNAN



-20%

575 kr. kg

Verð áður ~~719~~ kr. kg

Íslenskir tómatar 6 stk. í pakka

# Ferskt alla daga



-20%

199 kr. kg

Verð áður ~~249~~ kr. kg

Melónur gular, Spánn

Ný og glæsileg verslun
opnar á Flatahrauni í Hafnarfirði
kl. 9:00 föstudaginn 1. júlí

Sjá opnunartilboð á www.kronan.is

TILBOÐIN GILDA TIL 3. JÚLÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN



ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK




**1299 kr. pk.**

ÍSLENSKA HAMB ORGARA FABRIK KAN 2010

100% hágæða ungnautahamborgari, Brioche hamborgarabrauð, Fabrikkusósa og salt + pipar, 2 stk. í pakka

## 100% hamborgara-búðin þín

90g - 449 kr. pk.
120g - 569 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.

★★★

**Steikarborgari 120g**
20% fita - góður á grillið
569 kr. pk.

★★★

alltaf 2 stk. í pakka




**499 kr. stk.**

Krónu hamborgarasósur, margar tegundir




**- 25%**




**596 kr. pk.**

Pik-Nik Kartöflustrá, 255 g

**149 kr. stk.**

Verð áður 198 kr. stk.

Pepsí eða Pepsí Max, 1 lítri



**899 kr. pk.**

Grillborgarar með brauði 4stk.
Gott verð!

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

# Að semja við sjálfan sig



**Þröstur Ólafsson**
hagfræðingur

**Bændasamtökin voru því í reynd að semja við sig sjálf og landbúnaðarráðherra kvittaði undir til staðfestingar. Hvað skyldi verða sagt ef fjármálaráðherra gæfi BSRB sjálfdæmi um að semja nýja kjarasamninga til margra ára, en hans hlutverk væri það eitt að undirrita gjörninginn?**

Þegar fyrrverandi ríkisstjórn sameinaði öll atvinnuvegaráðuneytin í eitt ráðuneyti, var sú hugsun ráðandi að þannig fengist sterkari og markvissari stjórnsýsla sem fær væri um að takast á við flókin og erfið mál. Íslensk stjórnsýsla er veik og þarf í meiri eða minni mæli að reiða sig á vinnu einkaaðila eða hagsmunaaðila við undirbúning og frágang frumvarpa eða annarra opinberra gjörninga. Í seinna tilviki verður niðurstaðan óhjákvæmilega lituð af stefnu og skoðunum hagsmunaaðilanna, sem hvorki þarf að vera í samræmi við almannahagsmuni, ríkishagsmuni hvað þá góða stjórnsýslu.

Ekkert ráðuneyti hefur, í tímans rás, verið stjórnsýslulega veikara en landbúnaðarráðuneytið. Snemma virðist sú ákvörðun hafa verið tekin, að ráðuneytið myndi nýta vinnu frá hagsmunasamtökum bænda, enda voru þau, og eru kannski enn, hálf opinber samtök, í stað þess að byggja upp sterkt ráðuneyti sem gæti sjálft metið verkefni og unnið úr málum á eigin forsendum. Með tímanum hætti almenningur að taka eftir því, að það varð fremur regla en undantekning að Stéttarsamband bænda, síðar Bændasamtök Íslands voru í eins konar fastri en þó endurgjaldslítilli verktöku, þegar ráðuneytið þurfti að semja lagafrumvörp eða drög að reglugerðum, sem snertu verksvið þess. Undir þetta féllu einnig búvörusamningarnir.

**Eitt atvinnuvegaráðuneyti**

Með sameiningu allra atvinnuvegaráðuneyta í eitt ráðuneyti var gerð tilraun til að búa til sterkari stjórnsýslueiningu þar sem saman væri komin sú sérþekking og sá mannauður sem gæti staðið í og klárað samninga og unnið frumvörp á eigin forsendum í stað þess að vera upp á vinnuframlag hagsmunaaðila komin. Það kom því frekar á óvart að við myndun núverandi ríkisstjórnar skyldi vera farið í gamla farið og opinber stjórnsýslan þannig veikt. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál voru á ný sett undir sérstakan ráðherra og klofin frá málaflokkum annarra atvinnuvega. Þannig var hægt að viðhalda gömlum vinnubrögðum og leyfa bændum að semja við sjálfa sig, í stað þess að semja við öfluga samninganefnd frá ríkinu, því innan nýs ráðuneytis var engin sjálfstæð samningsgeta til staðar. Bændasamtökin voru því í reynd að semja við sig sjálf og landbúnaðarráðherra kvittaði undir til staðfestingar. Hvað skyldi verða sagt ef fjármálaráðherra gæfi BSRB sjálfdæmi um að semja nýja kjarasamninga til margra ára, en hans hlutverk væri það eitt að undirrita gjörninginn? Því miður virðist aðgæsla fjármálaráðherra ekki hafa verið sem skyldi, því samningarnir eru gildir sem slíkir, þótt í þetta skipti fylgi önnur frumvörp, sem hangi á sömu spýtunni.

**Niðurstaðan í samræmi við vinnubrögðin**

Niðurstaða samninganna er því í samræmi við vinnubrögðin. Þeir eru gerðir án nokkurrar aðkomu almannavaldsins og hagsmunir almennings þ.e. neytenda fyrir borð bornir. Sterkustu hagsmunaaðilar innan samtaka bænda, stórbændur og afurðastöðvar þeirra hafa fengið að spenna samningana fyrir eigin vagna. Búvörusamningar fjalla núorðið ekki síður um markaðsstöðu og afkomu afurðastöðvanna frekar en afkomu almennra bænda. Í sauðfjárrækt er engin viðmiðun tekin af getu innlends markaðar til að kaupa allt þetta kjöt. Til að réttlæta þessa vitleysu er ausið mörg hundruð milljónum í markaðsátök bæði hér heima og erlendis.

Forsvarsmenn bænda fabúlera um að kenna þurfi erlendu ferðafólki að meta íslenskt lambakjöt. Á að setja ferðamenn á námskeið í lambakjötsáti? Barnaskapurinn og bullið er greinilega sífrjó auðlind! Það vottar hvergi fyrir framtíðarhugsun um umhverfisvænan landbúnað, sem starfi með þarfir íslenskra neytenda að leiðarljósi, í sátt við náttúruna og sem jafnframt tryggi bændum góða lífsafkomu. Þá er athygli almennings og smábænda dreift með því að klifa stöðugt á því að búvörusamningar séu jafnframt aðgerð í dreifbýlismálum.

**Fortíð í stað framtíðar**

Raunverulegan árangur þessarar áratuga samtvinnunar má glöggt kenna í dreifðustu sveitum landsins. Þær eru að verða að mannlífsöræfum; yfirgefnar, fátækar og niðurníddar. Þar blasir við dapurlegt árangursleysi afturhaldsstefnu sem neitar að horfast í augu við nútímann. Flestar þjóðir Vesturlanda hafa þurft að hrista af sér strúktúrvanda úr fortíð, sem búið hefur lengi um sig og hefur hindrað þjóðir í að nútímavæðast. Landbúnaðurinn á það eftir. Þrátt fyrir – eða kannski vegna – milljarða mokstur úr ríkissjóði til sauðfjárbúskapar mjakast ekkert áfram, framleiðni vinnu og fjármagns nánast engin og afkoman eftir því.

Forystufólk bænda virðist ófært um að eygja nokkra hugsun í átt að breytingum eða til nýsköpunar. Það eina sem þeim dettur í hug eru viðbótarpeningar úr ríkissjóði. Þarna koma einnig í ljós annmarkar þess að láta bændaforystuna semja við sjálfa sig. Það er ófrjótt og útilokar sjónarmið að utan. Það er árangursríkasta leiðin til að hjakka áfram í sama farinu. Það er löngu tímabært að slíta naflastrenginn milli samninga við bændur og afurðastöðva, þó þær séu formlega í eigu bænda. Þær verða eins og önnur iðnaðarframleiðsla að starfa innan reglna markaðskerfisins. Þetta var önnur ástæða þess að búa varð til nýtt ráðuneyti svo hægt væri að viðhalda og auka enn sérreglur fyrir úrvinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða. Hollir eru heimanfengnir búvörusamningar! Tíu ára gildistími tryggir fullkomlega, þann ásetning sem ræður ferð meðal bændasamtakanna. Nú þyrfti að stofna „BúSave“ til að vernda þjóðina gegn yfirgangi samtaka landbúnaðarins, sem þessi tíu ára búvörusamningur vissulega er.

# Við getum – ég get



**Kristín Lára Ólafsdóttir**
hjúkrunarfræðingur MSc, líknarráðgjafateymi Landspítala

**Það ætti að vera eðlilegur hluti af þjónustu og umönnun einstaklinga með krabbamein að þeir fái reglulega tækifæri til að ræða óskir sínar og þarfir varðandi framtíðarmeðferð og meðferðarmarkmið við heilbrigðisstarfsfólk.**

Alþjóðasamtökin gegn krabbameini (UICC) skora nú á þjóðir heims að taka þátt í að vekja athygli á baráttunni gegn krabbameini undir slagorðunum We Can – I Can eða VIÐ GETUM – ÉG GET.

Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga á Íslandi fagnar í ár 20 ára starfsafmæli sínu og stendur fyrir greinaskrifum, í samvinnu við Krabbameinsfélag Íslands, undir heitinu VIÐ GETUM – ÉG GET. Fyrsta greinin birtist í Fréttablaðinu 4. febrúar sem er alþjóðlegi krabbameinsdagurinn. Í þessari fjórðu grein er fjallað um sjálfræði einstaklingsins og rétt hans til að hafa áhrif á eigin meðferð og umönnun.

Þegar við heyrum orðið krabbamein dettur mörgum fyrst í hug dauði en með síaukinni þróun í meðferð og tækni er greining krabbameins ekki sami dauðadómur og fyrir nokkrum áratugum. Nú bæði læknast fleiri og sífellt fleiri lifa lengur en áður með ólæknandi krabbamein, sem þýðir að sjúkdómurinn er orðinn langvinnur sjúkdómur sem einstaklingar þurfa að læra að lifa með.

**Mikilvæg umræða**

Það er alltaf mikilvægt að einstaklingar sem greinast með krabbamein og fjölskyldur þeirra fái upplýsingar um sjúkdóminn, horfur og meðferð sem hægt er að veita til að lækna sjúkdóminn, lengja líf, draga úr einkennum og bæta líðan og lífsgæði. Það er líka mikilvægt að þeir sem hafa greinst með krabbamein hugsi og ræði bæði við fjölskyldu sína og heilbrigðisstarfsfólk um hvað þeim er mikilvægt og hvaða óskir þeir hafa varðandi eigin meðferð. Þegar sjúkdómurinn er ólæknandi þá verður þessi umræða enn mikilvægari og snýst þá um hversu langt einstaklingurinn vill ganga varðandi meðferð, hvað hann vill leggja áherslu á varðandi lífsgæði sín, hvað hann vill forðast að gerist og hvernig hann vilji láta haga málum eftir andlát sitt.

**Eðlilegur hluti af þjónustu**

Það ætti að vera eðlilegur hluti af þjónustu og umönnun einstaklinga með krabbamein að þeir fái reglulega tækifæri til að ræða óskir sínar og þarfir varðandi framtíðarmeðferð og meðferðarmarkmið við heilbrigðisstarfsfólk. Rannsóknir hafa sýnt að þessi umræða fer oft ekki fram vegna þess að heilbrigðisstarfsfólki, sjúklingum og almenningi finnst hún erfið og telja hana jafnvel draga úr von og valda frekari vanlíðan. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt fram á að markviss umræða um þessi mál geti eflt raunhæfa von, bætt skilning og líðan sjúklings og aðstandenda auk þess að líklegra er að sjúklingurinn fái þá meðferð sem hann óskar. Ef þessi umræða fer fram eru sjúklingar og aðstandendur betur undirbúnir þegar sjúkdómurinn versnar og hún getur jafnframt stuðlað að betri líðan aðstandenda eftir andlát.

VIÐ GETUM – haft áhrif á umræðuna og opnað samtalið um hvað er okkur mikilvægt og hvernig við getum undirbúið dauða okkar.

ÉG GET – rætt við fjölskyldu mína um hvað er mér mikilvægt og hvað ég myndi vilja forðast ef ég veiktist alvarlega eða slasaðist.

*Bernacki, R. E., og Block, S. D. (2014). Communication about serious illness care goals: a review and synthesis of best practices. JAMA Intern Med, 174(12), 1994-2003.*

*Kristín Lára Ólafsdóttir. (2016). Samtal líknarhjúkrunarfræðinga við sjúklinga með nýgreint útbreitt lungnakrabbamein um áætlun um meðferðarmarkmið. Reynsla sjúklinga og aðstandenda. http://skemman.is/item/view/1946/23880*

*World Cancer Day http://www.worldcancerday.org/*

# Þrettándi maðurinn



**Sverrir Björnsson**
hönnuður




**Ég áttaði mig þó ekki á því fyrr en daginn eftir að hér voru enn stærri kraftar að verki. Þessar örlagaríku mínútur íslenskrar íþróttasögu fór nefnilega fram tryllingsleg barátta á VIP-svæði vallarins.**

Lítillæti, dugnaður og ísköld einbeiting strákanna okkar er aðdáunarverð, svona ætla ég líka að verða. Ég tók reyndar þátt í leiknum við Englendinga, mætti snemma, með snakk og bjór og sat límdur við Lazy-boyinn allan leikinn. Í stöðunni 2-1 þorði ég varla að hreyfa mig, þorði ekki á klósett og gætti þess að færa ekki neitt úr stað á borðinu sem gæti breytt feng shuinu. Ég tók sprett á klósettið í hálfleik og sendi þaðan góða strauma til Frakklands. Seinni hálfleikur tók enn meira á, allan hálfleikinn sat ég frosinn í stellingunni, því minnsta hreyfing gæti hreyft vængi fiðrildisins. Og viti menn þetta dugði, við unnum!!! Ég dansaði eins og trylltur kjúklingur um alla íbúð. Þetta er frábært, tilfinningin minnti á árin fyrir hrun þegar þjóðin sprangaði um heiminn með kassann úti.

Það þarf þó að þakka fleirum en strákunum og mér. Tólfan; bláir herinn fór hamförum á leiknum, í logandi jökli, í dáleiðandi dregnum seimi ómaði, Áfram Ísland og frummanna takturinn sló hitt liðið út af laginu.

**Barátta á VIP-svæðinu**

Ég áttaði mig þó ekki á því fyrr en daginn eftir að hér voru enn stærri kraftar að verki. Þessar örlagaríku mínútur íslenskrar íþróttasögu fór nefnilega fram tryllingsleg barátta á VIP-svæði vallarins. Hér á eftir eru hápunktar þessarar dramatísku orrustu. Til að gæta sagnfræðilegrar nákvæmni eru öll ummæli höfð orðrétt eftir. Í upphafi leiks segir oddviti knattspyrnusambands Englands við herra Ólaf Ragnar Grímsson: „Eru ekki bara allir Íslendingar mættir hérna, er bara nokkur heima á Íslandi?“ Margur hefði haldið að þetta væru kurteislegar samræður eða jafnvel vinalegt spjall en forseti vor skynjaði á örskotsstund að hér var verið að lítillækka land og þjóð. Og þegar við komumst yfir í leiknum hallaði hann sér að oddvitanum og mælti hin fleygu orð; „Þú hefðir kannski átt að spara þér brandarann hérna í upphafi.“

Þetta var söguleg stund sem hefur ekki fengið nægilega athygli. Ef ekki væri fyrir nokkur fjölmiðlaviðtöl sem Ólafur hefur af hógværð sinni veitt og þennan greinarstúf minn myndi enginn vita hver hlutur okkar félaganna í sigri íslenska landsliðsins var. Og áfram mun ríkja sá misskilningur að fegurð leiksins og samkennd þjóða eigi að ríkja yfir hnútukasti og þjóðernisrembingi. Viðtöl og greinaskrif okkar Ólafs munu eflaust ekki duga til að leiðrétta þetta og rétta okkar hlut. Ólafur og ég verðum því að ganga auðmjúkir frá leik undir merki Steins Steinarr; „Mitt stolt er að vera sonur þessarar þjóðar. En þjóðin er ekki líkt því eins stolt af mér.“


4BLS
KIPPA ÚT :)
ÁFRAM
ÍSLAND
STÚTFULLAR VERSLANIR AF ÖLLUM NÝJUSTU GRÆJUNUM
Í Júlí fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum með 3.5% lántökugjaldi og 405kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga
50% LÆKKUN
ALLT AÐ 50% LÆKKUN AF ÖLLUM MINNISKORTUM ÓTRÚLEGT ÚRVAL!
MINNISKORT
Nú er sannarlega rétti tíminn til að næla sér í minniskort á frábæru verði, allt að 50% lækkun:)
ALLT AÐ 50%
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
3 LITIR
Trust
FERÐAHÁTALARI
Stórlæsilegur Bluetooth hátalari með 8 tíma rafhlöðuendingu. Tilvalin í ferðalagið eða bústaðinn.
4.990
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
GPS SNJALLÚR
FRÁBÆRT GPS KRAKKA SNJALLÚR MEÐ 1,22" LED SNERTISKJÁ, SOS TAKKA FYRIR NEYÐARSÍMTAL OG SMS MEÐ STAÐSETNINGU HÆGT AÐ HRINGJA Í ÚRIÐ OG FYLGJAST MEÐ FERÐUM BARNSINS.
9.990
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
SILICON BUMPER VARNARHLÍF
ROCK100 HEYRNARTÓL FYLGJA
SPJALDTÖLVA
Spjaldtölva fyrir yngri kynslóðina með hlíf sem ver tölvuna fyrir höggi, hágæða heyrnartól í stíl fylgja með ;)
9.990
AÐEINS 100 STK!
SOS HNAPPUR
SENDIR BOÐ Í SÍMA FORELDRA!
Blátt
Bleikt
TÖLVUTEK
NÝ LEIKJADEILD Á NEÐRI HÆÐINNI Í HALLARMÚLANUM
30. JÚNÍ 2016 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL • Tölvutek er stærsta sérhæfða tölvuverslun landsins í fermetrum verslunarrýmis talið, samkvæmt niðurstöðu Neytendastofu þann 10.05.2016
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# ÚRVALIÐ ER

## Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EIT

### acer E5-552
3 LITIR

1920x1080 FHD ANTI-GLARE SKJÁR MEÐ BLUELIGHT SHIELD

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 119.990

KEMUR Í ÞREMUR LITUM

**NÝJASTA KYNSLÓÐ FARTÖLVA**

Ný kynslóð fartölva með 4ra kjarna Carrizo örgjörva, öflugra þráðlausu neti, enn hraðari SSHD harðdisk og TrueHarmony hljóðkerfi.

- AMD A10-8700P Quad Core 3.2GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
- 8GB AMD R6 Carrizo DX12 skjákjarni
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.1, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

**99.990**

FÆST Í 3 LITUM

### TOSHIBA C40C
C40-C-10Q

- Intel Dual Core N3050 2.16GHz Burst
- 2GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 32GB SSD og allt að 128GB microSD
- 14" HD LED TruBrite 1366x768
- Intel HD skjástýring og HDMI
- 2.0 hljóðkerfi með góðum hátölurum
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- Innbyggð 480p vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**39.990**

TOSHIBA Á BETRA VERÐI;)

### acer E5-473
3 LITIR

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 99.990

1920x1080 FHD FULL HD SKJÁR ANTI-GLARE VÖRN

- Intel Pentium Dual Core 3556U 1.7GHz
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 14" FHD LED AntiGlare 1920x1080
- Intel HD Graphics DX12 skjákjarni
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**89.990**

FÆST Í 3 LITUM

### acer

BAKLÝST LYKLABORÐ FULLRI STÆRÐ

DOLBY DIGITAL PLUS HOME THEATER

### acer ASPIRE ZC
107 AIO

VANDAÐ LYKLABORÐ OG MÚS

- AMD Beema Quad Core E2-6110 1.5GHz
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 7200RPM diskur
- 20" HD+ LED Glare 1600x900 skjár
- 4GB AMD R2 128GCN DX12 skjákjarni
- 2.0 Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- 1080p FHD High Sense vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Update!

**79.990**

ÚRVAL AF SKJÁTÖLVUM!

### GIGABYTE mini BRIX i3 SKYLAKE TÖLVUTILBOÐ

BURSTUÐ TITANIUM ÁFERÐ ;)

256GB SSD

- GIGABYTE mini BRIX i3 borðtölva
- Intel Core i3-6100U 2.3GHz 4xHT
- 8GB DDR4 2133MHz vinnsluminni
- 256GB SSD M.2 Plextor M7V diskur
- 1GB Intel HD 520 DX12 skjákjarni
- 2x USB 3.1 Type-C&A & Bluetooth 4.2
- 867Mbps Dual WIFI AC þráðlaust net
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

**129.990**

ÚRVAL AF BRIX FRÁ 69.990

### FIËSTABT
MEÐ Á ÞJÓÐHÁTÍÐ! SPILAÐU TÓNLIST EÐA SYNGDU MEÐ Í ALLT AÐ 50 TÍMA MEÐ INNBYGGÐRI RAFHLÖÐU

**ÞRÁÐLAUST PARTÝ HLJÓÐKERFI**

Ótrúlega kraftmikill og bráðskemmtilegur bluetooth ferðahátalari með hljóðnema og hólfi fyrir snjalltækið. Hentar einstaklega vel fyrir útileguna og partýin.

- Kraftmikill og hljómgóður 40W hátalari
- Innbyggð endurhlaðanleg rafhlaða
- Allt að 50 tíma spilun möguleg á hleðslu
- Allt að 10 metra drægni á bluetooth
- USB port til að hlaða öll helstu snjalltæki
- 1x input fyrir hljóðnema og 1x AUX input
- Hljóðnemi fylgir fyrir söngelska
- Allt að 5 tíma spilun á 100% hljóðstyrk

EXPRESS YOURSELF

**19.990**

FIËSTA PRO AÐEINS 29.990

### Trust DIXXO
LED

LED LÝSING EINSTAKLEGA FLOTT SÉRSTILLANLEG 360 GRÁÐU LED LÝSING

**ÞRÁÐLAUS LED HÁTALARI**

- Ótrúlegur Bluetooth ferðahátalari
- Kraftmikið hljóð 10W RMS 20W Peak
- Fjöldi ljósastillinga sem hreyfast í takt
- Spilar einnig af microSD korti og USB
- Endurhlaðanleg rafhlaða, allt að 15 tímar!
- Frábær drægni, allt að 10 metrar
- Spilar tónlist og hægt að taka símtöl

**9.990**

FRÁBÆR Í ÚTILEGUNA!

### SEAGATE 1TB Slim
BACKUP PLUS

4 LITIR

**STÓRGLÆSILEGUR FERÐAFLAKKARI**

Örþunnur og fisléttur ferðaflakkari með tímamóta hugbúnaði fyrir flestar tölvur og tæki, afritaðu myndasafnið beint af síma eða tölvu eða beint úr Facebook og álíka miðlum.

- Örsmár Seagate USB3.0 ferðaflakkari
- Einstaklega falleg Slim Metal hönnun
- Fær straum úr USB tengi
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- Vistaðu beint á flakkarann í Facebook
- Örþunnur og fisléttur aðeins 150 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

**12.990**

2TB AÐEINS 19.990

### FREEFLY VR
5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 14.990

UPPLIFÐU 360°

**LÚXUS 360° VR GLERAUGU**

- Hágæða VR sýndarveruleikagleraugu
- Dúnmjúkur andlitspúði úr Faux-leðri
- 120° sjónarsvið veitir bestu upplifunina
- Viðar 42mm linsur með þokuvörn
- Fyrir nær alla 4.7" - 6.1" snjallsíma
- Auðvelt að koma símanum fyrir og stilla af
- Fislétt hönnun, aðeins 295 grömm
- Bluetooth fjarstýring fyrir helstu aðgerðir

**9.990**

KOMDU AÐ PRUFA:)

### acer B1-750
ICONIA

250% ÖFLUGRI NÝJUSTU 3D LEIKJUM MEÐ INTEL CLOVER-TRAIL+ ÖRGJÖRVA

1280x800 IPS HD FJÖLSNERTISKJÁR 178° SJÓNARHORN

- 7" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Quad Core Z3735G 1.83GHz Burst
- Intel HD Graphics DX11 skjákjarni
- 8GB flash og allt að 64GB Micro SD
- 300Mbps WiFi net, Bluetooth 4.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 7 tímar
- USB2 micro og Micro SD kortalesari
- Tvær vefmyndavélar 5MP og 0.3MP
- Android 4.4 stýrikerfi og fjöldi forrita

**19.990**

VINSÆLASTA SPJALDTÖLVAN OKKAR!

### acer
1280x800 IPS HD FJÖLSNERTISKJÁR 178° SJÓNARHORN

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 9.5mm OG 540gr

### ADATA HV100 — 9.990
1TB FERÐAFLAKKARI

### LACIE 4TB PORSCHE — 29.990
3TB AÐEINS 24.990

4TB PORSCHE FLAKKARI

### GIGABYTE M7700B — 4.990
ÞRÁÐLAUS MÚS

### POINT OF VIEW — 7.990
ÚRVAL SPJALDTÖLVA Á VERÐI FRÁ 7.990

7" SPJALDTÖLVA

### 16GB WIFI — 62.990
10 ÞÚSUND LÆGRA VERÐ! ALGENGT VERÐ 72.990

16GB iPad Mini 4

### SEAGATE 3TB EXPANSION — 19.990
8TB AÐEINS 49.990

3TB USB3 FLAKKARI

### Silicon Power S55 — 11.990
120GB AÐEINS 7.990

240GB SSD DISKUR

### WENGER VERÐ FRÁ: 4.990
MIKIÐ ÚRVAL:) AF HÁGÆÐA TÖSKUM FRÁ WENGER!

HÁGÆÐA TÖSKUR

### Trust VERÐ FRÁ 2.990
ALVÖRU GALLABUXNA EFNI ;)

SPJALDTÖLVUHLÍF

### fitbit CHARGE — 19.990
3 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 22.990

FITBIT HEILSU ÚR

GIGABYTE LACIE Silicon Power Lenovo TOSHIBA SEAGATE IFIXIT TÖLVUTEK

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
30. JÚNÍ 2016 FIMMTUDAGUR

# BÆÐI LÁTLAUS OG ÁBERANDI

**Herra Hnetusmjör** hefur verið áberandi í íslensku rappsenunni undanfarið. Hann fylgist helst með tísku gegnum tónlistarmyndbönd og Instagram. Uppáhaldsflíkin hans er KBE-jakkinn hans.



**Peysan er frá Tommy Hilfiger og buxurnar frá Levi's. Sólgleraugun eru frá Versace.** MYNDIR/EYÞÓR

FRAMHALD Á SÍÐU 2

Góðar gallabuxur

kr. 14.900.-
str. 36-46/48

Háar í mittið
7/8 lengd

2 litir



Ríta

Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030




Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is





K-BRÚN
Opið 11:30 - 18:00
Íslensk hönnun Sundlaugarvegi Sími: 517 3640




Jakkinn er frá Tommy Hilfiger og buxurnar frá Levi's.
MYNDIR/EYÞÓR



Buxurnar eru frá Levi's og bolurinn frá Ralph Lauren. KBE-húfa á hausnum og Jordans-skór.

Rapparinn Árni Páll Árnason, eða Herra Hnetusmjör, sem er undrabarn úr austurhluta Kópavogs að eigin sögn, henti fyrsta lagi sínu á netið fyrir tveimur árum og hefur ekki stoppað síðan. Fatastíll hans einkennist bæði af mjög látlausum og þægilegum fatnað en einnig mjög áberandi fötum. Týpískur fatnaður samanstendur af svartri hettupeysu, derhúfu og lillabláum satínjakka. Hann fílar flotta skó og stóra jakka, ljósbláar og svartar gallabuxur. Stórar keðjur og gott úr setja svo punktinn yfir i-ið.

**Hvenær fékkstu áhuga á tísku?** Ég byrjaði að pæla í tísku þegar ég fór til Bandaríkjanna tíu ára gamall. Ég kíkti inn í búðina Ecko unltd og sá þar risastóra jakka, derhúfur, víðar gallabuxur og keðjur. Það varð ekki aftur snúið. Síðan þá hef ég aðeins slakað á og rokka ekki föt sem eru fimm númerum of stór.

**Hvernig blandast tónlistar- og tískuheimurinn?** Tónlistin og listamenn hafa auðvitað massaáhrif á mann. Ég elska eiginlega allt sem Rick Ross klæðist. Hann á leðurjakkasafn, marga hverja úr krókódílaskinni og er þekktur fyrir að rokka Versace-silkiskyrtur. Ég las líka að hann ætti eitt stærsta vintage sólgleraugnasafn í heiminum, sem er nett. Svo spilar rappið auðvitað inn í skóáhugann; Jordans alla daga.

**Hvernig fylgist þú helst með tískunni?** Ég fylgist í rauninni ekkert með tísku, nema helst í gegnum tónlistarmyndbönd og á Instagram þar sem ég spotta eitthvað nett. Svo er Joe Frazier að benda mér á nett stöff. Hann kynnti mig t.d. fyrir Tommy Hilfiger merkinu en ég keypti slatta af þannig flíkum um daginn.



KBE jakkinn er í mestu uppáhaldi.

**Áttu þér uppáhaldsverslanir?** Ég er lítið í því að fara í verslunarleiðangra heldur kaupi frekar á netinu eða bara í bölki þegar ég fer til útlanda. Nýlega fór ég til Bandaríkjanna og ef ég ætti að nefna einhverjar búðir eru það Tommy Hilfiger, Ralph Lauren og Levi's.

**Áttu uppáhaldshönnuði?** Ég er ekki nógu djúpt í leiknum til að eiga uppáhaldshönnuði. Þó fíla ég munstrin í Versace þótt ég eigi engar flíkur frá því merki. Samt á ég sturluð sólgleraugu frá Versace. Hérna heima er það klárlega Reykjavík Roses.

**Eyðir þú miklu í föt miðað við jafnaldra þína?** Ég er ekkert að spyrjast fyrir um hvað hómís eru að eyða í föt. Held samt að ég sé ekkert að missa mig meira en félagar mínir, við erum slakir.

**Áttu þér uppáhaldsflík?** Það er klárlega KBE-jakkinn minn sem er blár baseball-jakki með hvítum ermum sem ég lét gera á netinu. Þetta er í rauninni bara Yankees-jakki með KBE áletrun í staðinn, sem er heitið á genginu mínu.

**Bestu og verstu kaup þín?** Bestu kaupin eru sennilega KBE-jakkinn en verstu kaupin eru örugglega einhver jakki sem ég týndi stuttu eftir að ég keypti hann.

**Notar þú fylgihluti?** Já, ég elska fylgihluti og er nær alltaf með keðju, hring og úr. Ef ég er í stuði nota ég sólgleraugu.

**Hvað er helst að gerast í tónlistinni hjá þér í sumar?** Ég kom fram á Secret Solstice tónlistarhátíðinni sem var mjög gaman. Síðan kem ég fram á Húkkaraballinu á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum síðar í sumar. Annars hlakka ég til að gefa út efnið sem ég sit á. Ég er búinn að vinna nýtt efni þó ég hafi ekki gefið neitt út síðan í desember. Það er lager á leiðinni.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

jonogoskar.is

# Lagerhreinsun

## 30. júní–9. júlí




**50–70%** afsláttur af völdum úrum
**50%** afsláttur af völdu skarti

Armani, Michael Kors, Skagen, Jacob Jensen, DKNY,
Diesel, Adidas, Fossil, Casio, Delma og Maurice Lacroix

Laugavegur 61 | Kringlan | Smáralind | Sími 552 4910

JÓN & ÓSKAR

PIPAR\TBWA • SÍA











Húfan er frá Coldest sem tólf ára gamall vinur Natalie, Jóel Bjarni, hannaði. Natalie er með sólgleraugu frá Ray Ban, í hettupeysu frá Bernhard Wilhelm, jakka frá Gaspard Yurkievich, buxum frá Urban Classics og í Nike-skóm. MYND/EYÞÓR

# UPPÁHALDSFLÍKIN EFTIR 12 ÁRA VIN

**Natalie Gunnarsdóttir**, DJ Yamaho, sækir tískufyrirmyndir til fólks sem fer sínar eigin leiðir í tísku og er óhrætt við að fylgja hjartanu.

**Spáir þú mikið í tísku?** Já, ég pæli alveg í tísku. Mér finnst gaman að sjá hvernig sumir hönnuðir endurspegla tímana sem við lifum á og fagurfræðileg sjónarmið.

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Ég myndi lýsa honum sem einföldum. Ég er yfirleitt alltaf í svörtu en er aðeins farin að koma með liti með, enda sumar.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Ég kaupi þau út um allt. Ég á oft erfitt með að finna föt en þegar ég sé það sem mig langar í þá kaupi ég það.

**Eyðir þú miklu í föt?** Það er rosa misjafnt. Ég tek þetta í tímabilum, stundum alveg fullt og stundum ekki neitt. Ég held samt að ég verði að fara að losa mig við eitthvað áður en ég kaupi meira. Held að fataskápurinn þoli ekki meira.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Uppáhaldsflíkin mín þessa dagana er „COLDEST“ derhúfan mín sem hinn 12 ára gamli vinur minn, Jóel Bjarni, sem er búsettur í London, hannaði. Ekkert smá töff húfa og ég geng með hana næstum daglega. Held meira að segja að hann sé farinn að selja hana hérna á landinu í Neon í Kringlunni.

**Uppáhaldshönnuður?** Rick Owens & Sigga Maja. Bernhard Wilhelm er líka í miklu uppáhaldi.

**Bestu kaupin?** Held að það sé Bernhard Wilhelm Bomber-jakki sem ég keypti fyrir löngu. Hann stendur alltaf fyrir sínu.

**Verstu kaupin?** Erfitt að benda á eitthvað eitt, en mér finnst alltaf vont að kaupa dýra flík sem ég nota svo aldrei.

**Hverju verður bætt við fataskápinn næst?** Næst á dagskrá eru gallabuxur.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Minn helsti veikleiki eru dýr fatamerki og strigaskór. Er haldin áráttu að finnast eiginlega bara dýr föt flott.

**Notar þú fylgihluti?** Ég nota mikið sólgleraugu og hringa, eða nánar tiltekið einn hring sem Bjarki frændi minn gaf mér. Þykir afar vænt um hann og þess vegna skil ég hann ekki við mig.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Mínar fyrirmyndir er fólk sem fer sínar eigin leiðir í tísku og er óhrætt að fylgja hjartanu frekar en hvað er það nýjasta í tísku.

**Hvað er fram undan hjá þér?** Það sem er fram undan hjá mér er að spila í Finnlandi á tónleikafestivali. Og svo bara vera almennt í stuði. Áfram Ísland!

Augnheilbrigði

# Þurr augu?




**Tvöföld virkni**

**Sex sinnum lengri ending**

**Nýtt**

**án rotvarnarefna**

Thealoz Duo® er ný aðferð við meðhöndlun augnþurrks sem sækir innblástur beint til náttúrunnar. Til þess að koma jafnvægi á tárafilmuna notum við náttúrulegu efnin trehalósa, sem kemur á jafnvægi og verndar frumurnar á yfirborði hornhimnunnar, og hýalúronsýru, sem smyr yfirborð hornhimnunnar og gefur henni raka.

**TREHALÓSI**

Finnst í mörgum jurtum og hjálpar þeim að þrífast við þurrar aðstæður. Trehalósi verndar frumurnar og gerir þeim kleift að starfa með fullum afköstum.

**HÝALÚRONSÝRA**

Er að finna í augunum og hefur einstaka getu til að binda vatn. Hjálpar til við að smyrja og viðhalda táravökvanum á yfirborði augans.

provision

Fæst í öllum helstu apótekum.






Króatíski leikmaðurinn Ivan Perisic skartaði fánalitunum í hárinu í leik liðsins gegn Portúgal í sextán liða úrslitum. Það dugði þó ekki til þar sem Portúgal vann leikinn 1-0. NORDICPHOTOS/GETTY

# HÁRIÐ Á EM

Það kemst lítið annað að í hugum landsmanna þessa dagana en fótbolti. Flestir hafa gaman af því að fylgjast með færni leikmanna á vellinum en fyrir marga er líka gaman að skoða hárgreiðslur þeirra. Sumir eru skrautlegri en aðrir eins og sjá má á þessum myndum.



Það virðist vera nokkuð algengt að raka mynstur í hliðarnar og er Belginn Divock Origi einn þeirra sem finnst það vera töff.



Marko Arnautovic hefur oftsinnis lent á lista þeirra fótboltamanna sem þykja hafa verstu hárgreiðsluna með sinn stráksnúð og rakað í kring.



Gegn Íslandi var Ronaldo með tvær litlar línur rakaðar í hárið fyrir aftan eyrað en þær voru tákn um stuðning hans við barn með krabbamein.



Frakkinn Paul Pogba er þekktur fyrir hárgreiðslur sínar sem eru eins ólíkar og þær eru margar. Svona leit hann út í leik Frakklands við Albaníu.



Fellaini hefur löngum verið þekktur fyrir sinn krullukoll en hann litaði lokkana ljósa fyrir mótið.



Það vakti athygli þegar Aaron Ramsey frá Wales aflitaði hár sitt fyrir Evrópumótið og höfðu menn á því skiptar skoðanir.



Radja Nainggolan er áberandi leikmaður með aflitaðan hanakamb og stórt tattú á hálsinum.







ÚTSALA
30-80%
afsláttur af öllum útsöluvörum!
Opið til
kl 21.00
ÚTSALAN
HEFST Í DAG!
Gerðu FRÁBÆR kaup á útsölunni
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
BLÚSSA ÁÐUR 5.990 NÚ 4.193 St. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 9.990 NÚ 6.993 St. S-XL
BOLUR ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 St. S-XXXL
BUXUR ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 St. S-XXXL
BLÚSSA ÁÐUR 5.990 NÚ 4.193 St. S-XL
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 5.593 St. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 5.593 St. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 4.193 St. S-XL
TÚNIKA ÁÐUR 4.990 NÚ 3.493 St. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 4.990 NÚ 2.495 St. S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 St. S-XXXL
BUXUR ÁÐUR 4.990 NÚ 990 St. S-XXXL
Heiðar Jónsson verður með okkur á milli kl 14-18 á morgun, föstudag!
-30% Útsöluverð 6.993,- Fullt verð 9.990,- st. 36-41
-30% Útsöluverð 6.293,- Fullt verð 8.990,- st. 36-41
-30% Útsöluverð 8.393,- Fullt verð 11.990,- st. 36-41
-30% Útsöluverð 3.493,- Fullt verð 4.990,- st. 36-41
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

# KOMAST UPP MEÐ HVAÐ SEM ER

Fatahönnuðirnir **Mary-Kate** og **Ashley Olsen** hafa verið áberandi á rauða dreglinum frá unga aldri og eru tískufyrirmyndir margra. Þær klæðast oftar en ekki mörgum lögum og velja yfirleitt föt í yfirstærð.

Tvíburasysturnar Mary-Kate og Ashley Olsen hanna undir merkjum The Row sem er lúxusmerki og Elizabeth and James sem er hversdagslegra. Þær þykja hafa einstakt auga fyrir smáatriðum og eru óhræddar við að setja ólíka hluti saman. Þær klæðast gjarnan mörgum lögum og eru fötin yfirleitt þremur númerum of stór. Þær leggja sömuleiðis mikla áherslu á handtöskur og flatbotna skó ásamt retróskarti. Fatastíll þeirra systra er langt frá því að vera dæmigerður fyrir Hollywood þar sem algengara er að sjá skósíða hafmeyjukjóla. Þær þykja eftir sem áður yfirmáta smart og virðast taka sig vel út í nánast hverju sem er. Þær eru jafnframt ófeimnar við að klæða sig í stíl, sem almennt þykir ekki til eftirbreytni, og komast yfirleitt alltaf upp með það.

**Hér eru örfá atriði sem einkenna stíl þeirra systra:**

- Jakkar í yfirstærð yfir víða skyrtu og fleiri flíkur
- Kjólar í yfirstærð
- Víðar buxur
- Marglaga svartur klæðnaður, gjarnan með mismunandi efnisáferð
- Loð og leður
- Flatbotna skór, gjarnan í herralegri kantinum
- Ökklasíðir kjólar
- Skósíðir maxí-kjólar
- Stórar handtöskur
- Retróskart

**Áhugasamir geta kynnt sér hönnun þeirra systra á therow.com og elizabethandjames.us**



Jakkar í yfirstærð fara systrunum vel.



Marglaga svartur klæðnaður er einkennandi fyrir Olsen-systur. Sömuleiðis stórar handtöskur og flatbotna skór.




# FÉKK INNBLÁSTUR FRÁ EASTWOOD

Tíu ár eru síðan myndin The Devil Wears Prada kom út en þar sýndi Meryl Streep snilldarleik sem hin illræmda Miranda Priestly. Löngum hefur verið talið að Streep hafi fengið innblástur fyrir hlutverk sitt frá Önnu Wintour, ritstjóra Vogue, en hún hefur nú upplýst að svo er ekki. Persónusérkenni Miröndu Priestly fékk hún héðan og þaðan. Röddina fékk hún til að mynda frá leikstjóranum og stórleikaranum Clint Eastwood. „Hann hækkar aldrei, aldrei, aldrei, röddina sem gerir að verkum að allir þurfa að sperra eyrun til að hlusta. Þetta gerir hann sjálfkrafa að valdamestu manneskjunni á svæðinu,“ sagði Streep í viðtali við Variety. Þurran húmor Miröndu fékk Streep frá leikstjóranum Mike Nichols en hún hefur starfað með honum að nokkrum myndum. Útlitið er blanda frá tveimur konum. Fyrst hinni stórglæsilegu leikkonu og fyrirsætu Carmen Dell'Orefice sem er þekkt fyrir hvíta og háa hárgreiðsluna. „Ég vildi blanda saman stíl hennar við glæsileika og valdsmannlega framkomu Christine Lagarde.“



Meryl Streep í hlutverki sínu sem Miranda Priestly.






# HELENA RUBINSTEIN KYNNING

## Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS.




### PRODIGY REVERSIS KREM OG OLÍA GEFA 3X NÆRÐARI OG MEIRA LJÓMANDI HÚÐ EFTIR AÐEINS VIKU NOTKUN.

Veist þú að þurrkur á þátt í 2/3 af sjáanlegum öldrunarmerkjum húðarinnar og umhverfis augu og varir þar sem þau myndast yfirleitt fyrst. Prodigy þurr-olían smýgur djúpt ofan í húðina og gefur næringu, mýkt og raka. Hún veitir þægindi, vinnur gegn húðskemmdum og minna ber á línum og hrukkum. Hitaðu 2-3 dropa í lófunum, þrýstu mjúklega á hreint andlit, háls og bringu áður en þú berð kremið á húðina.

**GÓÐ RÁÐ:** Setjið 1 dropa á andlitið í eða eftir flug sem „Rescue Oil". Blandaðu 2 dropum í kremið þitt fyrir auka næringu. Blandaðu 1 dropa í farðann þinn fyrir ómótstæðilegan ljóma.

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HELENA RUBINSTEIN VÖRUM**

Re-Plasty PRO FILLER augn- og varakremið er fyrir kröfuharðar konur sem vilja sýnileg áhrif og langtíma virkni á línur og hrukkur.

**GLÆSILEGIR KAUPAUKAR AÐ HÆTTI HR.**

Lyf & heilsa
Kringlunni

FRÉTTABLAÐIÐ

59,5%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.






Skv. prentmiðlakönnun Gallup, janúar–mars 2016




Allt sem þú þarft ...





**Saumaklúbburinn tilbúinn fyrir leikinn en Guðbjörg saumaði boli á allan saumaklúbbinn eftir að þær sáu hana í bolnum eftir fyrsta leikinn. Saumaklúbburinn heitir Bolarnir og hefur hist í 17 ár. Svanlaug Kjartansdóttir, Dagný Björk Ólafsdóttir, Guðbjörg Bergsveinsdóttir og Þórhildur Ingvadóttir.** MYND/INGA HEIÐA HEIMISDÓTTIR

# HORFÐI ALDREI Á FÓTBOLTA

**Guðbjörg Bergsveinsdóttir** hafði engan áhuga á fótbolta áður en sigurganga íslenska landsliðsins á EM hófst. Nú öskrar hún af fögnuði fyrir framan sjónvarpið og dreif í að sauma sér viðeigandi klæðnað þegar ljóst var í hvað stefndi,bol í íslensku fánalitunum.

„Ég byrjaði á að gera mér bol eftir fyrsta leikinn sem Ísland lék. Þá vildi ein úr saumaklúbbnum fá líka og svo komu hinar á eftir. Ég setti síðan mynd af mér í bolnum á Facebook og þá vatt þetta hratt upp á sig. Nú er ég með fjölmargar pantanir sem ég þarf að klára fyrir næsta leik,“ segir Guðbjörg Bergsveinsdóttir, klæðskeri á Selfossi, en hún situr við saumavélina frá morgni til kvölds við að sauma dömuboli í fánalitunum.

„Ég er bara á fullu að sauma, það vilja auðvitað allir fá bolinn fyrir sunnudaginn, þegar Ísland spilar á móti Frakklandi. Það eru líka nokkrar sem ætla út til Parísar á leikinn og hafa pantað boli hjá mér,“ segir Guðbjörg, enda sé ólíkt sparilegra yfirbragð á bolunum hennar en treyjunni sjálfri.

> Nú er bara öskrað og fagnað fyrir framan sjóvarpið.
>
> Guðbjörg Bergsveinsdóttir

„Bolinn má svo vel nota við önnur hátíðleg tilefni. Við vorum til dæmis þrjár úr vinkvennahópnum í bolnum í vinnunni, daginn eftir að Ísland komst í átta liða úrslitin,“ segir Guðbjörg og bætir við að þrátt fyrir fánalita klæðnaðinn sé fótboltaáhugi hennar frekar nýtilkominn.

„Ég hef aldrei fylgst neitt með fótbolta. Íþróttir eru ekki mitt áhugamál og ég hafði aldrei horft á heilan fótboltaleik. En það er ekki annað hægt en að hrífast með góðu gengi liðsins, eins og öll þjóðin og nú er maður kominn á kaf í þetta. Nú er bara öskrað og fagnað fyrir framan sjóvarpið,“ segir Guðbjörg hress.

Guðbjörg kennir í grunnskólanum í Þorlákshöfn milli þess sem hún saumar á eigin stofu, Skraddarastofunni á Selfossi. Hún opnaði stofuna árið 2003 og lauk klæðskeranáminu í Iðnskólanum árið eftir. „Ég lauk svo meistaranámi 2014 og bætti svo við mig kennsluréttindum. Ég er mest í sérsaumi og fatabreytingum og hef ekki verið að sauma eigin hönnun áður. Kannski verður þetta upphafið að einhverju svoleiðis. Ég býst svo sem ekki við að útfæra bolina neitt frekar. Ég vona bara að efnið endist eitthvað áfram.“

# BUXUR OG KJÓLL SAMAN Á NÝ

Það er eins og allir helstu tískuhönnuðirnir hafi komið saman í lokuðum Facebook-hóp og samþykkt einróma að kjólar og síðbuxur hafi verið aðskilin allt of lengi. Síðast sveiflaðist tískan í þessa átt í kringum aldamótin þegar enginn var fólk með öðru fólki nema í blómakjól utan yfir stuttum gallabuxum. Það sem er jafnvel enn þá heitara næsta sumar er að þessi tíska er ókynbundin sem þýðir að öllum er jafn frjálst að vera í kjól utan yfir buxum.

> » Í kringum aldamótin var enginn fólk með öðru fólki nema í blómakjól utan yfir stuttum gallabuxum.



**Kjólar yfir buxur eru bæði þægilegir og klæðilegir.**



**Karlar verða í buxum og kjól næsta sumar.**

# Garðabær og Hafnarfjörður

30. júní 2016



## Fjölbreytt flóra safna

**Í Hafnarfirði og Garðabæ er að finna fjölmörg söfn og sýningar sem gaman er að skoða.** **SÍÐA 4**

## Bæjarbúar yndislegir

**Andrea Magnúsdóttir fatahönnuður er heimavön bæði í Garðabæ og Hafnarfirði.** **SÍÐA 10**

# Allir eru víkingar inn við beinið

**Björgvin Halldórsson** er Hafnfirðingur í húð og hár. Hann segist hafa búið víða á höfuðborgarsvæðinu en það jafnist ekkert á við Fjörðinn. Björgvin var að gefa út vinsæl Íslandslög á dögunum þar sem eru 40 vinsæl íslensk sönglög. Þar utan er hann farinn að undirbúa jólin.

Það eru 25 ár síðan Björgvin gaf út Íslandslög í fyrsta sinn en alls hafa nú komið út sjö plötur með vinsælum íslenskum söngperlum og sú áttunda er í bígerð. Á nýju plötunni eru 40 Íslandslög. Lögin eru frá ýmsum tímaskeiðum og skipa mörg þeirra heiðurssæti hjá þjóðinni. Björgvin segist hafa viljað minnast þess að 25 ár væru síðan fyrsta platan kom út. „Þetta eru lög sem allir þekkja, mikill fjársjóður af fallegum lögum sem við þurfum að varðveita,“ segir hann. „Nú er ég að undirbúa ýmsa tónleika sem verða á næstunni, meðal annars á Írskum dögum á Akranesi. Síðan er ég að undirbúa jólatónleika mína en þeir eru í vinnslu allt árið.“

Þegar Björgvin er spurður um Hafnarfjörð segir hann að það skemmtilegasta við bæinn sé hvað bæjarmenningin hefur haldið sér þrátt fyrir fólksfjölgun og nálægð við höfuðborgina. „Bærinn hefur auðvitað breyst töluvert en hann heldur enn í sjarmann. Áður fyrr þekkti maður bæjarbúa og hverra manna fólk var á svipmóti, göngulagi og háttalagi. Núna fer það þverrandi og það er miður. Kynlegu kvistirnir hverfa í fjöldann,“ segir hann.

> **Áður fyrr þekkti maður bæjarbúa og hverra manna fólk var á svipmóti og göngulagi.**
>
> *Björgvin Halldórsson*

Björgvin segir margt skemmtilegt að sjá í Hafnarfirði. „Það er líka gaman að kíkja á kaffihúsin hér í bænum eða veitingahúsin. Svo er Hafnarborg frábært gallerí og umhverfið heillandi. Mér fyndist allt í lagi að Strandgatan fengi andlitslyftingu og svo væri gaman að fá fleiri sérhæfðar verslanir sem myndu til dæmis selja vörur sem eingöngu væri hægt að fá í Hafnarfirði. Við höfum sérverslanir eins og Kalaish og Siggu og Timo og þurfum fleiri slíkar,“ segir Björgvin.

Björgvin var spurður hvort Hafnarfjörður væri víkingabær eða bær tónlistarmanna.

„Það búa margir listamenn í Hafnarfirði og þá sérstaklega fer tónlistarmönnum fjölgandi. Við erum með fyrsta hljóðverið sem byggt var á Íslandi, Hljóðrita. Svo erum við Hafnfirðingar auðvitað allir víkingar inn við beinið.“

elin@365.is



**Björgvin Halldórsson segir að best sé að búa í Hafnarfirði og er ánægður með mannlífið þar.**



**Byggðasafnið í Hafnarfirði er einstaklega skemmtilegt og oft fjölbreyttar sýningar þar. Við hlið þess stendur hið gamla hús A. Hansen þar sem þessi stytta stendur.**



**Krókur á Garðaholti.**

# Segir frá lífinu í Króki

Krókur á Garðaholti er fallegur lítill bárujárnsklæddur burstabær sem var endurbyggður úr torfbæ árin 1923, 1934 og 1944 og er nú varðveittur með upprunalegu innbúi síðustu ábúenda, hjónanna Þorbjargar Stefaníu Guðjónsdóttur og Vilmundar Gíslasonar. Þorbjörg bjó í Króki allt til 1985 en eftir að hún lést gaf fjölskyldan Garðabæ bæjarhúsin ásamt innbúi þannig að hægt væri að varðveita Krók. Sunnudaginn 3. júlí kl. 13 til 17 fá gestir safnsins í Króki á Garðaholti tækifæri til að hitta Elínu Vilmundardóttur sem ólst upp á bænum, spjalla við hana og hlusta á hana segja frá lífinu þar.

Systurnar Elín og Vilborg Vilmundardætur höfðu yfirumsjón með hvernig húsgögnum og munum var raðað þannig að það væri eins og í tíð móður þeirra, enda verður sú tilfinning sterk þegar gengið er um bæinn að gamla konan hafi bara rétt skroppið af bæ. Krókur er gott dæmi um alþýðuheimili frá fyrri hluta 20. aldar og má þar sjá ýmislegt forvitnilegt sem sumir muna eftir frá fyrri tíð. Í tilefni af endurkomu Elínar í Krók verður boðið upp á kaffi. Eins og aðra sunnudaga í sumar er opið kl. 13 til 17, ókeypis inn og allir velkomnir. Bílastæði eru við samkomuhúsið á Garðaholti.

ÚTGEFANDI | 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24 | s. 512 5000
VEFFANG visir.is
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439



**Heiðar J. Sveinsson, framkvæmdastjóri Hyundai, stendur hér hjá Tucson-jeppa sem er söluhæsti bíllinn hjá fyrirtækinu.**




**Samheldinn hópur starfsmanna Hyundai í landsliðstreyjum en þar á bæ er einhugur um álit á íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu.**

# Hyundai stendur fyrir öryggi og gæði

**Hyundai** hefur verið í Kauptúni í Garðabæ síðan 2012 og þar er öll starfsemi og þjónusta við viðskiptavini á einum stað. Heiðar J. Sveinsson framkvæmdastjóri segir aðalsmerki Hyundai vera fallega hönnun og áreiðanleika.

Hyundai hefur verið hluti af bifreiðaumboðinu BL ehf. síðan 1992 en í september 2012 var ákveðið að færa starfsemi Hyundai í ný og glæsileg húsakynni í Kauptúni 1 í Garðabæ. Ástæðan var meðal annars sú, að sögn Heiðars J. Sveinssonar framkvæmdastjóra, að þar væri hægt að hafa alla starfsemina á einum stað og uppfylla staðla framleiðanda. „Hér á þessu svæði er bæði fullkomið þjónustuverkstæði og varahlutaverslun fyrir Hyundai-bíla auk þess sem boðið er upp á úrval notaðra vel með farinna Hyundai-bíla. Hér er því hægt að sækja alla þjónustu á einn stað sem er til mikils hagræðis fyrir viðskiptavini okkar.“ Heiðar segir Kauptún hafa orðið fyrir valinu af ýmsum ástæðum. „Húsnæðið er rúmgott og hentar okkar viðskiptum vel og aðkoman að húsinu auðveld og næg bílastæði. Það spillir svo ekki fyrir að hér eru fyrir sterk fyrirtæki sem draga að talsvert af fólki sem kallar á umferð sem að okkar mati hentar okkar viðskiptum líka. Það er auðvelt að komast hér að og auðvelt fyrir fólk að finna okkur.“

Aðalsmerki Hyundai er falleg hönnun og áreiðanlegir bílar og að fylgja bílasölu eftir með góðri þjónustu eftir að bíllinn er keyptur. „Ný vörulína Hyundai er öll með 5 ára ábyrgð og ótakmarkaðan akstur auk þess sem viðskiptavinum Hyundai býðst að koma með bíla sína í gæðaskoðun án endurgjalds hvenær sem er. Til að viðskiptavinir njóti alls þess besta sem bíleigendur geta hugsað sér fylgir 24 tíma vegaaðstoð öllum nýjum Hyundai-bílum ef svo óheppilega vildi til að bíllinn bili á fimm ára ábyrgðartímanum,“ segir Heiðar. Hann segir hraða endurnýjun í tegundum undanfarin ár. „Salan er mest hjá okkur í Tucson og I20 og svo gengur Santa Fe alltaf vel. Hyundai stendur fyrir áreiðanleika og öryggi í rekstri sem hefur skilað okkur góðum viðskiptum við bílaleigur sem aftur hafa styrkt merkið á markaði.“

Í dag er Hyundai næstmest seldi bíll landsins eða með 10 prósenta markaðshlutdeild í fólksbílum eftir fyrstu fimm mánuði ársins og Heiðar er að vonum ánægður með það. „Okkar metnaður er að þjónusta viðskiptavini okkar eins vel og kostur er og það gerum við hér í Kauptúni. Við opnum á hverjum degi klukkan korter í átta og bjóðum upp á kaffi og að sjálfsögðu skutlum við viðskiptavinum bæði til og frá vinnu eða hvert sem er innan höfuðborgarsvæðisins á meðan bíllinn er í viðgerð. Verið velkomin til okkar í Kauptún,“ segir Heiðar að lokum.




Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur og státar af sjálfskiptingu, fullkomnu fjórhjóladrifi og sparneytinni dísilvél. Komdu og upplifðu gæðin. Reynsluaktu nýjum Hyundai Tucson með fimm ára ábyrgð strax í dag.

**Hyundai Tucson – Verð frá 4.790.000 kr.**

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

**Hyundai Tucson** / Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

# Fjölbreytt og skemmtileg flóra safna

Í Hafnarfirði og Garðabæ er að finna fjölmörg söfn og sýningar sem gaman er að skoða. Hér má sjá upptalningu á nokkrum þeirra.

**Pakkhúsið**
Í Pakkhúsinu eru að öllu jöfnu þrjár sýningar í gangi í einu, fastasýning um sögu bæjarins, leikfangasýning og þemasýning.

**Sívertsen-hús**
Í Sívertsen-húsi er sýnt hvernig yfirstéttarfjölskylda í Hafnarfirði bjó í byrjun 19. aldar, auk þess sem varpað er ljósi á merkilega sögu Bjarna Sívertsens og fjölskyldu hans.

**Bungalowið**
Bungalowið var opnað eftir endurbætur árið 2008 og er þar að finna sýningu um tímabil erlendu útgerðanna í Hafnarfirði á fyrri hluta 20. aldar auk þess sem þar má sjá stássstofu Booklessbræðra.

**Beggubúð**
Í Beggubúð er verslunarminjasafn Byggðasafns Hafnarfjarðar. Húsið, sem byggt var árið 1906, stóð áður við aðalverslunargötu bæjarins en var flutt á lóð safnsins, gert upp og opnað sem sýningahús árið 2008

**Ljósmyndasýning**
Á strandstígnum meðfram höfninni í Hafnarfirði eru settar upp ljósmyndasýningar er varpa ljósi á dagleg störf og sögu fólksins sem bæinn byggði.



**Hönnunarsafn Íslands** í Garðabæ varðveitir íslenska hönnun.


**Siggubær** er krúttlegur bær í miðbæ Hafnarfjarðar.

**Hafnarborg**
Hafnarborg er menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar. Sýningardagskrá safnsins er fjölbreytt og gerir skil ólíkum miðlum samtímamyndlistar auk þess sem reglulega eru sýnd verk íslenskra listamanna frá fyrri hluta 20. aldar.Tónleikar eru fastur liður í starfseminni.

**Siggubær**
Siggubær er varðveittur sem sýnishorn af heimili verkamanns og sjómanns í Hafnarfirði á fyrri hluta 20. aldar.


**Í Pakkhúsinu** í Hafnarfirði eru nokkrar áhugaverðar sýningar í gangi. MYNDIR/HANNA

**Hönnunarsafn Íslands**
Hönnunarsafn Íslands er að Garðatorgi 1 í Garðabæ. Því er ætlað að sýna og varðveita þann þátt íslenskrar menningarsögu er lýtur að hönnun, einkum frá aldamótum 1900 og til dagsins í dag. Safnið skráir og varðveitir muni svo sem húsgögn, nytjahluti, fatnað, listhönnun, prentmuni og fleira.

**Krókur á Garðaholti**
Krókur á Garðaholti er lítill bárujárnsklæddur burstabær sem var endurbyggður úr torfbæ árið 1923. Bærinn er í dag með þremur burstum en árið 1923 var miðburst bæjarins byggð og bæjarhúsin þá aðeins baðstofa og eldhús auk lítils skúrs við útidyrnar. Krókur er í nágrenni samkomuhússins á Garðaholti. Krókur er opinn almenningi á sunnudögum á sumrin (júní-ágúst) frá kl. 13-17. Ókeypis aðgangur.


**Sívertsen-hús** þar sem sýnt er hvernig yfirstéttarfjölskylda í Hafnarfirði bjó.

**Minjagarður að Hofsstöðum**
Merkar fornminjar er að finna í miðbæ Garðabæjar. Fornleifarannsóknir við Hofsstaði hófust árið 1994 og fundust þar minjar af næststærsta landnámsskála sem fundist hefur á Íslandi. Ákveðið var að varðveita minjarnar og fyrsti áfanginn var uppsetning á minjagarði sem er að finna á lóð Tónlistarskólans að Kirkjulundi. Garðurinn er opinn allan sólarhringinn.

## NÝTT AFMÆLISMERKI GARÐABÆJAR

Garðabær fagnar fjörutíu ára kaupstaðarafmæli sínu í ár en bærinn fékk kaupstaðarréttindi árið 1976. Fram að því var byggðin kölluð Garðahreppur eftir að Álftaneshreppi var skipt í Bessastaðahrepp og Garðahrepp árið 1878. Afmælinu verður fagnað á margvíslegan hátt í ár. Meðal annars var haldin samkeppni um sérstakt afmælismerki Garðabæjar þar sem Ráðhústurninn er nýttur sem tákn fyrir bæinn. Sigur úr býtum bar Sighvatur Halldórsson, grafískur hönnuður. Þá verður haldin afmælishátíð í miðbæ Garðabæjar á Garðatorgi laugardaginn 3. september með dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Einnig hefur afmælið verið fléttað inn í fasta liði í menningarlífi bæjarins, eins og djasshátíð og listadaga barna og boðið upp á fjölbreyttar söguog fræðslugöngur um bæjarlandið. Einnig verða gefin út afmælisblöð sem verður dreift um bæinn. Vonast er til að viðburðir á afmælisárinu verði til þess að styrkja samkennd Garðbæinga og efla bæjarbraginn og um leið verða tilefni fyrir kynslóðir til að koma saman og eiga góða stundir.


Hér má sjá ráðhústurn Garðabæjar sem var fyrirmyndin að afmælismerkinu.



Hér má sjá afmælismerki Garðabæjar sem bar sigur úr býtum í samkeppni vegna fjörutíu ára afmælisins. Vinningstillagan er eftir Sighvat Halldórsson.


Sérfræðingar í rafgeymum



RAFGEYMASALAN
Dalshrauni 17 Hafnarfirði 565 4060
sala@rafgeymar.is www/rafgeymar.is


Granít
Steinar
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 269.900
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 239.900
Með lukt, áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 303.900
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 309.900
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 159.900
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 119.900
Sendum út um allt land án kostnaðar
BIONDAN
MIKIÐ ÚRVAL LUKTA OG FYLGIHLUTA FRÁ BIONDAN,
EINUM VIRTASTA FRAMLEIÐENDA Í EVRÓPU
* Aukahlutir á mynd fylgja ekki
Granítsteinar.is – Helluhrauni 2 – Hafnafjörður – Sími: 544-5100



Starfsfólk ISS framreiðir hundrað þúsund hádegisverði í hverjum mánuði til fyrirtækja og stofnana á höfuðborgarsvæðinu ásamt því að sjá um veislur og aðrar veitingar.



Starfsmaður ISS við störf við ræstingar en þar liggja rætur fyrirtækisins.




Hádegisverðarþjónusta ISS hefur verið í miklum vexti undanfarin ár.

# Ætla að verða fremst í flokki

**Starfsfólk ISS Íslands stefnir á að gera fyrirtækið að fremsta þjónustufyrirtæki á landinu. ISS er aðallega þekkt fyrir ræstingasvið sitt en hádegisverðarþjónustan hefur verið í miklum vexti að undanförnu.**

ISS A/S er fjórði stærsti einkarekni atvinnurekandi í heimi með um 515 þúsund starfsmenn. Að sögn Bjarkar Baldvinsdóttur, sviðsstjóra sölu- og verkþróunar hjá ISS, er markmið fyrirtækisins að verða fremsta þjónustufyrirtæki í heimi. „Því ætlum við í ISS Ísland að verða fremsta þjónustufyrirtæki á Íslandi.“

## Greina þarfir viðskiptavina

Björk segir að eitt af því sem starfsfólk ISS gerir til að vinna að því markmiði að verða fremsta þjónustufyrirtæki í heimi sé að greina þarfir viðskiptavina sinna. „Til þess notum við svokallað ADP sem er sérþróuð aðferðafræði sem ISS hefur tileinkað sér. Með henni skoðum við viðskiptavininn út frá hans markmiðum, framtíðarsýn og stefnu og gerum áætlun um hvernig við getum hjálpað honum að ná sínum markmiðum og ná meiri og betri árangri í sínum rekstri. Til þess að viðhalda viðskiptasambandi og góðu samstarfi við viðskiptavini þarf ávallt að vera á tánum. Þannig fá viðskiptavinir okkar alltaf þá þjónustulausn sem hentar hverju sinni.“

## Um hundrað þúsund máltíðir

ISS Ísland ehf. er til húsa í Austurhrauni 7 í Garðabæ en fyrirtækið er í eigu alþjóðafyrirtækisins ISS A/S sem er með höfuðstöðvar í Danmörku og starfar í 53 löndum. Starfsfólk ISS Ísland ehf. er um 720 manns um allt land. Helstu þjónustusvið fyrirtækisins eru daglegar ræstingar, veitinga- og hádegisverðaþjónusta ásamt fasteignaumsýslu. ISS starfar eingöngu á fyrirtækjamarkaði. „Rætur ISS liggja í ræstingum en hins vegar hefur hádegisverðarþjónustan verið í miklum vexti undanfarin ár. Í dag framreiðum við hátt í hundrað þúsund hádegisverði í hverjum mánuði til fyrirtækja og stofnana á höfuðborgarsvæðinu ásamt því að sjá um veislur og aðrar veitingar,“ segir Björk og bætir við að fasteignaumsjónarsviðið hafi einnig stækkað verulega. „Í apríl síðastliðnum gerðu ISS og Reginn samning um yfirtöku á meginhluta þeirra rekstrarþátta sem Fasteignaumsýsla Regins hefur sinnt.“

## Stór samningur

Þjónustusamningurinn við Regin er einn stærsti þjónustusamningur sem ISS hefur gert á Íslandi og eykur hann umfang ISS í fasteignaumsjón til muna. ISS tekur yfir starfsfólk Regins í þeim verkefnum er að samningnum lúta. Samningurinn tekur til stoð- og þjónustustarfsemi sem tilheyrir Smáralind og Egilshöll svo sem ræstingar og þrif, sorp og förgun, þjónustuborð, öryggismál, hús- og baðvarsla ásamt hluta af rekstri og viðhaldi fasteigna og tæknikerfa auk orkustýringar.



Björk Baldvinsdóttir, sviðsstjóri sölu- og verkþróunar hjá ISS.




Í apríl síðastliðnum gerðu ISS og Reginn samning um yfirtöku á meginhluta þeirra rekstrarþátta sem Fasteignaumsýsla Regins hefur sinnt.

## Framtíðin er björt

„Við lítum björtum augum á framtíðina, mikil hreyfing er á markaðnum og hann er að breytast í takt við þróun og vöxt fyrirtækja og stofnana. Úthýsingarmarkaðurinn er að breytast, stjórnendur fyrirtækja horfa í síauknum mæli á lausnir, árangur og útkomu frekar en tímagjald eða einingaverð, svokallaða „out-put based“ lausn í stað „input based“ lausn. Það er það sem við erum að bregðast við, að bjóða hentugar lausnir, horfa á viðskiptavininn og skilja hans umhverfi og út frá því hvaða lausn hentar honum best. Við viljum hjálpa viðskiptavinum okkar að ná sínum markmiðum,“ útskýrir Björk og brosir.


CINTAMANI
DESIGNED & TESTED IN ICELAND
WWW.CINTAMANI.IS

# Nítjándi ratleikurinn um Hafnarfjörð

Ratleikur Hafnarfjarðar fer fram í nítjánda sinn í sumar. Líkt og átta síðastliðin sumur hefur **Guðni Gíslason** veg og vanda af leiknum sem stendur til 25. sept. Þemað í ár er landamerki og eyktamörk. Leikendur fá gefins kort og geta leitað uppi allt að 27 staði í og við bæinn.





Guðni við einn af 27 áfangastöðum ratleiksins í ár. MYND/HANNA

„Markmiðið með leiknum er að fá fólk til að fara út í umhverfi Hafnarfjarðar og upplifa alla þá fjölbreytni og fegurð sem er að finna bæði í bænum og í kringum hann," segir Guðni sem hannar leikinn fyrir Hafnarfjarðarbæ undir merkjum Hönnunarhússins ehf.

Leikurinn fer þannig fram: Fólk getur sótt vandað útivistarkort frítt á fjölmarga staði í Hafnarfirði. Á kortið eru merktir 27 staðir vítt og breitt um bæjarlandið auk fróðleiks um hvern og einn stað. Þegar komið er á þessa staði er þar að finna lausnarorð sem hægt er að skrá á kortið. Þeir sem vilja geta skilað inn kortunum fyrir 25. september með lausnarorðunum en á sérstakri uppskeruhátíð um haustið verður dregið úr innsendum kortum.

„Fólk þarf ekki að fara á alla 27 staðina til að geta skilað inn kortinu," upplýsir Guðni en hægt er að vera með í þremur mismunandi flokkum. Léttfetar skila inn níu stöðum, göngugarpar 18 og þrautakóngar öllum 27.

Þetta er í níunda sinn sem Guðni semur ratleikinn. „Það er mjög gaman að þessu. Ég fæ góðan stuðning fróðra manna og hefur Ómar Smári Ármannsson, yfirlögregluþjónn, fornleifafræðingur og leiðsögumaður, verið mér innan handar en hann gjörþekkir Reykjanesið," segir Guðni. Þegar staðirnir hafa verið ákveðnir fer Guðni á þá til að finna gps-punkta sem síðan eru merktir inn á kortið.

Síðustu ár hefur verið sérstakt þema í hverjum leik. „Í ár ákváðum við að vera með landamerki og eyktamörk," upplýsir Guðni en eyktamark var fastur punktur í landslagi sem var notaður sem viðmið við sólargang til að vita hvað tímanum leið.

Guðni segir þátttöku í leiknum hafa verið mjög góða og þeim fjölgi sífellt sem taki þátt. „Það eru alls ekki allir sem skila kortunum en það er samt ótrúlega stór hluti sem klárar alla staðina," segir hann og bendir á að leikurinn sé sérlega vinsæll meðal fjölskyldufólks. Guðni segir margar fjölskyldur hafa fundið skemmtilegar leiðir í gegnum ratleikinn sem þær fari á aftur og aftur.

„Hér í Hafnarfirði er að finna ofboðslega fjölbreytta náttúru, allt frá grófu og grónu hrauni til auðnar eða skógi vaxinna svæða. Hér eru líka fjölbreyttar minjar mannvistar sem gaman er að skoða. Það er svo ótrúlega margt fallegt sem við eigum hér í kringum okkur sem við erum oft að sækja allt of langt."

solveig@365.is



**Nálgast má kortin á eftirtöldum stöðum**

- Ráðhúsi Hafnarfjarðar
- Bókasafni Hafnarfjarðar
- Fjarðarkaupum
- Suðurbæjarlaug
- Ásvallalaug
- Ásvöllum
- Músik og sport
- Fjallakofanum
- Altis
- Hress
- Burgerinn

og jafnvel víðar!

BRÁÐASKÓLINN
MEÐ PUTTANN Á PÚLSINUM

ERTU VIÐBÚIN/N AÐ TAKAST Á VIÐ BRÁÐAAÐSTÆÐUR?
Bráðaskólinn býður upp á fjölda námskeiða sniðin að þínum þörfum

Við bjóðum upp á námskeið í skyndihjálp ætluð almenningi en einnig sérhönnuð námskeið fyrir heilbrigðisstarfsmenn.



Meðal viðskiptavina okkar eru:
- Einkareknar skurðstofur
- Læknastofur
- Tannlæknastofur
- Heilbrigðisstofnanir auk fyrirtækja og einstaklinga

Skráning fer fram á bradaskolinn@bradaskolinn.is

Bæjarhraun 12 | 220 Hafnafirði | www.bradaskolinn.is | Sími: 841–2725/898–2609



Agnes Helga Bjarnadóttir og Sigurður Guðjónsson eru ánægðir starfsmenn hjá Marel. Hún er rafvirki og hann er rafmagnsverkfræðingur. Þau segja að fyrirtækið bjóði upp á skemmtileg verkefni. MYND/ANTON BRINK

# Víðtæk þekking í hverju horni hjá Marel

**Marel** er í hópi stærstu útflutningsfyrirtækja landsins og er í fararbroddi á heimsvísu í þróun og framleiðslu á hágþróuðum búnaði og kerfum til vinnslu á fiski, kjöti og kjúklingi. Um 550 frábærir starfsmenn starfa við fjölbreytt störf hjá fyrirtækinu á Íslandi.

Á Íslandi starfa um 550 manns við fjölbreytt störf hjá Marel, meðal annars við framleiðslu, nýsköpun, viðhald, sölu og markaðsstarf. Einnig er hér á landi rekið eitt stærsta hugbúnaðarhús landsins sem þróar og framleiðir Innova-hugbúnaðarlausn fyrirtækisins sem sér til þess að veita viðskiptavinum rauntímaupplýsingar um afköst, nýtingu og arðsemi. Auk þess sem lausnin tryggir fullkominn rekjanleika.

Agnes Helga Bjarnadóttir er rafvirki sem hefur starfað hjá Marel síðastliðin sex ár. Agnes er í fámennum hópi kvenna sem starfa við rafvirkjun hér á landi en segir það ekki koma að sök hjá Marel.

„Konur eru um eitt prósent af stéttinni en þeim fer sem betur fer fjölgandi. Ég starfaði áður sem sjúkraliði og maðurinn minn er hjúkrunarfræðingur sem starfar við sölu á lækningatækjum. Ástæðan fyrir því að ég tók ákvörðun um að söðla um var að ég fann þörf fyrir breytingu og hafði alltaf langað til þess að starfa við rafvirkjun, sem var einfaldlega ekki í boði fyrir konur þegar ég var ung. Mér var sagt að starfið væri of flókið og ég komst hvergi að á samning. Þegar ég ákveð að láta verða af þessari breytingu starfaði ég á vökudeild Barnaspítala Hringsins með nýburum og fyrirburum en eftir fimmtán ár af næturvöktum og vinnu á jólum og páskum fannst mér einfaldlega komið nóg. Þar að auki langaði mig að prufa að vinna með körlum,“ segir Agnes.

> **„Starfsmenn hafa fengið að dafna og þroskast í starfi eftir að þeir gengu til liðs við fyrirtækið.**
>
> *Sigurður Guðjónsson*

„Á spítalanum eru kynjahlutföllin náttúrulega akkúrat öfug við þau sem ég starfa við í dag og það veitir mér ánægju að vinna í jafn fjölbreyttum hópi starfsfólks og ég fæ að gera. Sjálf vinn ég með smiðum og samsetningamönnum í flestum verkefnum, en það er líka svo ánægjulegt að koma upp í fallega borðsalinn okkar og geta sest niður með stjórnendum, öðrum iðnaðarmönnum eða forriturum, sem þrátt fyrir mismunandi starfsreynslu og bakgrunn eiga auðvelt með að starfa sem ein heild hjá Marel. Hérna stendur fólk saman og manni líður eins og hluta af vel samstilltri fjölskyldu.

Þegar ég var yngri óraði mig ekki fyrir því að ég myndi fá tækifæri til þess að meðhöndla ýmis verkfæri og tæki sem ég starfa nú með daglega. Ég er þakklát fyrir að hafa fengið að öðlast innsýn og reynslu í verkefni sem áður fyrr voru bara hluti af karlaheiminum, eins og til dæmis bara að bora í vegg.“

Sigurður Guðjónsson, rafmagnsverkfræðingur og vélstjóri, hóf störf hjá Marel fyrir rúmu ári. Sigurður hefur fjölbreyttan starfsferil að baki sem hann segir koma sér að góðum notum á degi hverjum við starf sitt hjá Marel.

„Þær eru ófáar greinarnar sem ég hef starfað við í gegnum tíðina en starf mitt hefur þó oftast eitthvað verið tengt iðnaði og þjónustu. Björgunarsveitarstörf, vélstjóranámið, verkfræðikunnáttan sem og bein afskipti af framleiðslustýringu hafa hjálpað mér að öðlast stöðugan og góðan grunn til þess að sinna starfi mínu vel hjá Marel,“ segir Sigurður.

„Hér hjá Marel er aragrúi af frábærum einstaklingum sem margir hverjir hafa svipaða sögu að segja og ég, það er, hafa fjölbreyttan bakgrunn og hafa fengið að dafna og þroskast í starfi eftir að þeir gengu til liðs við fyrirtækið. Persónulega hefur það þroskað mig mikið að starfa í jafn frjóu umhverfi og stórt nýsköpunar- og framleiðslufyrirtæki eins og Marel er.

Hjá Marel er manni boðið upp á að fást við skemmtileg verkefni og skipulagið í kringum þau er gott. Víðtæka þekkingu er að finna í hverju horni og stöðugt er ýtt undir að starfsfólk sæki sér meiri þekkingu og miðli henni að sama skapi til samstarfsfélaga sinna. Ekki skemmir fyrir að hér er bráðgott mötuneyti, aðstaða til íþróttaiðkunar er til fyrirmyndar og boðið er upp á margs konar félagstarf fyrir starfsmenn og aðstandendur þeirra.“




Marel selur hugbúnaðarlausnir til margra landa víða um heiminn.



Marel er með höfuðstöðvar að Austurhrauni 9 í Garðabæ.

marel

# Bæjarbúarnir eru allir dásamlegir

Hafnarfjörður og Garðabær eru eins og litlir bæir úti á landi þar sem allir þekkja alla að mati fatahönnuðarins Andreu Magnúsdóttur og líkar henni það vel. Hún tengist báðum bæjum og leiðir lesendur hér í allan sannleika um hvar og hvernig best sé að verja tímanum þar.

Andrea Magnúsdóttir fatahönnuður er heimavön í bæði Hafnarfirði og Garðabæ en hún er alin upp í Garðabæ og býr þar í dag en bjó í Hafnarfirði í nokkur ár eftir að hún fór að heiman. Fjölskylda mannsins hennar er öll í Hafnarfirðinum og mikið af þeirra vinum en hennar fólk er í Garðabæ. „Sem betur fer er stutt á milli,“ segir Andrea brosandi.

Hún er bæjarlistamaður Garðabæjar árið 2016 en þegar Andrea var við nám í fatahönnun í Kaupmannahöfn hóf hún að hanna og selja fatnað undir eigin nafni, AndreA. Að loknu námi flutti hún í Garðabæinn og opnaði árið 2009 verslun og saumastofu með hönnun sinni við Strandgötu í Hafnarfirði. Hún þekkir því báða bæi vel og féllst á að deila sínum eftirlætisstöðum þar með lesendum.

**Uppáhaldsstaðirnir í Garðabæ og Hafnarfirði?** Í Hafnarfirði er það Strandgatan og Hellisgerði. Í Garðabæ er það garðurinn minn, lækurinn, Vífilsstaðavatn og sundlaugin.

**Hvar er best að borða?** Garðabær: Mathús Garðabæjar. Hafnarfjörður: Von og Osushi.

**Hvar er best að eyða laugardagseftirmiðdegi?** Á Strandgötunni. Alltaf einhverjir skemmtilegir á ferli þar.

**Besta kaffihúsið á svæðinu?** Súfistinn.



Ein af skemmtilegri minningum Andreu frá Garðabæ er þegar hljómsveitin Of Monsters and Men hélt tónleika við Vífilstaði í Garðabæ og 25.000 manns mættu. MYND/STEFÁN KARLSSON



Strandgatan í Hafnarfirði.



Andrea Magnúsdóttir er bæjarlistamaður Garðabæjar í ár. Hennar uppáhaldsstaðir í Hafnarfirði eru Hellisgerði og Strandgatan en þar rekur Andrea verslun sína. MYND/ANTON BRINK

**Leyndar perlur?** Hellisgerði og Heiðmörk. Svo verð ég að nefna Keili. Ég er ekki golfari en það er æðislegt að fara þangað þegar veðrið er gott og fá sér japanskt kjúklingasalat með útsýni yfir hafið, það er eins og að fara til útlanda í hádeginu.

**Hvernig eru bæjarbúar?** Dásamlegir. Ég ímynda mér að þessir bæir séu eins og litlir bæir út á landi, það þekkja allir alla og ég elska það. Alveg sama hvort maður fer að kaupa í matinn, í sund eða horfa á fótboltaleik þá klikkar það ekki að maður hittir skemmtilegt fólk.

**Áttu einhverja skemmtilega minningu frá þessum stöðum?** Svo óteljandi margar … En ég held að það standi upp úr þegar Of Monsters and Men hélt tónleika við Vífilsstaði í Garðabæ og 25.000 manns mættu. Ógleymanleg upplifun.

**Hvað er annars að frétta?** Gott að frétta, sumarið er hér og Ísland er alveg „meðidda“ þessa dagana, það er svo mikið um að vera alls staðar og allir svo glaðir. Áfram Ísland!






## STÆRRI ÞRÍÞRAUTARDAGUR Í HAFNARFIRÐI Í ÁR

Þríþrautardagurinn í Hafnarfirði í ár verður haldinn næstkomandi sunnudag, þriðja júlí. Keppnin hefur undanfarin ár alfarið verið haldin á Vallasvæði og á Krísuvíkurvegi en í ár verður hún stærri og keppnissvæðið sjálft stækkað. Þannig gefst tækifæri fyrir fleiri til að njóta og taka þátt. Í ár mun keppnin teygja anga sína í miðbæ Hafnarfjarðar og enda þar.

Þríþrautardagurinn hefst klukkan átta í Ásvallalaug með sundi. Gera má ráð fyrir að fyrstu keppendur klári sundið á um tuttugu mínútum og mun þá taka við stýrð umferð fyrir hjólreiðar frá Ásvallalaug út á Krísuvíkurveg. Líkur eru á einhverjum töfum á umferð þegar hollin fara af stað og eins þegar þau koma aftur til baka að sundlaug. Hjólahluti Þríþrautardags fer að mestu fram á Krísuvíkurvegi þar sem hjólaðir eru allt að sex hringir, mismunandi eftir því hvaða vegalengd fólk tekur þátt í. Allir þeir sem leið eiga um svæðið eru beðnir um að sýna biðlund og tillitssemi á meðan á keppni stendur. Reynt verður eftir megni að lágmarka lokun á götum en líklegt þykir að tafir getið orðið á umferð frá kl. 10.15 til 13.15.

Þriðji og síðasti hluti þríþrautar, hlaupahlutinn, mun fara fram á Strandstíg í miðbæ Hafnarfjarðar og mun verðlaunaafhending í lok keppni verða á Strandstíg til móts við Íþróttahúsið á Strandgötu. Stígurinn verður lokaður fyrir annarri umferð frá kl. 10.20 til 16.00 þennan sunnudag.

**Frekari upplýsingar um Þríþrautardaginn má finna á vef Hafnarfjarðarbæjar, hafnarfjordur.is.**

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM



188.100 KR.
ÁÐUR: 297.300 KR.
nr. 116-5
*Einn spörfugl fylgir*



149.000 KR.
ÁÐUR: 227.050 KR.
nr. 2042



270.000 KR.
ÁÐUR: 351.550 KR.
nr. 2046



268.620 KR.
ÁÐUR: 406.900 KR.
nr. 2020



188.100 KR.
ÁÐUR: 297.300 KR.
nr. 116-5
*Einn spörfugl fylgir*



297.420 KR.
ÁÐUR: 442.900 KR.
nr. 113



304.000 KR.
ÁÐUR: 402.350 KR.
nr. 2021



539.900 KR.
ÁÐUR: 746.000 KR.
nr. GS1002



329.000 KR.
ÁÐUR: 433.350 KR.
nr. 104



313.000 KR.
ÁÐUR: 413.350 KR.
nr. 118



385.000 KR.
ÁÐUR: 503.350 KR.
nr. 129-3

## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

### ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu. Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS



Gamli varðturninn á Álftanesi er minjar um hersetu Breta á nesinu.

## VARÐTURNINN Á ÁLFTANESI

Utarlega á Álftanesi stendur einmana varðturn. Hann er hlaðinn úr grjóti og er leifar frá hernámi Breta í seinni heimsstyrjöldinni. Þar var vörður allan sólarhringinn og markaði turninn inngang inn á svæði þar sem hermenn höfðust við í bröggum en einnig var þar loftskeytastöð. Tilgangur stöðvarinnar eða Brighton-kampsins, var að verja Reykjavíkurflugvöll ef til árásar á hann kæmi og þar fóru fram skotæfingar.

Í dag er varðturninn skemmtilegur viðkomustaður á hjólaleið eða gönguferð um nesið. Til að komast þangað er best að fara Norðurnesveg og síðan Jörfaveg eins langt og hægt er þar til komið er að húsi sem stendur eitt og sér. Þá er beygt inn malarveg og þar blasir turninn við.






Í Beggubúð er verslunarminjasafn Byggðasafns Hafnarfjarðar.

## Söguganga um Hafnarfjörð

Byggðasafn Hafnarfjarðar stendur fyrir safna- og sögugöngu í kvöld þar sem gengið verður á milli allra sýningarhúsa safnsins í miðbæ Hafnarfjarðar. Gangan fer af stað frá Pakkhúsinu, Vesturgötu 6, klukkan átta en sýningar safnsins á Byggðasafnstorginu, í Pakkhúsinu, Sívertsen-húsinu og Beggubúð, verða opnaðar hálftíma áður.

Í Pakkhúsinu eru að öllu jöfnu þrjár sýningar í gangi í einu, fastasýning um sögu bæjarins, leikfangasýning og þemasýning. Sívertsen-húsið er elsta hús Hafnarfjarðar, byggt á árunum 1803-1805 af Bjarna Sívertsen. Í Beggubúð er verslunarminjasafn Byggðasafns Hafnarfjarðar.

Gengið verður vestur að Bookless Bungalowi, þaðan að Siggubæ og að lokum að Góðtemplarahúsinu og sýningarnar í þessum húsum skoðaðar. Á göngunni verður einnig farið yfir sögu hinna ýmsu staða og viðburða á þeirri leið. Gengið verður undir leiðsögn Björns Péturssonar bæjarminjavarðar og er þátttaka ókeypis.



Bessastaðir baðaðir sól.

## Byggð frá landnámi

Saga byggðar í Garðabæ teygir sig allt til landnáms. Ingólfur Arnarson er talinn hafa átt vestasta hluta landsvæðisins, landið kringum Vífilsstaði hafi Vífill, leysingi Ingólfs, átt og syðsti hlutinn hafi verið í eigu Ásbjarnar Özurarsonar. Ásbjörn bjó á Skúlastöðum sem talið er að hafi staðið þar sem Bessastaðir eru nú, eða þar sem kirkjustaðurinn Garðar á Álftanesi var. Fjöldi fornleifa frá því um landnám hefur fundist allt frá Álftanesi og inn í Heiðmörk. Grafið hefur verið eftir minjum á Hofsstöðum við Kirkjulund og í Urriðakoti skammt frá Ikea. Fundist hafa meðal annars bronsnæla frá 10. öld og snældusnúður frá 13. öld. Fjölbreyttar minjar í Garðahverfi á Álftanesi þykja einstakar og gefa mynd af sjósókn, búskap, samgöngum, trúarlífi og skólahaldi og réttarsögu á svæðinu. Hlaðnir garðar afmörkuðu byggðina og er að finna bæjarhóla, brunna, útihús, aftökustað, steina með áletrunum og fornar leiðir. Fógetastígurinn í Gálgahrauni er dæmi um forna leið og þá voru leiðir um Heiðmörk og yfir í Kópavog en á þeirri leið voru dysjar sakamanna sem líflátnir voru á Kópavogsþingstað.

*Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands og Garðabær.is*

# ENGINN STIRÐLEIKI MEÐ AMÍNÓ® LIÐUM

**Icecare kynnir** Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland. Snorri Snorrason finnur mikinn mun á sér eftir að hann fór að nota Amínó® Liði en hann fann áður fyrir miklum stirðleika.

Amínó® Liðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein, íslensku sprotafyrirtæki á Sauðárkróki. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsubætandi virkni þorskpeptíða.

### GÓÐA REYNSLA AF AMÍNÓ® LIÐUM

Snorri Snorrason, vélamaður hjá Alexander Ólafssyni ehf., hefur notað Amínó® Liði með góðum árangri en fyrir um rúmu einu ári fór að bera á miklum stirðleika í liðum hjá honum. „Ég hef ekki fengið neina nákvæma skýringu á hvað hrjáði mig, hugsanlega þetta og hugsanlega hitt. Síðan tóku liðir upp á því að bólgna mikið og kom sá tími að ég gat ekki stigið í fæturna vegna stirðleika og bólgu. Ég hef prófað ýmislegt en ekkert hefur virkað og slegið almennilega á þessi einkenni,“ segir Snorri og útskýrir að konan hans hafi heyrt af undraefninu Amínó® Liðum og sett honum fyrir að taka það reglulega í um einn mánuð og sjá hvort hann myndi finna mun. „Það vantaði ekki virknina! Ég var farinn að finna mun á rúmri viku, allt í einu gat ég bara stigið óhikað í fæturna. Í dag er enginn stirðleiki og ég tek bara Amínó® Liði inn. Þetta allavega svínvirkar á mig og gerir mér gott. Ég finn ekki fyrir stirðleika í ökkla og úlnlið og vil ég þakka það Amínó® Liðum, engin spurning.“




### MINNI VERKIR

Þær Steinþóra Sigurðardóttir og Ida Haralds Malone hafa báðar notað Amínó® Liði og eru ánægðar með áhrifin eins og Snorri. „Ég var mjög slæm í baki og leiddu verkirnir í bakinu niður í annan fótinn. Ég var með stöðug óþægindi og hálf haltraði. Eftir að ég fór að taka inn Amínó® Liði öðlaðist ég meiri liðleika í bakinu og verkirnir minnkuðu,“ segir Steinþóra. Ida hefur haft liðagigt í um þrjátíu ár og hefur henni liðið misvel. „Stundum hefur mér liðið ágætlega í nokkur ár en svo fer að síga á ógæfuhliðina. Ég á ekki nógu mörg orð yfir hvað ég er ánægð með Amínó® Liði.“


Snorri Snorrason, vélamaður hjá Alexander Ólafssyni ehf., hefur notað Amínó® Liði með góðum árangri.

### AMÍNÓ® LIÐIR

Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúgu (Cucumaria frondosa) og IceProteins® (vatnsrofin þorskprótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski. Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgnaextraktið ríkt af sinki, joði og járni sem og bólguhemjandi efnum sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins® inniheldur Amínó® Liðir túrmerik, D-vítamín, C-vítamín og mangan. Kollagen, chondroitin sulphate, D-vítamín, C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu.

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**
**Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is**

# MÆÐGURNAR ÍRIS OG MARGRÉT MÆLA HEILSHUGAR MEÐ BIO-KULT

**Icecare kynnir** Bio-Kult Original og Bio-Kult Candéa eru öflugar blöndur vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Írisi Ásmundardóttur finnst Bio-Kult bæta meltinguna og gera henni gott samhliða heilsusamlegu mataræði.

Íris Ásmundardóttir er á fullu í framhaldsskólanámi og æfir ballett í rúmlega tuttugu klukkustundir á viku ásamt því að vinna sem aðstoðarkennari í ballett fyrir þau sem eru að taka fyrstu sporin. „Þegar ég lærði að stærsti hluti ónæmiskerfisins væri staðsettur í meltingarfærunum ákvað ég að gera eins vel og ég gæti til að styðja við og halda þeim í sem bestu standi. Ég ætla mér langt í ballettinum og mér hefur undanfarin tvö ár hlotnast sá heiður að fá að stunda nám við sumarskóla Boston Ballet ásamt því að hafa tekið tíma bæði í Steps on Broadway og í London. Til þess að geta stundað þetta allt saman af fullum krafti tek ég Bio-Kult á hverjum degi til að styrkja ónæmiskerfið og koma í veg fyrir að ég fái alls konar umgangspestir sem ég má ekkert vera að að eyða tímanum í,“ segir Íris. Henni finnst Bio-Kult gera henni gott samhliða heilsusamlegu mataræði. „Ég er allavega mjög hraust, sjaldan þreytt, með góða einbeitingu og hlakka nær undantekningarlaust til að takast á við verkefni dagsins.“


Írisi finnst Bio-Kult gera henni gott samhliða heilsusamlegu mataræði.




### MÆLIR MEÐ BIO-KULT ORIGINAL OG CANDÉA

Móðir Írisar, Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfi, er sammála dóttur sinni um góð áhrif Bio-Kult. Hún mælir með því við viðskiptavini sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar,“ segir Margrét.

Sjálf greindist Margrét með colitis ulcerosa, eða sáraristilbólgu, fyrir fjórtán árum. „Í dag er ég lyfja- og einkennalaus og hef verið það að mestu til margra ára. Ég er sannfærð um að bakteríurnar sem ég hef tekið í gegnum tíðina samhliða jákvæðum breytingum á lífsstíl hafi sitt að segja varðandi það hve vel mér gengur. Ég mæli því heils hugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract til að halda einkennum niðri og með Bio-Kult Original til að viðhalda batanum, báðar tegundir hafa reynst mér vel.“

### BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract. Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki svo sem munnangur, fæðuóþol, pirringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.

Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is**

IceCare
Þín heilsa



Svona leit húsið út áður en það var tekið í gegn.




Sumarhús Eiríksínu og Ólafíu Hrannar á Siglufirði vekur athygli vegfarenda fyrir skrautlegt útlit. MYND/HALLA ÓLADÓTTIR



Eiríksína býr í steinhúsi eftir Guðjón Samúelsson með gullfallegum gluggum.



Gluggar að danskri fyrirmynd.
MYND/ANTON BRINK



„Daginn sem við byrjuðum að mála gluggana ákváðum við að leyfa næstu vegfarendum að velja liti á gluggana að framan. Við vissum auðvitað ekkert hver yrði næstur.“



„Ég stakk upp á því að hafa þá í fimm litum og Ólafía Hrönn stakk þá upp á því að fara út á múrinn og dóttir hennar, María Johnson, vildi hafa nokkra án munsturs. Þetta kallast líklega skapandi listrænt flæði.“

# LISTRÆNT FLÆÐI VIÐ GLUGGAMÁLUN

**Eiríksína Ásgrímsdóttir** býr í gömlu friðuðu steinhúsi eftir Guðjón Samúelsson með afar fallegum gluggum. Sumarhúsið hennar á Siglufirði skartar einnig skemmtilegum gluggum en þar slepptu hún og meðeigendur hennar „skapandi, listrænu flæði“ lausu við gluggamálun.

„Þetta er elsta steinhúsið á Siglufirði, byggt 1914 og var áður veiðarfæraverslun. Við keyptum það saman, við vinkonurnar Ólafía Hrönn Jónsdóttir, árið 2010. Það var húsið hvítt með bláum gluggum, en fljótlega kom upp sú hugmynd að mála húsið svart því þá hafði sést svört kría í bænum. Svo fannst okkur tilvalið að mála gluggana í ólíkum litum og það vatt upp á sig,“ útskýrir Eiríksína Ásgrímsdóttir, spurð út í skrautlega sumarhúsið hennar á Siglufirði.

„Ég stakk upp á því að hafa þá í fimm litum og Ólafía Hrönn stakk þá upp á því að fara út á múrinn og dóttir hennar, María Johnson, vildi hafa nokkra án munsturs. Þetta kallast líklega skapandi listrænt flæði. Daginn sem við byrjuðum að mála gluggana ákváðum við að leyfa næstu vegfarendum að velja liti á gluggana að framan. Við vissum auðvitað ekkert hver yrði næstur,“ segir hún og viðurkennir að húsið veki talsverða athygli.

„Það er varla hægt að setjast út með hafragrautinn sinn og kaffið á náttfötunum, þá eru túristarnir búnir að mynda mann í bak og fyrir. Sumir biðja um leyfi en ekki allir. Oft fer fólk líka að segja mér frá merkilegu húsi sem það hafi séð á Sigló, þá er það húsið mitt,“ segir Eiríksína sem annars býr í friðuðu steinhúsi í Hafnarfirði, sem teiknað var af Guðjóni Samúelssyni og byggt 1923.



Einn af gluggunum í húsinu eftir Guðjón.

„Ég má ekkert sleppa mér svona hér. Gluggarnir eru friðaðir og við gerðum þá upp í samvinnu við húsafriðunarnefnd, eftir danskri fyrirmynd. Það er tvöfalt gler en innri rammann er hægt að taka úr og vera með einfalt gler yfir sumarið. Það eru reyndar fjórar tegundir af gluggum í húsinu, til dæmis rósagluggi, lítill kirkjugluggi og svo þessir dönsku.“

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
INHOPE insafe
SAFT




RECAST SVEFNSÓFI / SVEFNBREIDD 140X200 CM / GÓÐ SPRINGDÝNA kr. 129.900 / SKEMILL kr. 35.700

## SÓFAR SEM BREYTAST Í RÚM Á AUGABRAGÐI



TRYM DELUXE SVEFNSÓFI kr. 198.900



ZEAL SVEFNBEKKUR 70X200 CM kr. 79.900



RHOMB SVEFNSÓFI kr. 139.900

# LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16




YFIR 1.300 BEINAR ÚTSENDINGAR Á ÁRI

*Sportpakkinn inniheldur:* ***Stöð 2 Sport, hliðarrásir, Eurosport, Extreme Sport, Motors TV, Sky News, NBA TV, MUTV, LFC TV og Chelsea TV.***

SPORT

*Sportpakkinn er tilvalinn fyrir þá sem elska íþróttir. Enski boltinn, Meistaradeildin, Evrópuboltinn ásamt spjallþáttum með spekingunum. Körfubolti, Formúlan, NFL, bardagaíþróttir og margt annað sem fær hjartað til að slá örar.*

**Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is. Samsetning sjónvarpspakka getur breyst án fyrirvara.*

365.is | Sími 1817 365




Bruschetta með tómötum og basil. Þetta er algeng útgáfa af bruschettu á Ítalíu.



Bruschetta með mozzarella, tómötum, basil og pestói sem er sett undir.

**» Bruschetta er vinsæll ítalskur réttur. Hægt er að útfæra brauðið með ýmsum hætti, allt eftir smekk hvers og eins. Flestar útgáfur er einfalt að útbúa. Bruschetta passar vel á spennandi fótboltadegi.**



Bruschetta með ricotta, peru og sultu.



Bruschetta með hráskinku, tómötum, ólífum, mozzarella, basil og klettasalati.

# HIN EINA SANNA BRUSCHETTA

Það er óhætt að segja að hin ítalska bruschetta sé sannkallaður sólskinsbiti. Hægt er að útbúa bruschettu á margvíslegan hátt með ýmsu hráefni. Þær eru fallegar á borði og ljúffengar á bragðið. Svo passa þær einstaklega vel með leiknum á sunnudaginn.

Það er afar einfalt að útbúa veisluborð með bruschettum. Undirstaðan er grilluð brauðsneið sem er nudduð með hvítlauksrifi og vætt í ólífuolíu. Hægt er borða brauðið eins og það kemur fyrir og dýfa í jómfrúarolíu eða setja einhvers konar dásemd ofan á. Hin týpíska bruschetta er með tómat, mozzarella-osti og fersku basil. Svo eru til margar aðrar útgáfur, bruschetta með tómat, hráskinku, mozzarella og ólífum, eða með ricotta, peru og sultu. Gott er að setja rækjur og lárperu á bruschettu og þannig mætti lengi telja. Nota má hugmyndaflugið út í ystu æsar þegar kemur að svona sólskinsbitum. Best er þó að borða brauðið meðan áleggið er ferskt og nýtt.



Bruschetta með lárperu, tómötum og risarækju.

Sérfræðingar í ítölskum mat segja að hráefnið skipti öllu máli, einungis skuli nota gæðavöru. Til dæmis er mjög mikilvægt að nota góða jómfrúarolíu til að fá rétta bragðið. Ítalir borða grillað brauð með hvítlauk og ólífuolíu þegar þeir halda uppskeruhátíð. Þá dýfa þeir brauðinu í nýpressaða ólífuolíu og drekka gott rauðvín með. Þeir kjósa að nota hvítt snittubrauð, stundum svokallað ciabatta. Vel má nota súrdeigsbrauð. Brauðið á að vera stökkt að utan þegar það kemur af grillinu en mjúkt að innan.

Nýir, sætir og fullþroskaðir tómatar eru skornir smátt og fræhreinsaðir, smá olíu skvett yfir þá og bragðbættir með salti og nýmöluðum pipar. Allt hrært saman og sett á brauðið. Skreytt með basilblöðum. Er til einfaldari veislumatur? Til tilbreytingar má bæta smá chili, rósmaríni eða timjan, mjög smátt söxuðu, út í blönduna. Gott er láta smátt skorna tómatana liggja í ólífuolíu og kryddi í smá tíma áður en blandan er sett á brauðið. Notið endilega balsamedik í blönduna. Það gefur skemmtilegt bragð. Þegar notuð er lárpera á brauðið þarf að gæta þess að væta hana með límónu- eða sítrónusafa áður en hún er maukuð eða skorin í bita.



AMIN.O. ENERGY™
KRAFTURINN HVETUR ÞIG ÁFRAM!
AMINO ENERGY er svalandi orkudrykkur sem hægt er að drekka hvernær sem er yfir daginn. Tvær skeiðar á morgnanna í staðinn fyrir kaffið til að hressa þig við eða fjórar skeiðar fyrir æfingu til að gera æfinguna ennþá betri !
Aðeins 10 HITAEININGAR í hverjum skammti ! Svo að hvort sem þú ert að leitast eftir meiri orku yfir daginn eða fyrir æfingu, passa matarræðið, byggja upp eða skera niður þá hentar AMINO ENERGY fullkomlega !
• Gefur góða og jafna orku
• Eykur einbeitingu
• Vatnslosandi Grænt te
• Aðeins 10 hitaeiningar
• ENGINN sykur, ENGIN fita, EKKERT aspartam
AUKIN ORKA
HRÖÐ VIRKNI
HRAÐARI ENDURBATI
ESSENTIAL AMIN.O. ENERGY
30
FÆST Í: Hagkaup, Krónunni,Bónus, N1, Nettó, Iceland, Fjarðarkaup, völdum Samkaupsverslunum, Heilsuform/Krossmóa, Perform.is
OPTIMUM NUTRITION

# LEGGUR KARLMÖNNUM LÍNURNAR

Aðalsmerki hönnunar Stellu McCartney eru þægileg föt við flest tilefni og nú fá karlmenn líka að njóta.

Fatahönnuðurinn Stella McCartney hefur staðfest þrálátan orðróm þess efnis að hún hyggist hasla sér völl í karlatískunni. Þessi orðrómur hefur farið víða síðan í febrúar síðastliðnum og loks hefur Stella sjálf gengist við því að Stelluklæddur karl verði við hlið Stelluklæddu konunnar á sýningarpöllum í haust, nánar til tekið 10. nóvember í London. Stella var lærlingur hjá jakkafataskraddaranum Edward Sexton eftir að hún lauk námi í fatahönnun og þess má sjá glögg merki í hönnun hennar. Og nú segir hún röðina komna að körlum að fá það sem þeir eiga skilið, þægileg og nútímaleg föt. Hún hefur ekki látið uppi hvernig fötin koma til með að líta út en ýmsar vísbendingar má þó finna í fortíð hennar og fyrri yfirlýsingum. Það má ganga út frá því sem vísu að ekkert leður eða aðrar dýraafurðir verði notaðar og einnig að línan verði heildstæð með bæði samstæðum og stökum fatnaði, yfirhöfnum og fylgihlutum og jafnvel gleraugum.

Ólíkt kvennalínunni verður karlahönnunin ekki miðuð við ákveðinn árstíma því kenningin er sú að verslunarvenjur karlmanna séu ólíkar kvenna, að karlar kaupi strax það sem þeim líkar og hugsi síður í tískusveiflum.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem McCartney hannar fyrir karla. Hún hefur gert jakkaföt á bæði eiginmann sinn og föður. Þá hannaði hún eftir pöntun fyrir Guy Ritchie og David Bowie og hefur einnig á sinni könnu allan fatnað keppenda og aðstoðarfólks Breta á Ólympíuleikunum í samstarfi við Adidas.

Eini vandinn gæti verið sá að McCartney hefur byggt hönnunarhugmyndafræði sína á því að hún sé kona sem hannar fyrir konur og það má velta fyrir sér hvernig sú hugmyndafræði færist yfir í karlatísku. Þá hefur hún einnig lagt áherslu á að hægt sé að nota fötin jafnt til að borða vöfflur, fara á mikilvæga viðskiptafundi og svo út á lífið á kvöldin. Fátt bendir til þess að þessir eiginleikar fari í kyngreinarálit svo karlmenn geta hlakkað til að eignast fatnað með víðtækt notagildi strax í desember þegar áætlað er að fatalínan komi í verslanir.

» Ólíkt kvennalínunni verður karlahönnunin ekki miðuð við ákveðinn árstíma því kenningin er sú að verslunarvenjur karlmanna séu ólíkar kvenna, að karlar kaupi strax það sem þeim líkar og hugsi síður í tískusveiflum.



**Hér er pabbi hennar Stellu í fallegum skoskmynstruðum eða „tartan“ jakka sem hún hannaði á hann.**



**Eiginmaður Stellu McCartney, Alasdhair Wills, í næturbláum smóking eftir konu sína. Það er ljóst að McCartney er enginn nýgræðingur þegar kemur að hönnun karlmannaafatnaðar.**






**Það er til einfalt ráð til að fá fallega liði í hárið.**

# NÁTTÚRULEGIR LIÐIR Á AUÐVELDAN HÁTT

Hvaða aðferð sem þú notar til að setja krullur í hárið, krullujárn, rúllur eða eitthvað annað, eru allar líkur á að í eitthvert þeirra skipta hafi hárið á þér litið út eins og rolla hafi sest á hausinn á þér. Að öllum líkindum leka krullurnar svo aðeins niður og hárið lítur þá loksins út eins og það átti að gera í upphafi. Það er til einfalt ráð til að losna við þetta ofurkrull og fá liði í hárið sem líta náttúrulega út. Og það þarf hvorki einhver súpersprey eða dýr raftæki, aðeins það sem þú notar vanalega við liðagerðina auk hárbursta.

Skiptu hárinu í um þriggja sentimetra þykka lokka með burstanum. Ef þú notar krullujárn vefur þú hárinu utan um það eins og venjulega – en skilur eftir um það bil fimm sentimetra af hárinu þannig að endarnir haldist sléttir. Gerið þetta við alla lokkana og passið að endarnir séu sléttir. Þannig virðast lokkarnir mýkri og náttúrulegri þegar búið er að krulla hárið og óþarfi að greiða krullurnar úr því.




Sími: 527-1060 | www.veidiflugur.is
Veiðiflugur

## BÍLAR & FARARTÆKI

SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vinnum að því
börn eiga rétt á vernd og umönnun


---

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



Toyota Rav4 GS+ 4/2013, ek. 76 þús. dráttarbeisli og fleira. Ásett verð 4.390 þús.



Toyota Rav4 VX 6/2014 ek. 45 þús. Leðursæti og fleira. Ásett verð 5.580 þús.



Toyota Rav4 GX+ 5/2015 ek. 41 þús. Dráttarbeisli og fleira. Ásett verð 5.190 þús.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

---

Stofnað 1974
**Bílamarkaðurinn**



PALOMINO Yearling IY-4102. Árgerð 2014, SÓLARSELLA,OFL. ÓNOTAÐ . TILBOÐ 1,990.000. STGRnr.108781. BÍLAMARKADURINN.IS 5671800



FAMILY CAMP Is 200. Árgerð 2012, FORTJALD, YFIRBREIÐSLA. Verð 690.000. Rnr.108866. BILAMARKADURINN.IS 5671800



JAYCO Eagle lite 211. Árgerð 1999, INNFLUTT NYTT sólarsella.220v,cd, heitt vatn, ofl.í topp standi. Verð 2.390.000. Rnr.108278 .BÍLAMARKADURINN.IS 5671800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

---

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



**150 HÖ**
FORD Mustang gt roush (510 hö). Árgerð 2007, ekinn 50 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.190079.



**OFURTILBOÐ**
TOYOTA Aygo. Árgerð 2012, ekinn 91 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 999.000. 100% LÁN Rnr.158316.



**TILBOÐ**
TOYOTA Corolla verso luna. Árgerð 2008, ekinn 179 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 999.000. Rnr.129321.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

---

**Toyota Kauptúni**



TOYOTA Corolla h/b sport. Árgerð 2005, ekinn 111 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.130.000 Tilboð 990.000. Rnr.182451.

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6, 210 Garðabær**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

**100 bílar.is** bílasala



MMC Outlander Instyle, 5/2016, módelár 2015, bensín/rafmagn, plug in hybrid, nýr og óekinn bíll, ásett verð 5.650 þús, er á staðnum, raðnr 152472

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga, lokað laugardaga**
**www.100bilar.is**

---

**Bílalíf**



**NÝR SENDIBÍLL/5 MANNA**
FIAT DOBLO. Árg.2016,dísel,beinskiptur. Okkar verð kr.2.990.000.- Skoðum skipti á ódýrari. www.bilalif.is.Rnr.127695. Er á staðnum,tilbúinn til afhendingar. Bílalíf Bílasala S:562-1717.

**Bílalíf**
**Kletthals 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

### Bílar til sölu



Honda Insight Hybrid 2011. Sjálfsk. Ek. 100km. Verð 1.699.000. S. 6162597



Suzuki Swift árg.2015 Sjálfskiptur, ek.29.000. Verð 1.690 þús s: 6162597

---



MERCEDES-BENZ
**S 600l v12 biTurbo**
Nýskráður 1/2009, ekinn 134 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 10.000.000**



ISUZU
**Trooper**
Nýskráður 8/2002, ekinn 140 þús.km., dísil, sjálfskiptur 4 gírar.
**Verð kr. 1.490.000**



## BÍLL DAGSINS

**HONDA CR-V RVSI**
Nýskráður 5/1998, ekinn 248 þús.km., bensín, sjálfskiptur 4 gírar. **Verð kr. 550.000**

**Tilboð kr. 299.000**



RENAULT
**Captur Dynamic**
Nýskráður 2/2014, ekinn 32 þús.km., dísil, 5 gírar.
**Verð kr. 2.950.000**



PEUGEOT
**308**
Nýskráður 3/2008, ekinn 82 þús.km., bensín, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð kr. 1.350.000**



SUBARU
**Forester**
Nýskráður 8/2003, ekinn 168 þús.km., bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
**Verð kr. 650.000**



HONDA
**Jazz Elegance**
Nýskráður 6/2013, ekinn 64 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.290.000**



HONDA
**Civic Sport 1,8 5d**
Nýskráður 6/2008, ekinn 73 þús.km., bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 1.690.000**



HONDA
**CR-V**
Nýskráður 9/2005, ekinn 233 þús.km., bensín, sjálfskiptur 4 gírar.
**Verð kr. 990.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Lokað á laugardögum í sumar.

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

M-Benz 2010, ekinn 170þ km, dísel. Ekkert ákvílandi. 2,5m staðgreitt. - 7817200

## 500-999 þús.



**TILBOÐ 690 ÞÚS - 100%**
HONDA JAZZ 1,4LS árg 2004 ek 154 þús, beinsk. ný skoðaður 17, bíll í toppstandi og lýtur vel ut ásett verð 790 þus TILBOÐ 690 þús möguleiki á 100% láni S.841 8954

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Fellihýsi




## Reiðhjól




## Vinnuvélar



Til sölu Bobcat A 300 árg 2006 ný skoðaður. Skófla gafflar tvívirk snjóskafa fylgja. Uppl. í s. 892 0566

## Bátar




**HEIMAVÍK**
Silunganet, flotnet, sökknet. Silunganet, flotnet, sökknet. Heimavík Höfðabakka 1, S. 555 6090 www.heimavik.is

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

# ÞJÓNUSTA

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

**GARÐAUMSJÓN**
Sláttur fyrir húsfélög og einstaklinga. Almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 6981215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Húsaviðhald



Parketslípun/sólpallaslípun, parketlagnir, frá aðeins 2.900 krfm. 20 ára reynsla og þjónusta. Fast verð um land allt. Parketmeistarinn ehf www.parketslipunmeistarans.is. S: 781 7200




## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Slökurnudd, heilsunudd á nuddstofunni á Grafarvogi. Tímapantanir í Síma 771 2117.




# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407




























**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

**JÁRNA-BAKKAR**

Framleiðum allar gerðir af járnabökkum og tengingum fyrir kambstál.
Varist eftirapanir kennitöluflakkara.

www.bindir.is

STIGA



**Stiga Estate 3084 H**
Sjálfskiptur sláttutraktór
B&S 3130 AVS mótor
Notendavænt sæti og stýri
240 lítra graskassi
Frábær traktór í meðalstór svæði

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 285 FM IÐNAÐARBIL Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Íbúðarherbergi við 101, eldhúsinnrétting, ekki sturta. -8600360

## Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi. Sumarhús- einbýlishús Fjölbreytt úrval- gott verð.
Upplýsingar hjá **ghalldor@simnet.is**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**SUMARTILBOÐ**
á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VITABAR - 10-14 VIRKA DAGA.**
Starfskraft vantar í hlutastarf, mánud.-föstud. 10-14. Vantar einnig á kvöld og helgarvaktir. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára.
**Umsóknir sendist á: vitabar@internet.is**

Óska eftir manneskju á hestaleigu sem er vön hestum, sumarstarf. Uppl. í síma 616 1569.

Atvinna í boði. Óska eftir aðstoðarmanni í múr og sprunguviðgerðir. Uppl. í síma 618 5286 Þórður

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Maður um fertugt óskar eftir að kynnast konu milli 25-50 ára. Skiljið eftir nafn og símanr. á bjarkiBFS@outlook.com



**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## til sölu

**Kiðjaberg – draumalóð golfarans Til sölu 10.000 fm eignarland.**

Vaxin sjálfsprottnu íslensku kjarri, allt að 1 metri. Leyfilegt byggingarmagn 350-360 fm. Rafmagn, heitt og kalt vatn við lóðarmörk. Steinsnar frá golfvellinum á Kiðjabergi, einum fegursta golfvelli landsins.Hvítá liðast tignarlega neðan við svæðið. Aðeins 45 mín akstur frá Reykjavík- 15 mín frá Selfossi.

Uppl. gefur Óskar Mikaelsson lögg.fasteignasali í s. 773-4700 • oskar@atv.is • Fyrirtækjasölu Íslands

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- **Ljósleiðaralögn yfir Álftafjörð, Snæfellsnesi**
- **Sjóvarnir í Breiðagerðisvík, Sveitarfélaginu Vogum**
- **Eyðing áhættuvefja frá sláturhúsi B. Jensen ehf. Hörgársveit**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **29. júlí 2016.**

### Skaftárhreppur

**Fulltrúi skipulags –og byggingarmála**

### Auglýsing um skipulagsmál í Skaftárhreppi

**Breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022**

*Í samræmi við 1.mgr.41.gr.og 43. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum í eftirfarandi skipulagstillögur.*

**Breyting á deiliskipulagi - Botnar**
Í tillögunni felst stækkun á deiliskipulagssvæði og heimild fyrir aukinni framleiðslu fiskeldis að Botnum úr 19 tonnum í 300 tonn auk þess sem gert er ráð fyrir nýju eldishúsi sunnar á deiliskipulagssvæðinu.

**Tillaga að deiliskipulagi – Hrífunes**
Skipulagið nær til verslunar og þjónustusvæðis á lóð 213047 að Hrífunesi. Deiliskipulagi tekur til íbúðarhúss, ferðaþjónustuhúsa og bílastæða.

Tillögur þessar liggja frammi á skriftofu Skaftárhreppi, Klaustursvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri, og á heimasíðu Skaftárhrepps www.klaustur.is. Frá 30.júní til og með 12.ágúst. Athugasemdafrestur við tillögu þessa er til 9:00, föstudaginn 12.ágúst 2016. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, Klaustursvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri eða á tölvupósti á bygg@vik.is . Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar tejast samþykkir þeim.

*Vigfús Þ. Hróbjartsson*
*Fulltrúi skipulags-og byggingarmála*
*Skaftár-og Mýrdalshreppi.*

Sveitarfélagið ÁRBORG

### Tillaga að deiliskipulagsbreytingu lóðarinnar Byggðarhorn lóð 9 í sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagsbreytingu lóðarinnar Byggðarhorn lóð 9 í Sveitarfélaginu Árborg.

Lóðin sem deiliskipulagsbreytingin nær til er úr landi jarðarinnar Byggðarhorns í fyrrum Sandvíkurhreppi og er 11364,9 m$^2$ að stærð.

Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir íbúðarhúsi á byggingarreit 1 og hesthúsi og vélageymslu allt að tveimur hæðum á byggingarreit 2.

Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að bætt verði við 12 nýjum gistihúsum á einni hæð og að byggingarreitur húsanna verð 56m$^2$. Nýtingarhlutfall lóðarinnar breytist úr 0.1 í 0.14.

Teikningar ásamt greinagerð, vegna tillögunnar munu liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi **frá og með fimmtudeginum 30. júní 2016 til og með fimmtudagsins 11.ágúst 2016.**

Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 11.ágúst 2016 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið skipulag@arborg.is

*Virðingarfyllst*
*Bárður Guðmundsson*
*Skipulags- og byggingarfulltrúi*
*Árborg*

## fasteignir

### Þingvellir – Tjarnarlaut





Tvílyft glæsihýsi í landi Nesja, 164,3 fm að stærð

Efri hæð (bjálki) með tveimur svefnherbergjum, stórri stofu og eldhús

Neðri hæð (steypt) með aukaíbúð. Heitur pottur



Nánari upplýsingar veitir
**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð: **34,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

### Til sölu

Fyrirtæki sem sérhæfir sig í gólflögnum fyrir fyrirtæki, stofnanir og íbúðarhúsnæði

- Mikil veltuaukning milli ára
- Gott orðspor / Mikil góðvild
- Tækifæri til veltuaukningar
- Stórir viðskiptavinir
- Mörg verkefni framundan



Upplýsingar veittar á skrifstofu Miklaborgar
Áhugasamir hafi samband við

**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fyrirtækja, fasteigna- og skipasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# LEIKJADEILDIN

## NÝ OG GLÆSILEG LEIKJADEILD Í HALLARMÚLANUM









### BenQ XL2411Z

144Hz — 24" 144Hz 3D SKJÁR ALGJÖRLEGA NÝ UPPLIFUN!

100% KEPPNIS — ALVÖRU LEIKJA GRÆJA:)

## 24"3DLED
### 144Hz LEIKJASKJÁR

- Sérhannaður 144Hz 3D LED leikjaskjár
- 24" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI 1.4, DVI-DL og VGA tengi
- Forstillingar fyrir helstu leiki, CS:GO ofl.
- Black eQualizer skilar hárbeittri sýn!

**49.990**

27" 99.990 | 27" QHD 129.990

### GIGABYTE
GAMING TÖLVUTILBOÐ 1

X8-CORE 4.0GHz — OFUR ÖFLUGT 8 KJARNA ÖRGJÖRVA SKRÍMSLI

- Thermaltake H25 Window leikjaturn
- Vishera X8 FX-8320E 4.0GHz Turbo 16MB
- GIGABYTE 970 GAMING móðurborð
- 8GB DDR3 1600MHz hágæða minni
- 256GB SSD Plextor M7V diskur
- 2GB Radeon R7 360 OC leikjaskjákort
- 7.1 HD ALC1150 hljóðstýring með magnara
- USB 3.1 Type-C & Type-A og M.2 tengi

**149.990**

ÖFLUGUR 8 KJARNA LEIKJATURN!

### GIGABYTE
ITX GAMING TILBOÐ 2

NÝ KYNSLÓÐ LEIKJASKJÁKORTA FRÁ GIABYTE!

Einn öflugasti Skylake leikjaturninn með alla nýjustu tækni og eitt öflugasta leikjaskjákort í heimi, fullkominn á lanið eða með í bústaðinn;)

- Thermaltake Suppressor F1 leikjaturn
- Intel Core i5-6600K Quad 3.9GHz Turbo
- GIGABYTE Skylake Gaming 5 móðurborð
- 16GB DUAL DDR4 2400MHz hágæða minni
- 512GB SSD M.2 Plextor M7V diskur
- 8GB GTX 1070 G1 Gaming leikjaskjákort
- 7.1 Sound Core3D THX TruStudio Pro
- USB 3.1 Type-C & Type-A og M.2 tengi
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

**279.990**

OFUR ÖFLUG Í LEIKINA;)

### Lenovo 80NV0073MX

3840x2160 4K-UHD — IPS SKJÁR MEÐ 178° SJÓNARHORNI

30 ÞÚSUND AFSLÁTTUR — VERÐ ÁÐUR 299.990

BAKLÝST LYKLABORÐ Í FULLRI STÆRÐ

## Y7004K

- Intel Quad Core i7-6700HQ 3.5GHz Turbo
- 16GB DDR4 2133MHz vinnsluminni
- 512GB SSD ofur hraður diskur
- 15.6" Ultra HD 4K IPS skjár 3840x2160
- 4GB GeForce GTX 960M leikjaskjákort
- 2.1 JBL Dolby Digital Plus hljóðkerfi
- 867Mbps Dual WIFI AC, BT 4.0, USB 3.0
- 720p HD vefmyndavél með Stereo MIC
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**269.990**

DRAUMA LEIKJAVÉL NÖRDANNA;)

### PLEXTOR

3 ÁRA — 3 ÁRA ÚTSKIPTIÁBYRGÐ Á PLEXTOR M7VC • PLEXTOR M7VC HÁGÆÐA SOLID STATE DISKAR

## 256GB SSD
### PLEXTOR M7VC

- 256GB Plextor M7VC SSD diskur
- High-End 15nm TLC Toggle Mode
- 512MB PlexTurbo DDR3 flýtiminni
- PlexNitro tækni fyrir aukinn hraða!
- PlexVault verndar persónuleg gögn
- 98K IOPS & 560Mb/sek leshraði
- 3ja ára Plextor útskiptiábyrgð

**14.990**

128GB 9.990 | 512GB 29.990

### G1 GAMING

## GTX1070
### G1 GAMING LEIKJASKJÁKORT

8GB 8GHz MINNI — 1822MHz KJARNI OG BOOST OC YFIRKLUKKUN MEÐ ENN ÖFLUGRI 3X WINDFORCE KÆLINGU MEÐ KOPAR HITAPÍPUM

3X ÖFLUGRA — Næsta kynslóð GTX 1070 leikjaskjákorta var að lenda og er allt að 3X öflugri en eldri kynslóð GTX 970

0dB SILENT GAMING — Windforce 3X TÆKNIN SKILAR LoL OG FLEIRI LEIKJUM Í 0dB HLJÓÐLEYSI!

Loksins er næsta kynslóð skjákorta lent! Gigabyte G1 Gaming er með 0dB silent viftu sem fer aðeins í gang við krefjandi notkun, metal bak, og forritanlega RGB lýsingu

- Nýjasta leikjaskjákortið frá Gigabyte!
- 8GB GDDR5 8 GHz 256-bit minni
- SUPER OC 1822Mhz ásamt Nvidia boost 3.0
- DirectX12, GameStream og VR Ready!
- 1920 CUDA cores og 120T.U. fyrir leiki
- 3x 8K Display Port 1.4, HDMI 2.0 og DVI-D
- 16.7 milljón lita forritanleg RGB lýsing
- Nær hljóðlaus 0dB Windforce 3X tækni

GIGABYTE

**89.990**

NÆSTA KYNSLÓÐ ER LENT!

HÁRNÁKVÆM — EINN NÁKVÆMASTI OPTICAL SENSOR SEM VÖL ER Á!

3 STÆRÐIR

100% KEPPNIS — ALVÖRU LEIKJA GRÆJA:)

## ZASERIES
### FYRIR ATVINNUSPILARA

- Zowie leikjamús fyrir atvinnuspilara
- ADNS 3310 LED Optical sensor
- Virkar jafnt fyrir rétthenta og örvhenta
- 7 forritanlegir Macro hnappar
- Virkar fullkomlega án hugbúnaðar
- Hægt er að stilla DPI frá 400 til 3200
- Fullkomin lift-off fjarlægð og Claw grip

**14.990**

FÆST Í 3 STÆRÐUM!

MODULAR HEYRNARTÓL — MEÐ ÚTSKIPTANLEGUM EININGUNUM!

ESL — plantronics

AÐEINS 200gr

## RIG500
### LEIKJAHEYRNARTÓL

- e-Sports leikjaheyrnartól frá Plantronics
- Hönnuð fyrir leiki og mælt með af ESL
- Dúnmjúkir memory foam púðar
- Kraftmikil bassi með 40mm driver
- Hljóðeinangrandi Flip-to-mute MIC
- Spöng sem lagar sig að höfuðlagi þínu
- Hægt að skipta um flestar einingar

**14.990**

FYRIR PS4 OG XBOX 16.990

### GAMING STÝRIPINNI

GXT 540 — **4.990**

TRUST GXT-540 — STÝRIPINNI MEÐ SNÚRU, VIRKAR MEÐ PLAYSTATION 3, PC & STEAM OS!

### PLAYSTATION 4

500GB — **59.990**

PS4 STÝRIPINNI FYLGIR

### XBOX ONE

500GB — **49.990**

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR — VERÐ ÁÐUR 69.990

XBOX STÝRIPINNI FYLGIR

### TÖLVULEIKIR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF PC, PS4 OG XBOX ONE LEIKJUM!

### HÁGÆÐA TÖLVUSTÓLAR

ENZO — **34.990**

3 LITIR

HÁGÆÐA LEIKJASTÓLAR — EINSTAKLEGA ÞÆGILEGIR STÓLAR SEM HENTA VEL FYRIR ÞÁ SEM SITJA LENGI VIÐ TÖLVUNA;)

PREDATOR • GIGABYTE • BenQ • Ducky Channel • ZOWIE • steelseries professional gaming gear • TRUST GAMING • Razer

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:00
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

HRAÐSENDUM 500KR ALLAR VÖRUR HEIM SAMDÆGURS*

* GILDIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ALLT AÐ 10KG • EF PANTAÐ ER FYRIR KL. 15:00;)

**Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900**

# BYGGINGARLÓÐ VIÐ KRINGLUNA





## TIL SÖLU BYGGINGARLÓÐ VIÐ KRINGLUNA

Um er að ræða u.þ.b. 3.500 fm byggingarlóð við Kringluna 7

Samþykkt byggingarmagn á lóðinni er 3.600 fm versl-unar og skrifstofuhúsnæði auk 2.135 fm bílakjallara ásamt hlutdeild í sameiginlegum byggingarétti.

**Óskað er eftir tilboðum í lóðina.**

**Tilboðsfrestur er til 16:00 þann 29. júlí 2016.**

**Nánari upplýsingar og gögn afhenda:**

**Kjartan Hallgeirsson löggiltur fasteignasali**
Sími 824-9093
kjartan@eignamidlun.is

**Þröstur Þórhallsson löggiltur fasteignasali**
Sími 897-0634
throstur@miklaborg.is

EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

## OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN ÞANN 30.JÚNÍ MILLI KL 17:00 OG 18:00






**REYNIMELUR 29, 107 RVK** — **185 M**

Glæsilegt einbýlishús á þremur hæðum með aukaíbúð í kjallara í vesturbæ Reykjavíkur, samtals 306,2 fm. Húsið er sérlega vandað að allri gerð og hefur fengið gott viðhald í gegnum tíðina. Eignin stendur á hornlóð og er garður í góðri rækt með sólpalli.

Nánari upplýsingar um eignina gefa Guðmundur Valtýsson og Þorlákur Ómar Einarsson.



**GUÐMUNDUR H. VALTÝSSON**
*Löggiltur fasteignasali*
*Viðskiptafræðingur B.Sc.*
GSM 865-3022
gudmundur@stakfell.is



**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON**
*Framkvæmdastjóri*
*Löggiltur fasteignasali*
GSM 820-2399
thorlakur@stakfell.is








**GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI**

ráðum
ráðningarstofa

# Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.**
**Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

# Hvað er að hjá SÁÁ?

Áslaug Árnadóttir
Edda Arinbjarnar
Guðrún Ebba Ólafsdóttir
Katrín Guðný Alfreðsdóttir
Kristín I. Pálsdóttir
í ráði og vararáði Rótarinnar

Umræða um fíkn hefur tekið miklum stakkaskiptum á þeim árum sem liðin eru frá því að Rótin var stofnuð enda er löngu tímabært að endurskoða íslenska meðferðarkerfið.

Á innan við ári hafa tveir alþjóðlegir fyrirlesarar í fremstu röð heimsótt Ísland og fjallað um tengsl fíknar og áfalla. Stephanie Covington, frumkvöðull á sviði áfallameðvitaðrar meðferðar við fíknivanda kvenna, kom sl. haust í boði Rótarinnar og fleiri aðila og fjallaði um mikilvægi þess að meðferð sé kynjamiðuð, kærleiksrík og valdeflandi.

Hinn 12. júní sl. hélt svo kanadíski læknirinn og rithöfundurinn Gabor Maté fyrirlestra í Hörpu um lífsálfélagslega (e. biopsychosocial) kenningu um fíkn, en eftir því sem rannsóknum á áhrifum lífsreynslu og erfiðra upplifana í æsku fjölgar verða æ skýrari tengslin á milli áfallareynslu, fíknar og annars heilsufarsvanda síðar á ævinni.

Félagasamtök áhugafólks um fíknivandann, SÁÁ, fær bróðurpart þess fjármagns sem notað er til meðferðar við fíknivanda hér á landi. Minnesóta-módel þeirra byggist á þeirri umdeildu kenningu að fíkn sé ólæknandi heilasjúkdómur sem allir þurfi svo til sömu meðferð við og markmið meðferðarinnar er að fólk fari inn í AA-samtökin.

**Viðbrögðin sýna að samtökin eru ekki í þekkingarleit en mæta allri umræðu um málaflokkinn sem ekki er stjórnað af samtökunum með þöggunartilburðum og hroka.**

### Ekki í þekkingarleit

En hver eru viðbrögð SÁÁ við þeirri umræðu sem hér hefur farið af stað um nýja þekkingu á sviði fíknifræða? Viðbrögðin sýna að samtökin eru ekki í þekkingarleit en mæta allri umræðu um málaflokkinn sem ekki er stjórnað af samtökunum með þöggunartilburðum og hroka. Ef marka má Þórarin Tyrfingsson er staða þekkingar innan SÁÁ yfir allt hafin. „Hér höfum við safnað allri þeirri þekkingu sem til er um áfengissýki og vímuefnafíkn," segir hann í myndbandi á vef samtakanna (https://youtu.be/6-oN23mPKFhI?t=417). Læknafélag Íslands eða Embætti landlæknis ættu að skoða þennan málflutning sem virðist skýrt brot á 20. gr. siðareglna lækna sem segir þeim ósæmandi að gefa yfirburði sína í skyn og upphefja eigin þekkingu.

Síðan við Rótarkonur hófum okkar mannréttindabaráttu höfum við fengið ákúrur fyrir að vera hrokafullar, fordómafullar, á fallbraut og fleira persónulegt en við höfum aldrei fengið málefnalega gagnrýni. Okkur berast fréttir af því að þar sem okkur er veitt áheyrn fylgi í kjölfarið upphringingar frá forráðamönnum SÁÁ sem finnst greinilega að málfrelsi okkar sé ofaukið. Fjölmiðlamenn sem taka viðtöl við okkur fá skammir, stjórnmálamönnum er sagt til syndanna og embættismenn fá bæði reiðilestra og stofnanir formlegar kvartanir.

Gabor Maté er umdeildur en hann er áhugaverður fyrirlesari og kenningar hans um fíkn byggja á áreiðanlegum vísindarannsóknum m.a. í þroskasálarfræði. Maté, sem er ungverskur gyðingur, talar um áhrif stress á ungbörn og tekur sjálfævisögulegt dæmi um að afi hans hafi verið myrtur í helförinni og að líf fjölskyldunnar, á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar, hafi því einkennst af ótta og stressi fyrstu æviár Matés. Slíkt ástand hefur áhrif á taugaþroska barna.




Formaður SÁÁ, Arnþór Jónsson, sér ástæðu til að gera lítið úr Maté og snúa út úr orðum hans í Facebookfærslu, sem farið hefur víða um netið, þar sem Arnþór segir að Maté vilji „meina að áfallið sem afi lenti í þegar fauk á hann bátur fyrir 100 árum sé ástæðan fyrir fíknsjúkdómi dagsins í dag og rétta meðferðin að fá sér brasilíska sýrusveppasúpu svo maður geti tengst sjálfum sér (og afa) á astralsviðinu og losnað þannig við sársauka liðinna kynslóða". Í þættinum Harmageddon 15. júní heldur hann svo áfram að snúa út úr orðum Maté á neyðarlegan hátt.

Svona málflutningur er sorglegur og áhyggjuefni að hann komi frá formanni samtaka áhugamanna sem fá um milljarð á ári, á núgildandi fjárlögum er hækkun um u.þ.b. 100 milljónir frá síðasta ári, úr opinberum sjóðum til að reka meðferð við „langvinnum heilasjúkdómi".

Hvernig stendur á því að þessi stóru almannaheillasamtök sætta sig við svo ómálefnalega og ófaglega forystu?

# Virðing og kærleikur



Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og fulltrúi í velferðarráði Reykjavíkurborgar

Við þróun úrræða fyrir fólk sem þarf tímabundna fjárhagsaðstoð til framfærslu hefur Reykjavíkurborg byggt á rannsóknum og reynslu til fjölda ára. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er alltaf síðasta úrræði fólks og hver og einn einstaklingur hefur sínar ástæður fyrir að þurfa slíkan stuðning. Lykillinn að árangri í slíkri stöðu er að vinna með hverjum, byggja á styrkleikum hans og finna möguleikana sem viðkomandi hefur í samfélaginu.

### Virkni og jöfnuður

Niðurstöður rannsókna sýna að heilsufar þeirra sem þurfa á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga að halda, virðist í flestum tilvikum lakara en almennings. Þeim líður verr og upplifa sig jafnvel sem annars flokks þegna samfélagsins. Afar mikilvægt er að bregðast hratt við til að koma í veg fyrir að fólk sé lengi í þessari erfiðu aðstöðu enda stuðlar virk samfélagsþátttaka og meiri jöfnuður að vellíðan allra.

Rætt hefur verið um mismunandi leiðir og skilyrðingar í þessu sambandi en reynsla og rannsóknir eru misvísandi um hvaða leiðir eru bestar. Velferðarsvið hefur farið blandaða leið þar sem mikil áhersla hefur verið á samvinnu við fagaðila eins og Virk, Vinnumálastofnun og atvinnumáladeild Reykjavíkurborgar. Við höfum kallað þessa blönduðu leið Reykjavíkurmódelið, sem er þróuð til að mæta þörfum hópa og einstaklinga á þeirra forsendum.

### Umhyggja skilar árangri

Í kjölfar kreppunnar árið 2008 jókst fjöldi þeirra einstaklinga sem leitaði eftir fjárhagsaðstoð gríðarlega. Frá árinu 2014 hefur fólki í þessum aðstæðum fækkað hægt og bítandi í Reykjavík, ekki síst á liðnum 12-15 mánuðum. Á fyrstu þremur mánuðum þessa árs fækkaði einstaklingum sem þiggja fjárhagsaðstoð í Reykjavík um tæp 24 prósent samanborið við sama tíma í fyrra.

Mikilvægt er að stöðugt sé unnið markvisst og af umhyggju og kærleik, að virkri samfélagsþátttöku allra. Best væri auðvitað ef enginn þyrfti á tímabundinni fjárhagsaðstoð til framfærslu að halda, og að samfélag okkar væri þannig úr garði gert að þar væri rúm fyrir alla á vinnumarkaði eða í skóla og að hæfileikar og kraftar allra nýttust til verðmætasköpunar og þátttöku í samfélaginu án sértækra aðgerða.

### Samfélag fyrir alla?

En svo er því miður ekki enn sem komið er, og það er mikilvægt að hafa í huga við stjórn sveitarfélaga, ríkis og fyrirtækja hvaða áhrif ákvarðanir hafa á þennan hóp fólks. Óljóst er t.d. hvaða áhrif breytingar á framhaldsskólum landsins hafa á þennan hóp, breytingar á lánasjóði námsmanna, aukin kostnaðarþátttaka í heilbrigðiskerfinu og fleira sem hefur bein áhrif á tækifæri fólks í lífinu.

Þá má nefna að á meðal þeirra sem fá fjárhagsaðstoð sér til framfærslu hefur hlutfall 67 ára og eldri farið vaxandi, en þar er um að ræða fólk sem hefur takmörkuð eða engin lífeyrisréttindi á landinu og því ekki önnur úrræði. Ríkið þarf að huga að varanlegri leiðum til framfærslu fyrir þennan hóp, enda er fjárhagsaðstoð ekki hugsuð sem langtíma úrræði.

### Stuðningur til betra lífs

Árangurinn sem hefur náðst í Reykjavík, má að sjálfsögðu að einhverju leyti rekja til betra atvinnuástands í þjóðfélaginu almennt, en ekki síður til markvissrar vinnu velferðarsviðs í að bæta þjónustu við fólk sem sækir um fjárhagsaðstoð og styðja það til betra lífs.

Við í Reykjavík munum áfram vanda okkur við þetta mikilvæga verkefni enda markmiðið afar skýrt – að styrkja fólk til sjálfshjálpar og virkni með umhyggju og virðingu.

# Glórulaus hagfræði Gunnars Alexanders



Guðmundur Ingi Þóroddsson
formaður Afstöðu, félags fanga á Íslandi

Betur má ef duga skal! segir Gunnar Alexander Ólafsson hagfræðingur í grein sinni í Fréttablaðinu 24. júní sl. Þar hrósar hann yfirvöldum fyrir nýtt fangelsi á Hólmsheiði og hvetur stjórnvöld til þess að ganga enn lengra í refsikerfinu og fjölga plássum í öryggisfangelsinu á Litla-Hrauni. Gunnar telur að með því að fjölga plássum á Litla-Hrauni muni það lækka rekstrarkostnað fangelsisins og stytta biðlista. Einnig segir hann það ábyrgð samfélagsins að gæta fanga og auðvelda þeim komu aftur út í samfélagið sem betri mönnum.

Þetta er auðvitað alveg glórulaus hugmynd, engan veginn til þess fallin að ná árangri og alfarið úr takti við áherslur fangelsisyfirvalda, stjórnvalda og félags fanga.

Í dag eru Norðurlöndin, að Íslandi undanskildu, búin að taka upp betrunarstefnu. Þar fer lokuðum fangelsum fækkandi og ný opnari fangelsi gerð til að líkjast sem mest lífinu utan þeirra. Með tilkomu betrunarstefnunnar á Norðurlöndunum og opnari fangelsum hefur endurkomum í fangelsin fækkað. T.d. er endurkomutíðni í Noregi 16 prósent í opnum fangelsum og 24 prósent í lokuðum fangelsum. Á Íslandi – landi refsistefnunnar – eru um 80 prósent fangelsisplássa í lokuðum fangelsum eins og Litla-Hrauni og 50 prósent fanga á Íslandi koma aftur í fangelsi. Það þýðir að annar hver fangi kemur aftur í fangelsi. Þar setjum við okkur í sérflokk með Bandaríkjunum og Bretlandi og er ólíðandi árangur.

Það verður að teljast afar ólíklegt að rekstrarkostnaður Litla-Hrauns verði lægri ef það yrði stækkað. Að öðru óbreyttu myndu einfaldlega fleiri fangar fara í gegnum refsikerfi í lokuðu fangelsi, endurkomum fjölga og glæpum fjölga. Það ber að hafa í huga að slíkt hefði einnig í för með sér aukið álag og kostnað hjá lögreglu, dómstólum og víða í heilbrigðiskerfinu. Allur þessi kostnaður hefur lækkað á Norðurlöndunum með tilkomu fleiri opinna fangelsa. Lokað fangelsi er dýrasta fangelsisúrræði sem til er og því augljóst að það sparar engan pening heldur þvert á móti eykur kostnað. Opin fangelsi eru líka sjálf mjög ódýr í byggingu og rekstri.



**Það blasir við að næstu skref í fangelsismálum eru að fjölga opnum úrræðum og taka upp betrunarvist. Ekki fara fleiri áratugi aftur í tímann og byggja enn fleiri steypugeymslur fyrir mannverur sem skila engum betri út aftur.**

### Betrunarvist

Úrræði líkt og opnu fangelsin hafa ekki bara minnkað endurkomur í fangelsin heldur einnig hjálpað svo mörgum föngum og fjölskyldum þeirra að ná tökum á lífinu og gert þeim kleift að greiða eitthvað til baka til samfélagsins, t.d. í formi skatta.

Nám, verknám, starfsþjálfun, betri samskipti við fjölskyldu, innihaldsrík atvinna, meðferðir og eftirfylgni er það sem skiptir mestu máli í betrun. Þetta eru atriði sem fækkar föngum og um leið allan kostnað í fangelsiskerfinu. Þá er auðvitað ótalið eitt stærsta atriðið, sem er að brotaþolendum fækkar.

Það hlýtur því að vera aðalmarkmiðið með fangelsisrefsingum að fækka glæpum, endurkomum og brotaþolendum, sem og að minnka kostnað og álag á kerfinu og koma einstaklingunum heilum og betri út aftur til að taka þátt í samfélagi manna. Það blasir við að næstu skref í fangelsismálum eru að fjölga opnum úrræðum og taka upp betrunarvist. Ekki fara fleiri áratugi aftur í tímann og byggja enn fleiri steypugeymslur fyrir mannverur sem skila engum betri út aftur.

Nei, það er nóg komið og tími til þess kominn að hagfræðingar eins og Gunnar kynni sér raunverulega hvað er að gerast í fangelsismálum á Íslandi og reikni svo út hvað hægt er að spara mikið í öllu samfélaginu ef komið verði á kerfi sem hjálpar mönnum að takast á við lífið og geri þeim kleift að vera virkir samfélagsþegnar.

UEFA EURO2016 FRANCE

# ÁFRAM ICELAND

*Iceland er stoltur styrktaraðili*
*Íslenska landsliðsins*



## ÁFRAM ÍSLAND

## ICELAND ER MEÐ ALLT Á GRILLIÐ

### SÓSUR, SALÖT, SYKURPÚÐAR O.FL.



Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# Fangelsismálayfirvöld stýrast af dómgreindarleysi



**Vilhelm Jónsson**
fjárfestir

Tæplega myndi nokkurs staðar í siðmenntuðum réttarríkjum, þar sem bankamenn hefðu tæmt banka innan frá, öllum hafa verið stefnt saman í opið fangelsi og þeir afplánað síðan 20% af refsingu í anda sýndarmennsku. Með ólíkindum og vafasamt er að fangelsismálastjóri/stjórn geti að eigin geðþótta ákveðið með hvaða hætti refsingar séu teknar út, þvert á fallna dóma, ásamt því hvenær og hverjir ljúki afplánun á skemmri tíma og með öðrum forréttindum.

Ný fangelsisbygging á Hólmsheiði hefur að geyma 56 klefa þar sem látið hefur vera stjórnast af flottræfilshætti þvert á efnahagslega getu. Það er umhugsunarefni að yfirvöld skuli réttlæta framkvæmd upp á þrjá milljarða sem leysir síðan takmarkaðan vanda. Lauslega má áætla að hver klefi ásamt annarri aðstöðu leggi sig á ríflega fimmtíu milljónir. Forgangsröðun er röng og fangelsið er alltof dýrt ásamt rekstrar- og fjármagnskostnaði. Höfuðvandinn er enn til staðar þar sem lokað er öðrum afplánunarrýmum sem nemur helmingi þessarar byggingar.

Stjórnvöld ásamt ríkisstofnunum eru í engum tengslum við efnahagslega getu og þurfa að fara að gera sér grein fyrir að sjúkir og þeir sem minna mega sín gjalda of oft með lífi sínu vegna rangrar forgangsröðunar.

**Ef fangelsismálayfirvöldum er svona annt um skjólstæðinga sína sem sumir hverjir eru ógæfu- og síbrotamenn þá hefði verið eðlilegra að veita fé til eftirmeðferðar til að viðkomandi einstaklingar næðu festu til að fóta sig í lífinu, í stað þess að sækja í fyrri iðju.**

Undangengin ár hafa biðlistar eftir fangelsisvist verið ca. 500 manns og sá biðlisti lengist lítið þar sem dómar fyrnast með einum og öðrum hætti. Aðeins lítill hluti þeirra sem hafa fengið dóm hefur framið ofbeldisbrot eða kynferðisbrot. Stærsti hópurinn er með dóm vegna umferðarlagabrota eða nytjatöku sem ekki er hægt að kalla til afplánunar vegna plássleysis sem láta þar af leiðandi ógert að greiða sínar samfélagslegu skuldir.

Meirihluti biðlistans uppfyllir líklega skilyrði til að afplána dóm sinn með vægari hætti eða samfélagsþjónustu. Flestir af þessum einstaklingum sem bíða eftir að sitja af sér viðkomandi dóm myndu síður vilja afplána refsingu í rammgirtu fangelsi, jafnvel þótt það sé í anda fimm stjörnu hótels.

Ítrekað er búið að benda á ýmsar ódýrar leiðir til að uppræta biðlista þeirra sem bíða afplánunar á einfaldan og ódýran hátt. Hefði t.d. verið hægt að leysa sárasta vandann með gámabúðum sem hefði t.d. mátt setja innan girðingar á Litla-Hrauni, sem fangelsismálayfirvöldum þótti ekki boðlegt. Þessar sömu vinnubúðir eru nýttar í dag sem hótel ásamt því að hýsa skrifstofur lækna við Landspítalann.



### Ógæfumenn

Meginþorri þeirra sem afplána ítrekaða refsivist eru fátækir, heimilislausir ógæfumenn sem dómstólar hafa ómældan kjark til að vísa umsvifalaust og án málalenginga í rammgirt fangelsi, enda ekki hvítflibbar. Vart getur talist eðlilegt eða ásættanlegt að smákrimmi sem hnuplar einhverju lítilræði þurfi að kosta samfélagið fleiri milljónir.

Síbrotamaður hefur sjaldnast eftir refsivist að einhverju að hverfa og á litla sem enga möguleika á að fóta sig á ný í lífinu. Eðlilegra væri að vistun og eftirmeðferð ætti sér stað með hagkvæmari og uppbyggilegri hætti, jafnvel þó svo um harðan fíkil sé að ræða. Þó svo frelsissvipting verði að eiga sér stað, þá eru flestir hverjir meðvitaðir um að þurfa að taka út sína refsingu þótt ekki sé það innan rammgirtra fangelsisveggja, og myndu láta ógert að útskrifa sig sjálfir. Mun eðlilegra hefði verið og væri að opna fangelsi með kostnaðarminni hætti, t.d. í anda Kvíabryggju, sem myndi kosta innan við 30% af núverandi nýbyggingu ásamt minni rekstrarkostnaði.

Jafnvel þótt fangi útskrifi sig sjálfur verða yfirvöld að taka meiri hagsmuni fram yfir minni og gera sér grein fyrir að oft er um óhörðnuð og illa áttuð ungmenni að ræða. Vart getur talist uppbyggilegt að vista brotna og illa áttaða einstaklinga í rammgirtu fangelsi eins og harðsvíraða glæpamenn.

Yfirvöld gætu náð milljörðum í ríkissjóð af ógreiddum sektargreiðslum við innköllun hundraða manna, sem hafa fengið dóm til afplánunar, á einfaldan hátt, væri látið af þröngsýni og röngu verklagi. Tæplega getur talist eðlilegt að afbrotamaður sé með refsingu hangandi yfir sér árum saman vegna úrræðaleysis fangelsismálayfirvalda. Til lítils er að dæma afbrotamenn sem er síðan ekki fylgt eftir þar sem það er ekki hægt að fullnusta dóma vegna pláss- og fyrirhyggjuleysis og síðan fyrnast dómar í skjóli dráttar. Þessi háttur er aðeins til að fleiri sjá sér leik á borði að fara á skjön við lög og reglur ásamt því að hunsa sektargreiðslur sem þeir myndu frekar borga en þurfa að hefja afplánun.

Ef fangelsismálayfirvöldum er svona annt um skjólstæðinga sína sem sumir hverjir eru ógæfu- og síbrotamenn þá hefði verið eðlilegra að veita fé til eftirmeðferðar til að viðkomandi einstaklingar næðu festu til að fóta sig áfram í lífinu, í stað þess að sækja í fyrri iðju. Svo vitnað sé í orð fangelsismálastjóra er engin uppbyggileg vinnuaðstaða fyrir fanga fyrir hendi á Hólmsheiði ásamt lítilli geðheilbrigðisaðstoð vegna fjárskorts.

Slík meðferð verður ekki fengin með stífbónuðum og rammgerðum flísalögðum steypuklumpi, gaddavírsgirðingum ásamt flatskjáum og róandi geðlyfjum. Nokkuð ljóst er að hvítflibbar ásamt fleirum munu með sinni hógværð gera sér að góðu íburðarminni húsakynni en Hólmsheiði hefur að geyma.




# Hönnun og heilsa



**O. Lilja Birgisdóttir**
formaður Vinnís

Fallega hannað umhverfi hefur áhrif á okkur flest. Tökum Hörpuna sem dæmi, maður gengur inn í listina og upplifir nýja stemningu í hverju horni. Eða Perluna sem trónir efst á Öskjuhlíðinni í dásamlega fallegu umhverfi. Á Íslandi má finna margar fagrar byggingar, vinnustaði, heimili, húsgögn, tæki og tól. Hönnun skiptir máli.

Fyrsta upplifun er oftast góð en því miður er það stundum svo að gleymst hefur að huga að ýmsum þáttum í hönnuninni sem geta haft neikvæð áhrif á heilsu til lengri tíma. Margar rannsóknir eru til varðandi áhrif umhverfis á heilsu eins og t.d. sjónræn áhrif í formi birtu og litavals, hljóðvistar og hönnunar húsbúnaðar. Vinnuferlar og viðmót tæknibúnaðar getur einnig haft áhrif. Vinnuvistfræðin fjallar um samspil manns og umhverfis, áhrif á líðan og heilsu.

**Hvers vegna þarf starfsfólkið í afgreiðslu Hörpunnar helst að vera með sólgleraugu í vinnunni? Hvernig skyldi kokkunum í Perlunni líða, þurfa þeir kannski að hlaupa upp og niður stiga eða vinna við erfiðar og þröngar aðstæður?**

### Með sólgleraugu í vinnunni

Hvers vegna þarf starfsfólkið í afgreiðslu Hörpunnar helst að vera með sólgleraugu í vinnunni? Hvernig skyldi kokkunum í Perlunni líða, þurfa þeir kannski að hlaupa upp og niður stiga eða vinna við erfiðar og þröngar aðstæður? Hvað með fallegu háu glerbyggingarnar sem hafa skotist upp hér og þar um höfuðborgina, eru þær hannaðar bæði með hönnun og heilsu í huga? Fær starfsfólkið höfuðverk og vöðvabólgu vegna birtu og glampamyndunar? Þarf að vera með aukapeysu vegna kuldans sem streymir frá glerinu á köldum dögum?

Dæmi má einnig taka varðandi hönnun húsgagna, fagurlega hannaður stóll sem fáum þykir gott að sitja í. Umbúðir sem eru fallega hannaðar en þegar þarf að opna þær þá þarf verkfæri og kraft til verksins. Heimilistæki sem eru með svo flóknar stýringar að það þarf verkfræðing til að skilja þær. Tölvukerfi sem eru svo margþætt að nauðsynlegt er að hafa púða á veggnum til að banka höfðinu í reglulega. Heilsan skiptir máli.

### Hönnuðirnir gleyma sér

Því miður er það svo að hönnuðirnir sem eiga verkin gleyma sér oft í sköpuninni og fegurðinni sem síðar kemur mögulega niður á líðan þeirra sem nota eiga hönnunina eða vinna í umhverfinu í lengri tíma.

Vinnuvistfræðingur myndi ekki endilega hanna sérlega fagurt umhverfi, tæki eða tól, en vel notendahæft væri það. Þess vegna er það svo mikilvægt að við vinnum saman að hönnun, notum þá þekkingu sem til er á öllum sviðum. Nýtum okkur þau fræði sem við eigum, þá kunnáttu sem fagfólkið hefur með hönnun og heilsuna í huga. Hönnun og heilsa skipta máli.


VILLTUR LAX
& STÓRLÚÐA
FISKIBOLLUR
2 FYRIR 1
KAUPIR 1 KG. FÆRÐ 2 KG.
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 587 7755


HITAVEITUSKELJAR
MIKIÐ ÚRVAL
LOK Á POTTA
STÆRÐIR
200 x 200
210 x 210
220 x 220
235 x 235
8 HYRNT
STERK,
VÖNDUÐ
OG GÓÐ LOK
QUEEN 1650 LÍTRAR
STÆRÐ: 215 X 215 CM
LITIR: SVARTUR,
NAVY BLÁR, SILFUR
BYGGÐAR ÚR TREFJA EFNI
HEITIRPOTTAR.IS
777 2000 HAFFI
777 2001 GRÉTAR
896 0602 KRISTJÁN (FISKIKÓNGURINN)

# Deschamps mun ekki vanmeta Ísland



**Blaðamaður L'Equipe á ekki von á að hinn almenni stuðningsmaður franska landsliðsins muni vanmeta Ísland í leik liðanna í 8 liða úrslitum EM á sunnudag. Það verði þó erfitt fyrir íslensku vörnina.**

EM2016

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is

**FÓTBOLTI** Augu alheimsins beinast að Íslandi þessa dagana og ljóst að það verður gríðarleg athygli á leik liðsins gegn Frakklandi í 8 liða úrslitum EM á Stade de France á sunnudag.

Fjölmiðlar víða um heim keppast við að hlaða íslenska liðið lofi og gera íslenska ævintýrinu góð skil. Franskir fjölmiðlar einbeita sér þó öðru fremur að liðinu sjálfu og hvað franska liðið þurfi að gera til að slá íslensku víkingana úr leik á sunnudag.

Gregoire Fleurot er blaðamaður stærsta íþróttablaðs Frakklands, L'Equipe, og hann hefur fylgt íslenska liðinu eftir síðan í mars. Hann segir að væntingar Frakka séu skýrar. Þeir vilji vinna mótið á heimavelli.

### Vilja fara alla leið

„Það væru þess vegna mikil vonbrigði að tapa fyrir Íslandi," sagði hann í samtali við Fréttablaðið í gær. Þá var nýlokið þéttsetnum blaðamannafundi íslenska liðsins á Novotel-hótelinu í Annecy.

„Forseti franska knattspyrnusambandsins sagði fyrir mótið að lágmarksvæntingar væru að ná í undanúrslitin. En allir búast við því að liðið geti farið alla leið," segir hann.

L'Equipe helgaði íslenska liðinu fjórar síður í útgáfu sinni í dag. „Tvær um hvernig Ísland spilar og hversu gott liðið er. Það vita flestir að Ísland er með gott lið og fólk vill nú skilja af hverju Ísland hefur náð góðum árangri gegn sterkum liðum eins og Englandi."

> Didier Deschamps, Franz Beckenbauer og Iker Casillas eru þeir einu sem hafa verið fyrirliðar liða sem hafa unnið HM, EM og Meistaradeild Evrópu.

> Hann hefur gert þetta allt saman áður og veit að það eru engin smálið á stórmótum.
>
> Gregoire Fleurot, blaðamaður á L'Equipe



### Glapræði að vanmeta Ísland

Það hefur mátt heyra á sérfræðingunum í franska sjónvarpinu að þeir telji að franska landsliðið eigi að vinna það íslenska.

„Það væri glapræði að vanmeta íslenska liðið úr þessu. Ég hef nú ekki heyrt mikið sjálfur af umræðu sérfræðinga en get ímyndað mér að það sé einfaldlega hluti af umræðunni í sjónvarpi að hafa skiptar skoðanir, þar sem meðal annars svona ummæli falla."

### Undirbúningur verður réttur

Didier Deschamps, landsliðsþjálfari Frakklands, átti ótrúlegan leikmannaferil. Hann vann nánast allt sem hægt var að vinna. Hann var landsliðsfyrirliði heims- og Evrópumeistaraliðs Frakklands sem unnu titlana 1998 og 2000 og vann Meistaradeild Evrópu með tveimur liðum – Marseille og Juventus. Hann er einn þriggja fyrirliða í sögunni til að lyfta öllum þremur bikurunum, ásamt Franz Beckenbauer og Iker Casillas.

„Deschamps mun ekki vanmeta Ísland. Hann er mjög alvörugefinn þjálfari sem lifir fyrir samkeppni og mót eins og þessi. Hann hefur gert þetta allt saman áður og veit að það eru engin smálið á stórmótum. Ég held að honum takist að hafa andlegan undirbúning liðsins fyrir þennan leik réttan."

Fleurot minnir á að verðandi heimsmeistarar Frakklands fengu erfiðan leik í 16 liða úrslitum HM 1998. „Það var gegn Paragvæ, sem átti að heita smálið, og reyndist einn erfiðasti leikur mótsins. Frakkland vann næstum 1-0 í framlengingu og var næstum búið að tapa. Þjálfarinn er mjög meðvitaður um þær hættur sem stafa af Íslandi."

### Veikir á köntunum

Mikið hefur verið fjallað um það sem Ísland gerir vel og landsliðsþjálfurunum hefur verið tíðrætt um að lykilatriði í velgengni liðsins sé hversu vel íslenska liðinu tekst að nýta sína styrkleika. En hverja telur Fleurot vera veikleika Íslands?

„Það er erfið spurning. Ég veit allt um styrkleika liðsins," segir hann og brosir. „Ísland er með mjög sterka miðverði, miðjumenn og svo tvo framherja sem vinna gríðarlega mikið. Það er kannski helst að kantarnir séu viðkvæmir. Þegar England ákvað að spila breitt og sækja upp kantana komu bestu færi þeirra í leiknum. Það er því helst að veikleikar íslenska liðsins liggi þar."



Didier Deschamps, þá fyrirliði franska landsliðsins, lyftir hér Evrópumeistarabikarnum við hlið Zinedine Zidane eftir sigur Frakka 2000. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Ungir og hraðir leikmenn á bekknum hjá franska landsliðinu

Engu liði hefur tekist að brjóta íslenska liðið, sem er enn ósigrað á EM í Frakklandi, niður. Gregoire Fleurot, blaðamaður hins virta íþróttablaðs L'Equipe, telur að breiddin í leikmannahópi Frakklands gæti reynst íslenska liðinu erfið í leiknum á Stade de France á sunnudaginn.

„Frakkland er að mínu mati með betra sóknarlið en bæði Portúgal og England. Það þýðir þó ekki endilega að Frökkum muni takast að brjóta íslensku vörnina niður og skora 2-3 mörk," segir hann.

Frakkar hafa þegar skorað sex mörk á mótinu eða jafnmikið og íslenska liðið. „Frakkar hafa verið að skora seint í leikjum og þegar lið á unga og hraða menn eins og Kingsley Coman og Anthony Martial, leikmenn sem spila með Bayern München og Manchester Untied, á bekknum gæti það verið erfitt fyrir þreytta varnarmenn [Íslands] að takast á við þá eftir að hafa glímt við Antoine Griezmann og Dimitri Payet allan leikinn," segir Fleurot.




## Nýjast

**Pepsi-deild karla í fótbolta**

**ÍA - Stjarnan 4-2**
0-1 Hilmar Árni Halldórsson (5.), 1-1 Garðar Gunnlaugsson, víti (8.), 1-2 Brynjar Guðjónsson (56.), 2-2 Garðar Gunnlaugsson (63.), 3-2 Darren Lough (66.), 4-2 Garðar Gunnlaugsson (73.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| FH | 20 | Valur | 11 |
| Fjölnir | 19 | Víkingur R. | 11 |
| Víkingur Ó. | 17 | ÍA | 10 |
| Breiðablik | 16 | KR | 9 |
| Stjarnan | 14 | Þróttur | 7 |
| ÍBV | 13 | Fylkir | 5 |

**Pepsi-deild kvenna í fótbolta**

**Valur - Þór/KA 6-1**
Elín Metta Jensen 3, Margrét Lára Viðarsdóttir 2, Laufey Björnsdóttir - Margrét Árnadóttir.

**ÍBV - Breiðablik 0-4**
Hallbera Guðný Gísladóttir 2, Fanndís Friðriksdóttir, Svava Rós Guðmundsdóttir.

**Fylkir - KR 1-1**
0-1 Sigríður María Sigurðardóttir (28.), 1-1 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (57.).

**Selfoss - FH 2-0**
1-0 Lauren Elizabeth Hughes (21.), 2-0 Magdalena Anna Reumis (67.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 14 | FH | 7 |
| Stjarnan | 13 | ÍBV | 6 |
| Valur | 11 | KR | 6 |
| Selfoss | 9 | Fylkir | 4 |
| Þór/KA | 8 | ÍA | 1 |

### ÍSLAND ALLTAF Á UPPLEIÐ

Ísland er komið upp í 7. sætið á styrkleikalista The Guardian yfir liðin 24 á EM 2016.

Íslenska liðið stekkur upp um sex sæti á styrkleikalistanum eftir sigurinn á Englandi á mánudaginn. Ekkert lið hækkar sig um jafn mörg sæti á styrkleikalista The Guardian eftir 16 liða úrslitin og Ísland.

Belgar koma næstir en þeir fara upp um fjögur sæti eftir sigurinn á Ungverjalandi í Toulouse. Þjóðverjar taka efsta sætið af Króötum sem falla niður um átta sæti og niður í það níunda.



Ítalir eru í 2. sæti, Belgar í því þriðja, Frakkar í fjórða og Walesverjar eru komnir upp í 5. sætið eftir sigurinn á N-Írlandi.

Evrópumeistarar Spánverja, sem voru í efsta sætinu, eru dottnir niður í 11. sæti og Englendingar í það fjórtánda.

Íslenska liðið var í 16. sæti á fyrsta styrkleikalistanum sem The Guardian birti, 13. sæti á öðrum og þriðja og er nú komið upp í 7. sætið eins og áður sagði.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **17.30** | **Bridgestone Invit.** | Golfstöðin |
| **21.00** | **Valur - Bröndby** | Sport 2 |
| **22.00** | **Sumarmessan** | Sport 2 |

**Evrópudeild UEFA**
**19.15** **KR - Glenavon**
**19.15** **Breiðablik - FK Jelgava**
**21.00** **Valur - Bröndby**

**Pepsi-deild kvenna**
**19.15** **Stjarnan - ÍA**

**Inkasso-deildin**
**19.15** **Leiknir R. - Haukar**
**19.15** **HK - Fram**
**19.15** **Selfoss - KA**


SAMSUNG
SAMSUNGSETRID.IS
Til hamingju Ísland !
Landsliðið okkar í knattspyrnu hefur enn og aftur brotið blað í sögunni.
Við óskum strákunum, liðinu og okkur sjálfum til hamingju með áranguurinn og gerum okkur klár í leik á móti Frakklandi á sunnudag.
EM TILBOÐ
EISA AWARD Best Product 2015-2016
HIGH END TV
Samsung UE65JS9500
Curved
SUHD TV
ULTRA HD™ PREMIUM
65" Samsung JS9505
699.900.-
SUHD • ULTRA HD PREMIUM • HDR1000 • 4K • QUANTUM DOT DISPLAY • SMART TV
Curved
EM TILBOÐ
SUHD TV
ULTRA HD PREMIUM
EM TILBOÐ
65" Samsung JU7005
429.900.-
UHD • 1300 PQI • 4K • QUAD CORE • SMART TV
ULTRA HD
65" Samsung JS9005
SUHD • ULTRA HD PREMIUM • HDR1000 • 4K • QUANTUM DOT DISPLAY • SMART TV
EM verðlækkun kr. 110.000,- Nú kr: 539.900.-
EM TILBOÐ
ULTRA HD
Curved
65" Samsung JU7505
449.900.-
UHD • 1400 PQI • 4K • QUAD CORE • SMART TV
ULTRA HD
EM TILBOÐ
65" Samsung JU6075
369.900.-
UHD • 800 PQI • 4K • QUAD CORE • SMART TV
SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# Mörkin koma alls staðar að

Tíu leikmenn hafa komið með beinum hætti að mörkunum sex sem Ísland hefur skorað á EM í Frakklandi með því annaðhvort að skora eða leggja upp. Ekkert annað lið á EM í ár á jafn marga markssækna menn. Hér má sjá yfirlit yfir þátttöku manna í mörkum íslenska liðsins en þar leggja allir sitt af mörkum eins og í öðru hjá íslenska liðinu.



## VARNARMENN


Birkir Már Sævarsson


Kári Árnason
S S ▲4


Ragnar Sigurðsson
★


Ari Freyr Skúlason
▲1

## MIÐJUMENN


Jóhann Berg Guðmundsson
▲5 S


Aron Einar Gunnarsson
H H FV ▲1


Gylfi Þór Sigurðsson
★ H ▲2


Birkir Bjarnason
★ H ▲1

## SÓKNARMENN


Theodór Elmar Bjarnason
S ▲1


Jón Daði Böðvarsson
★ H S


Kolbeinn Sigþórsson
★ ▲3


Arnór Ingvi Traustason
★

### Liðin með flesta marka-menn á mótinu

Leikmenn sem hafa átt þátt í marki á EM 2016 með því að skora sjálfir eða leggja upp.

| | |
|---|---|
| Ísland | 10 |
| Belgía | 9 |
| Þýskaland | 8 |
| Ítalía | 8 |
| Frakkland | 7 |
| Ungverjaland | 7 |
| Spánn | 6 |

★ Mörk
S Stoðsendingar
FV Fiskuð víti
H Hjálparsending (þátt í marki)
▲ Sköpuð marktækifæri




SPORT | Fimmtudag kl. 21:00 - Bein útsending
Evrópudeild UEFA - Valur tekur á móti Brøndby
Hörkuleikur í Evrópudeildinni á Hlíðarenda



SPORT | Sumarmessan
Öll kvöld klukkan 22:00
Íþróttafréttamenn og fótboltasérfræðingar 365 fara yfir allt það helsta í knattspyrnunni.


SPORT | Formúla 1 - Bein útsending
Lau. og sun.: GRAND PRIX OF EUROPE
Margir af fremstu ökumönnum heims á einum stað



SPORT | Borgunarbikarinn - Bein útsending
Sunnudag, kl. 14:00 Breiðablik - ÍBV
Mánudag, kl. 19:15 Þróttur - FH

Sportið um helgina

Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817




365

*Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS Grillkjöt
BÓNUS Grillkjöt Grísakótelettur
Grísakótelettur kryddaðar
1.298
kr. pr. kg.
BÓNUS Bacon
Bónus Bacon
1.598
kr. pr. kg.
GRÍSA FILLET
Bestu bitarnir bragðbættir með þremur spennandi kryddtegundum
Grísa Fillet
1.579
kr. pr. kg.
Ali
BOSPORUS
RED SALSA
GRÍSA FILLET
Hunagns marencraðar kótelettur
Ali kótilettur HUNANGS marineraðar og léttreyktar
Hunangsmareneraðar
1.898
kr. pr. kg.
Léttreyktar BBQ
Hunangsmareneraðar í BBQ
1.898
kr. pr. kg.
TILBÚIÐ fulleldað aðeins að hita
Ali Spareribs
Ali Spareribs
998
kr. pr. kg.
Spareribs og Babyback grísarif
TILBÚIÐ fulleldað aðeins að hita
Ali BABYBACK Grísarif með barbequesósu
Ali Babyback grísarif
1.698
kr. pr. kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
4693 TAKTIK / 2jún16




**98** kr. 145 g
**Maryland Kex**
145 g, 4 tegundir

**Orkudrykkur**
Líka til sykurlaus




**59** kr. 250 ml
**ES Orkudrykkur**
250 ml, 2 teg.

**0,5L**




**98** kr. 500 ml
**Egils Appelsín,** 500 ml
**Pepsi,** 500 ml
**Pepsi Max,** 500 ml




**259** kr. 680 g
**Hunt's Tómatsósa**
680 g




**298** kr. stk.
**Heima Einnota Grill**
600 g

**198** kr. 4 stk.
**Heima Grillbakkar**
4 stk. í pakka.

**398** kr. 1 l
**Heima Uppkveikilögur**
1 lítri




**698** kr. 450 g
**Camper Gashylki**
450 g




**698** kr. 3,5 kg
**Royal Oak Grillkol**
3,5 kg




**95** kr. 200 g
**ES Steiktur Laukur**
200 g




**98** kr. 40 g
**Pringles Snakk**
40 g




**979** kr. 200 ml
**Nivea Sun Sólarvörn**
Vatnsþolin, kælandi og rakagefandi, 200 ml

**SÓLARVÖRN Á GÓÐU VERÐI**




**549** kr. 50 ml
**Nivea Sun Kids Sólarvörn**
Vasastærð, extra vatnsþolin og rakagefandi, 50 ml




**549** kr. pk.
**Libero Sundbleiur**
6 stk. í pakka, S eða M

**2L**




**798** kr. 2 L
**Debic Vanillu Shake**
2 L

**GOTT Í BOOSTIÐ!**




**398** kr. 1 kg
**Euro Shopper**
**Berjablanda,** frosin, 1 kg




**398** kr. 1 kg
**Euro Shopper**
**Jarðarber,** frosin, 1 kg




**398** kr. 500 g
**Euro Shopper**
**Hindber,** frosin, 500 g




**10 sett**

**398** kr. 10 stk.
**Bónus Boost Sett**
Glös, lok og rör, 10 stk.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

GOTT Á GRILLIÐ

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT

**1.298** kr. kg
**Bónus Grísakótilettur**
Með beini, kryddaðar

**1.998** kr. kg
**Íslandslamb Lambalærissneiðar**
Kryddlegnar, blandaðar, ferskar

**2.598** kr. kg
**Íslandslamb Lambakótilettur**
Kryddlegnar, ferskar

**2.598** kr. kg
**Íslandslamb Lambalærissneiðar**
Kryddlegnar, 1.flokkur, ferskar

## FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS

**359** kr. 250 g
**Íslenskir Sólskinstómatar**
250 g

4 stk 80 g
**598** kr. 4x80 g
**Íslandsnaut Ungnautaborgarar**
4x80 g

Aðeins 150 kr stykkið
**1.498** kr. 10 stk.
**Kjarnafæði Nautgripaborgarar**
10x120 g, frosnir

**1.998** kr. kg
**Kjarnafæði Lambakótilettur**
Í raspi, frosnar

ÍSLENSKIR TÓMATAR

**298** kr. kg
**Íslenskir Tómatar**
Í lausu

ÍSLENSKAR AGÚRKUR

**149** kr. stk.
**Íslensk Agúrka**
ca. 350 g

NÝJAR DANSKAR KARTÖFLUR

**195** kr. kg
**Kartöflur**
Í lausu, Danmörk

NÝBAKAÐ!

**359** kr. 4 stk.
**Bónus Kjallarabollur**
með osti, 4 stk.

NÝBAKAÐ!

**259** kr. 4 stk.
**Bónus Kringlur**
4 stk.

ÍSLENSK PAPRIKA

**798** kr. kg
**Íslensk Paprika**

**195** kr. 200 g
**Grand salat**
200 g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

## Merkisatburðir

**1874** Skólapiltar Lærða skólans mótmæla latneskum stílum með því að halda brennu vestur á Melum.
**1908** Gífurleg sprenging nærri Tunguskafljóti í Síberíu. Talið er að loftsteinn hafi hrapað þar til jarðar.
**1934** Nótt hinna löngu hnífa í Þýskalandi. Blóðugar hreinsanir innan Nasistaflokksins.
**1954** Almyrkvi verður á sólu og sést best við suðurströndina. Verður þar myrkur í nokkrar mínútur og sína stjörnur á himni sem um nótt. Næst mun almyrkvi sjást á Íslandi við vesturströndina þann 12. ágúst 2026.
**1964** Norðurlandameistaramóti í handknattleik kvenna, sem haldið er í Reykjavík, lýkur með sigri íslenska liðsins.
**1968** Kristján Eldjárn er kjörinn forseti Íslands.
**1990** Efnahagskerfi Austur- og Vestur-Þýskalands eru sameinuð.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Birgir Kristjánsson**
verslunarmaður,
sem lést þann 21. júní sl. á hjúkrunarheimilinu Sóltúni verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 1. júlí kl. 13.00. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

**Sigríður Birgisdóttir** **Sigurður Hafsteinn Steinarss.**
**Kristján Birgisson** **Þórhildur Ásgeirsdóttir**
**Björn Birgisson** **Grace Lai**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Hildur Einarsdóttir**
Bolungarvík,
lést á Hjúkrunarheimilinu í Bolungarvík mánudaginn 27. júní. Útförin fer fram frá Hólskirkju í Bolungarvík, laugardaginn 9. júlí kl. 14.00.

Þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlegast bent á orgelsjóð Hólskirkju í Bolungarvík, rnr. 1176-18-911908, kt. 630169-5269.

**Einar Benediktsson** **María Guðmundsdóttir**
**Halldóra Benediktsdóttir** **Sören Pedersen**
**Bjarni Benediktsson** **Bjarnveig Eiríksdóttir**
**Ómar Benediktsson** **Guðrún Þorvaldsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Kristján M. Baldursson**
landfræðingur og leiðsögumaður,
Kúrlandi 27, Reykjavík,
varð bráðkvaddur föstudaginn 24. júní. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 1. júlí kl. 13.00.

**Elín Ýrr Halldórsdóttir**
**Anna Rut Kristjánsdóttir**
**Ásta Ýrr Kristjánsdóttir** **Kári Logason**
**Herdís Kristjánsdóttir** **Pétur Andri Dam**
**Halldór Kristjánsson** **Ásdís Nína Magnúsdóttir**
**og barnabörn.**



Eiginkona mín, dóttir, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
**Bryndís Einarsdóttir**
lést á Landspítalanum v/Hringbraut mánudaginn 20. júní.

Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 4. júlí kl. 13.00.

Blóm og kransar afþakkaðir, en hverjum þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Guðmundur Óskar Hermannsson**
**Guðbjörg Sigríður Kristjónsdóttir**
**Hermann Guðmundsson** **Signý Magnúsdóttir**
**Ingþór Guðmundsson** **Sigríður Harpa Benediktsdóttir**
**Sólveig Guðmundsdóttir** **Daníel Sveinbjörnsson**
**og barnabörn.**



**Bragi Bergsson skrifaði árið 2000 mastersritgerð um almenningsgarða á Íslandi.**

# Saga almenningsgarða í Reykjavík gerð upp

**Bragi Bergsson sagnfræðingur leiðir kvöldgöngu um almenningsgarða í miðbæ Reykjavíkur í kvöld. Á morgun heldur hann fyrirlestur þar sem hann fer yfir hönnunartillögur að Austurvelli frá árinu 1918. Hann skrifaði mastersritgerð um þessi málefni.**

Fimmtudagsganga á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur verður gengin um almenningsgarða miðbæjarins í kvöld. Gönguna leiðir Bragi Bergsson sagnfræðingur en hann mun fræða gesti um sögu og þróun reykvískra almenningsgarða. Gangan hefst í Fógetagarðinum klukkan átta.

„Gangan byggist að mestu leyti á mastersritgerðinni minni frá árinu 2000 sem fjallaði um íslenska almenningsgarða. Svo gerði ég einnig skýrstu fyrir Árbæjarsafnið um reykvísku almenningsgarðana sem ég mun einnig fjalla um,“ segir Bragi en það er óhætt að segja að hann sé vel að sér í þessum málefnum. Þetta er í fyrsta skipti sem að hann leiðir göngu af þessu tagi en það má búast við því að fjölmargir fylgi honum.

Gengið verður frá Fógetagarðinum að Austurvelli og Alþingisgarðinum áður en farið er í Hljómskálagarðinn, Hallargarðinn og fleiri garða sem eru miðsvæðis í Reykjavík. Búast má við að gangan taki um einn og hálfan klukkutíma enda er af mörgu að taka.

> **Ég var að grennslast fyrir á Árbæjarsafninu fyrir örfáum misserum þegar ég fann tillögur fyrir hönnunarkeppni sem snerist um það hvernig Austurvöllur ætti að líta út. Þetta er líklega í fyrsta sinn sem haldin er hönnunarkeppni fyrir útisvæði.**

Á morgun flytur Bragi fyrirlestur á Árbæjarsafninu þar sem hann mun fjalla um Austurvöll árið 1919. „Ég var að grennslast fyrir á Árbæjarsafninu fyrir örfáum misserum þegar ég fann tillögur fyrir hönnunarkeppni sem snerist um það hvernig Austurvöllur ætti að líta út. Þetta er líklega í fyrsta sinn sem haldin er hönnunarkeppni fyrir útisvæði. Á fyrirlestrinum mun ég fara yfir vinningstillögurnar sem valdar voru árið 1918.“



**Það verður fróðlegt að fræðast um almenningsgarða Reykjavíkur í kvöldgöngu á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur.**

Málefnið er afar áhugavert enda urðu tvær tillögur ofan á í keppninni og átti að sameina þær. Aldrei varð þó neitt úr framkvæmdunum. „Þessar tillögur eru allt öðruvísi heldur en Austurvöllur lítur út í dag. Þetta hefur líklega bara gleymst og aldrei varð neitt úr þessu.“

Fyrirlesturinn á Árbæjarsafni verður á morgun klukkan 12.10 fyrir áhugasama. Frítt er inn á báða viðburðina.

**gunnhildur@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 30. JÚNÍ 1952

## Leiðarljós byrjar í sjónvarpi

Sápuóperan Leiðarljós eða „Guiding Light“ er Íslendingum að góðu kunn. Vanessa Chamberlain, Billy Lewis, Reva Shayne og Ross Marler eru þekkt nöfn í huga margra. Samkvæmt Heimsmetabók Guinness er Leiðarljós sú sápuópera sem var lengst í framleiðslu og er lífseigasti dramaþáttur sjónvarpssögunnar. Leiðarljós gerist í Springfield í Bandaríkjunum. Í þáttunum er fjallað um ástir, hatur, átök og sættir á milli fjölskyldna og vina. Höfundur Leiðarljóss er Irna Phillips og byggði hún þættina á eigin lífsreynslu.

Leiðarljós byrjaði sem útvarpsþáttaröð árið 1937 áður en hún færðist yfir í sjónvarpið 30. júní 1952. Titillinn „Guiding Light“ dregur nafn sitt af lampa í lesstofu dr. John Ruthledge, sem var ein af aðalpersónunum í þáttaröðinni þegar hún hóf göngu sína árið 1937.

Leiðarljós var einstaklega vinsæl sápuópera og hefur unnið til fjölda verðlauna á sínum langa ferli. Þættirnir voru á dagskrá RÚV frá árinu 1995 til 2012 og áttu tryggan hóp áhorfenda enda voru sýndir rúmlega 4.200 þættir allt í allt hérlendis.

Leiðarljós er sú leikna þáttaröð sem hefur verið sýnd lengst í sjónvarpi í heiminum, eða í 57 ár, en áhorf fór dvínandi á nýju árþúsundi og árið 2012 var framleiðslunni hætt.





YFIR 2000 VÖRUR
RISA SUMARÚTSALAN ER HAFIN!
SÚ STÆRSTA TIL ÞESSA
Sjáðu allar útsöluvörurnar á byggtogbuid.is
20-70% afsláttur!
KAFFIVÉLAR, ELDHÚSÁHÖLD, POTTAR OG PÖNNUR, VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR, DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL, BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR, BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR- OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR, HRAÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT, HITAKÖNNUR OG BRÚSAR, BAÐVOGIR OG MARGT FLEIRA!
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
Sjáðu allar útsöluvörurnar á byggtogbuid.is
Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Í dag verða norðaustan 5 til 10 metrar á sekúndu og skúrir, en samfelld rigning norðaustan- og austanlands. Hiti frá 7 stigum austast, upp í 16 stig um landið vestanvert.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° | 8° | 6° |
| ↓ 9 | ↙ 8 | ↘ 8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 7° | 15° | 6° |
| ↓ 7 | ↓ 6 | ↓ 12 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 4° | 6° |
| ↓ 7 | ↓ 7 | ↘ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 11° | 13° | 4° |
| ↓ 6 | ↑ 4 | ↓ 4 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. klastur
6. frá
8. skýra frá
9. aska
11. hljóm
12. lítið glas
14. aðfall
16. snæddi
17. gerast
18. yfirbreiðsla
20. tveir
21. engi

**LÓÐRÉTT**
1. sitjandi
3. stefna
4. vaðsekkur
5. mak
7. skóhljóð
10. Skítur
13. suss
15. svall
16. spíra
19. kvað



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. fúsk, 6. af, 8. tjá, 9. sót, 11. óm, 12. staup, 14. aðsog, 16. át, 17. ske, 18. lak, 20. ii, 21. akur.
**LÓÐRÉTT:** 1. rass, 3. út, 4. sjópoki, 5. kám, 7. fótatak, 10. tað, 13. uss, 15. geim, 16. ála, 19. ku.

### Skák Gunnar Björnsson

Margeir Pétursson (2.509) átti leik gegn Joachim Brüggemann (2.304) í þriðju umferð Heimsmeistaramóts sveita, 50 ára og eldri.

**38. Rf7+! Kg8** (38. ... Hcxf7 39. Dxf7!) **39. Rd8+** (39. Rd6+ vinnur líka) **39. ... Kh8 40. Re6** og svartur gafst upp enda mannfall ekki umflýjanlegt. Íslenska sveitin hefur unnið allar sínar viðureignir og mætir sterkri sveit Armena í dag.

**www.skak.is:** Fimmta umferð í dag.

**Hvítur á leik**



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | | 3 | | 6 | 2 | 7 | |
| | | | | | | 6 | | |
| 3 | 8 | | | 1 | | | | 4 |
| | 3 | 5 | | | | 7 | | 1 |
| | 2 | 8 | 1 | | | 9 | 5 | |
| 9 | | | | 6 | | | 3 | |
| | | | | 4 | 5 | 3 | 8 | |
| | | | 6 | 8 | | | | |
| | | 9 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 5 | | | 7 | | |
| 9 | 2 | 3 | | | 7 | 1 | | |
| | 7 | | 9 | | 3 | | | 6 |
| 1 | 4 | | 3 | | | | 5 | 2 |
| | | 7 | | | | 6 | | |
| | 6 | | | | 2 | | | 4 |
| 3 | | 6 | | 9 | 1 | | | 7 |
| | 9 | 2 | | | 8 | | | |
| | | | | | 5 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 1 | 3 | | 2 | | |
| | 8 | 1 | | | | | | |
| | | | | | | | | 7 |
| 1 | 7 | 9 | 4 | | | | | |
| 3 | | | | 6 | | | | |
| | | | | 8 | 9 | 1 | 2 | |
| 5 | | | 8 | | | | 7 | |
| | 3 | | | | 2 | | | |
| 9 | | 4 | | | | 8 | 5 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 3 | 4 | 2 | 8 | 9 | 1 | 7 |
| 8 | 7 | 4 | 3 | 9 | 1 | 6 | 2 | 5 |
| 9 | 1 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 | 3 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 7 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 6 | 9 | 2 | 4 | 3 |
| 6 | 3 | 5 | 9 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 9 | 7 | 2 | 8 | 3 | 5 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 3 | 9 | 2 | 4 | 1 | 7 | 5 |
| 4 | 7 | 2 | 1 | 5 | 8 | 9 | 6 | 3 |
| 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 7 | 4 | 8 | 2 |
| 5 | 9 | 7 | 4 | 1 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 8 | 1 | 4 | 5 | 3 | 2 | 6 | 9 | 7 |
| 3 | 2 | 6 | 7 | 8 | 9 | 5 | 1 | 4 |
| 7 | 3 | 8 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 1 |
| 9 | 4 | 5 | 2 | 7 | 1 | 8 | 3 | 6 |
| 2 | 6 | 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 7 | 2 | 5 | 3 | 1 | 9 | 4 |
| 3 | 4 | 1 | 9 | 7 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 9 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 | 3 | 8 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 8 | 7 | 6 | 4 | 2 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 1 | 2 | 3 | 7 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 |
| 7 | 3 | 4 | 5 | 1 | 2 | 9 | 8 | 6 |
| 9 | 6 | 5 | 8 | 3 | 7 | 2 | 4 | 1 |
| 2 | 1 | 8 | 6 | 9 | 4 | 5 | 7 | 3 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









© Inter IKEA Systems B.V. 2016

# Útsalan hefst í dag kl. 11

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Þau Sigurður og Ineke Guðmundsson kunna vel við sig á Djúpavogi og láta heimamenn og gesti njóta þess. MYND/ERLA DÓRA VOGLER

# Fremstu listamenn heims sýna á Djúpavogi

**Hjónin Sigurður Guðmundsson myndlistarmaður og Ineke Guðmundsson forstjóri hafa fengið úrval listamanna á heimsmælikvarða til að sýna á Djúpavogi í sumar, þriðja árið í röð.**

Það er aðeins súld en mjög fínt veður," segir Sigurður Guðmundsson listamaður, staddur á Djúpavogi. „Það er alltaf gott veður hér á Íslandi. Ég bý í svo miklu hitabelti, í Xiamen á suðausturströnd Kína, á milli Sjanghaí og Hong Kong og mér finnst gott að koma í svalann hér."

Sigurður og Ineke kona hans eru að drífa upp metnaðarfulla myndlistarsýningu í Bræðslunni á Djúpavogi á vegum fyrirtækisins Chines European Art Center sem Ineke á og stjórnar. Sýningin nefnist Rúllandi snjóbolti/7 og Katrín Jakobsdóttir mun opna hana klukkan þrjú á laugardaginn.

### Gerðist gegnum augum

Þau Sigurður og Ineke hafa laðað marga af þekktustu listamönnum þjóðarinnar til sín og líka rjóma erlendra samtímalistamanna, þar sem ríkisakademían í Amsterdam er gengin til liðs við þau.

*En hvað kom til að þau tóku ástfóstri við Djúpavog?* „Það var nú engin söguleg tenging. Það gerðist bara gegnum augun. Ég hef ekki búið á Íslandi í 50 ár en við hjónin eigum börn og barnabörn og langar að tengja þau landinu. Því vildum við kaupa okkur býli eða hús einhvers staðar og vorum búin að leita á öllum útkjálkum landsins en fundum ekkert sem hentaði. Einu sinni vorum við að koma á húsbíl frá Evrópu með Norrænu og halda í enn eina ferðina kringum landið. Lögðum bílnum hér í bænum og sváfum yfir nótt skammt frá Hammersminni, þegar við vöknuðum um morguninn var staðurinn baðaður sól og skammt frá stóð autt hús sem var til sölu. Við öfluðum upplýsinga hjá nágrönnum og úr varð að við keyptum húsið. Síðar byggðum við nýtt hús inni í því gamla. Það sést ekki og þetta er okkar sveitastaður síðan."

Sigurður lýkur lofsorði á Djúpavog. „Hér er fallegt og hér býr svo flott fólk sem er búið að vera í öllum heiminum, vel upplýst lið. Þessu sýningarstandi okkar hefur verið tekið opnum örmum af öllum," segir hann og bætir við að þetta sé þriðja sumarið í röð sem þau sýni samtímalist helstu listamanna heimsins í Bræðslunni.

### Eins og New York París eða Róm

„Allir þekktustu listamenn Íslendinga eru búnir að sýna hér ásamt þeim sem verða hér núna. Við ákváðum að hafa þetta bara eins og við værum að sýna í New York, París eða Róm. Þetta minnir á íslenska fótboltaliðið – hvers vegna ekki við? Við segjum: Hvers vegna ekki hér? Það virðist ætla að skila sér. Þó að þetta séu listamenn sem eru þekktir og alþjóðlegir þá koma þeir."

*Er það ekki af því þið hjón eruð svo þekkt og alþjóðleg?* „Jú, eflaust. Við erum auðvitað vinir í bransanum." Kristján, bróðir Sigurðar er á listanum yfir þá sem sýna í ár. „Hann er einn af uppáhaldslistamönnunum mínum, hann Kristján bróðir. Við erum búin að sýna hér alla nema Ólaf Elíasson og honum hefur alltaf verið boðið en hann er bara svo upptekinn. Hann er náttúrlega bara orðinn stórfyrirtæki og gerir það vel á sinn hátt."

Þó sýningin heiti Rúllandi snjóbolti þá rúllar hún ekki víðar heldur verður á Djúpavogi út sumarið. Sigurður stefnir líka að því að skilja eitthvað fallegt eftir fleira en minningar um flotta sýningu. „Við erum að gróðursetja. Ég sé fyrir mér að einhvern tíma verði vísir að nútímalistasafni á Djúpavogi og til að láta þá sýn rætast bað ég tvo félaga mína um að gefa hingað öflug listaverk. Ég geri slíkt hið sama, ég tók með mér risastórt verk frá Kína sem ég ætla að gefa. Verkin verða á sýningunni. Þetta er bara byrjunin. Ég sé ekki hvað væri því til fyrirstöðu að það væri alvöru Modern Art musemum hér á Djúpavogi, það þarf ekki að vera stórt, það þarf bara að vera sterkt."

> **ÞEGAR VIÐ VÖKNUÐUM UM MORGUNINN VAR STAÐURINN BAÐAÐUR SÓL OG SKAMMT FRÁ STÓÐ AUTT HÚS SEM VAR TIL SÖLU. VIÐ ÖFLUÐUM UPPLÝSINGA HJÁ NÁGRÖNNUM OG ÚR VARÐ AÐ VIÐ KEYPTUM HÚSIÐ.**

Ekki kveðst Sigurður hafa fundið listasafninu stað en hefur ekki áhyggjur af því. „Hér er miklu klárara fólk en ég sem mun gera það."

Eggin, verk Sigurðar rétt við bryggjuna á Djúpavogi, eru sívinsælt skoðunarefni. „Þar sem ég stend sé ég að það er krökkt af fólki kringum eggin að láta taka mynd af sér," segir listamaðurinn glaðlega. „En nú er konan að toga í mig, finnst víst ég vera of fjölmiðlaglaður!"

### ÞAU SÝNA Á RÚLLANDI SNJÓBOLTA 2016

**Íslenskir listamenn** Arna Óttarsdóttir, Árni Páll Jóhannsson, Berglind Ágústsdóttir, Dagrún Aðalsteinsdóttir, Egill Sæbjörnsson, Elín Hansdóttir, Finnbogi Pétursson, Geirþrúður Finnbogadóttir Hjörvar, Hekla Dögg, Hrafnkell Sigurðsson, Hreinn Friðfinnsson, Kristján Guðmundsson, Magnús Pálsson, Margrét Blöndal, Olga Bergmann, Ólöf Nordal, Ragna Róbertsdóttir, Ragnar Kjartansson, Rúna Þorkelsdóttir, Rúrí, Sigurður Guðmundsson, Þór Vigfússon.

**Listamenn við Rijksakademie, Amsterdam í Hollandi** Christine Moldrickx, Eva Spierenburg, Josefin Arnell, Juliaan Andeweg, Marije Gertenbach, Matthijs Munnik, Mercedes Azpilicueta, Pauline Curnier Jardin, Robbert Weide, Tamar Harpaz.

# FERÐUMST Í HUGANUM




**Villibráð**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3899.-




**Ég fremur en þú**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3899.-




**Bak við luktar dyr**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3899.-




**Stúlkurnar**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3899.-




**Kakkalakkarnir**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3899.-




**Vinkonur**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3899.-




**Smámyndasmiðurinn**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3899.-




**Ótrúleg saga Indverja sem hjólaði til Svíþjóðar á vit ástarinnar**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3899.-




**Í hita leiksins**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3899.-




**Aukaverkanir**
VILDARVERÐ: 2999.-
Verð áður: 3399.-




**Kólibrífuglinn**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3899.-




**Irene**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3899.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildia 30. júní til og með 2. júlí. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Ingveldur Ýr, Guðríður St. Sigurðardóttir og Margrét Th. Hjaltested í Tríói Fókus verða í Reykjahlíðarkirkju á laugardagskvöldið.

# Fleira til að **njóta** en fagurt landslag

**Sumartónleikar við Mývatn eru að hefjast um helgina og stendur hátíðin út júlímánuð í kirkjum sveitarinnar, samkomuhúsinu Skjólbrekku og bænhúsinu Rönd. Margrét Bóasdóttir söngkona heldur utan um dagskrána í þrítugasta og síðasta skipti.**

Margrét Bóasdóttir er í bíl milli Laugarvatns og borgarinnar þegar hún svarar símanum. Hún er með handfrjálsan búnað og því getur hún auðveldlega svarað nokkrum spurningum um Sumartónleika við Mývatn sem hún er búin að plana allan júlímánuð og hefjast um helgina.

„Það er nú eða aldrei. Þetta er síðasta sumarið sem ég stjórna þessari hátíð sem ég stofnaði fyrir þrjátíu árum,“ segir hún og kveðst sjálf fædd og uppalin í Mývatnssveit. „En ég hef um langt skeið búið í fjarlægð frá sveitinni minni og er komin með mörg krefjandi verkefni annars staðar. Ég á mjög góða að fyrir norðan sem hjálpa mér en það er bara ekki rétt leið að fjarstýra svona stórum viðburðum.“

Fyrstu tóna hátíðarinnar í ár á Tríó Fókus, með Ingveldi Ýr Jónsdóttur söngkonu, Margréti Th. Hjaltested víóluleikara og Guðríði St. Sigurðardóttur píanóleikara. Þær koma fram í Reykjahlíðarkirkju klukkan 21 á laugardaginn. Síðan rekur hver viðburðurinn annan, af og til út mánuðinn. Sá næsti eftir opnunartónleikana er Fjárlagakvöld til minningar um Jón Stefánsson organista sem lést 2. apríl síðastliðinn. Þá eru allir velkomnir til að syngja fjórraddað upp úr nótnabókinni Íslensku söngvasafni sem gjarnan er kölluð Fjárlögin, vegna myndar af kindum á kápunni. Hún geymir þjóðlög, bæði íslensk og erlend.

„Við ætlum að minnast Jóns daginn sem hann hefði orðið sjötugur,“ segir Margrét. „Við Jón vorum systkinabörn og alin upp í húsum hlið við hlið í Vogum í Mývatnssveit. Jón var sjálfur búinn að hugsa sér að halda upp á sjötugsafmælið í Mývatnssveitinni og mér er það ljúft og skylt að gera það með þeim hætti að fá fólk til að syngja fjórraddað upp úr Fjárlögunum.“

Lengi hefur verið talað um Þingeyinga sem syngi í fjórum röddum. Margrét segir að þau Jón hafi gert sitt til að halda þeirri hefð við. „Á ári söngsins 1992 og næstu ár á eftir héldum við Jón helgarnámskeið sem við kölluðum fjárlaganámskeið því þar voru sungin þjóðlögin úr Íslensku söngvasafni. Jón lét líka alltaf kórafólkið sitt syngja þessi lög til gleði og gamans og Ríkisútvarpið tók upp mörg þeirra í flutningi kórs Langholtskirkju svo þau eru þar varðveitt. Þannig að það var einboðið að koma saman í minningu Jóns og syngja ættjarðarlögin. Ég á von á að þar verði vel mætt.“

En á Margrét von á að einhver taki við keflinu eftir að hún hættir að stýra Sumartónleikum við Mývatn? „Ég er að reyna að leggja drög að því. Það er glæsilegur tónlistarmaður sem býr í sveitinni sem liggur undir feldi. Hann tekur þá bara sinn pól í hæðina, því allir móta svona listrænt starf eftir sínu höfði. En það væri synd ef hátíðin legðist af. Það eru svo margir gestir í Mývatnssveit á sumrin og þessir tónleikar hafa jafnan verið sérstaklega vel sóttir. Margir möguleikar eru líka til tónleikahalds ekki bara í kirkjunum heldur líka í jarðböðunum og Dimmuborgum. Ég hef verið með helgistund og tónlist í litla hellinum sem heitir Kirkjan í Dimmuborgum.“

Einn af flytjendum Sumartónleika við Mývatn er Benedikt Kristjánsson tenór, sonur Margrétar, sem hún segir hafa verið þátttakanda í fyrstu tónleikunum fyrir 30 árum, en þá í móðurkviði. Hann syngur 30. og 31. júlí við undirleik Bjarna Frímanns Bjarnasonar á píanó og orgel. Síðasti viðburður hátíðarinnar er messa í bænhúsinu á Rönd og þar verður

**JÓN VAR SJÁLFUR BÚINN AÐ HUGSA SÉR AÐ HALDA UPP Á SJÖTUGSAFMÆLIÐ Í MÝVATNSSVEITINNI OG MÉR ER ÞAÐ LJÚFT OG SKYLT AÐ GERA ÞAÐ MEÐ ÞEIM HÆTTI AÐ FÁ FÓLK TIL AÐ SYNGJA FJÓRRADDAÐ UPP ÚR FJÁRLÖGUNUM.**

flutt tónlist frá hátíðinni. En hvar er Rönd? „Það er sumarbústaðaland við Sandvatn í eigu afkomenda Guðmundar og Ernu sem áttu Bifreiðar og landbúnaðarvélar. Þegar þau höfðu byggt bústaðinn létu þau gera lítið bænhús úr torfi og grjóti. Það er eftirmynd Reykjahlíðarkirkju sem fór undir hraun 1724 og er eins og lítill gimsteinn. Íslendingar eru einstaklega duglegir að sækja guðsþjónustur í óbyggðum og öðrum skrítnum stöðum þó þeir rati ekki í sínar sóknarkirkjur svo ég vona að þeir mæti á Rönd.



**Margrét vonar að Sumartónleikar við Mývatn leggist ekki af þó hún hætti að stjórna þeim.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Aðgangur er ókeypis að flestum sumartónleikunum við Mývatn. Margrét kveðst hafa fengið framúrskarandi tónlistarfólk af öllu landinu til að koma þar fram, eins og fyrri ár. „Ég er alltaf jafn stolt af því að hafa svona gott fólk undir nafni sumartónleikanna því það er svo góðir fulltrúar menningar þjóðarinnar. Það er líka gaman að ferðamenn átti sig á að hér á Íslandi er fleira til að njóta en fagurt landslag.

# Lögin flokkast undir djasstónlist

Unnur Sara Eldjárn djasssöngkona kemur fram í Norræna húsinu í kvöld, 30. júní, sem næsti listamaður í Arctic Concerts röðinni.

„Ég ætla að syngja lög eftir mig aðallega, þau flokkast undir djasstónlist, rokk og fleiri stíla,“ upplýsir hún þegar hún er spurð út í tónleikana í Norræna húsinu í kvöld sem hefjast þar klukkan 20.30. Hún kveðst alltaf vera að semja.

En hún á ekki sviðið ein, heldur verður Halldór Eldjárn, föðurbróðir hennar, með henni og spilar á slagverk og líka Gréta Rún Snorradóttir sem leikur á selló.

Unnur útskrifaðist úr djasssöngsnámi frá Tónlistarskóla FÍH í fyrra og gaf út disk á síðasta ári sem fékk góða dóma. Gestir kvöldsins í Norræna húsinu fá að heyra eitthvað af efni hans, að sögn söngkonunnar.

Sumarvinnan hennar Unnar Söru er bundin fleiru en söng. Hún er líka úti á örkinni að afla fjár fyrir Rauða krossinn. Þegar þetta viðtal fer fram er hún stödd við Bónus á Smáratorgi og stoppar þar, galvösk, fólk á röltinu. Hún lætur vel af starfinu og viðtökum almennings.

Á kvöldin kemur hún svo fram og syngur djass. „Við Halldór og fleiri erum með prógramm í gangi þar sem við flytjum lög eftir Serge Gainsbourg, þar syng ég á frönsku, við höfum fengið góð viðbrögð.“ segir hún brosandi.



**Unnur er bæði að fást við tónsmíðar og söng.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


ÚTSALA
30-70%
AFSLÁTTUR AF ALLSKONAR VÖRUM
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# BÍÓ



Félagarnir Adrian og Costi í dálítið mislukkaðri fjársjóðsleit.

# Fjársjóðsleit í fáránlegum aðstæðum

## Hæglát en lúmsk gamanmynd þar sem örvæntingarfulla tvíeykið Adrian og Costi endurspegla Rúmeníu í andarslitrum kommúnismans svo úr verður óvænt stuð.

**The Treasure**
★★★☆☆

**Leikstjóri og handritshöfundur:** Corneliu Porumboiu
**Framleiðandi:** Marcela Ursu
**Aðalleikarar:** Toma Cuzin, Adrian Purcarescu og Corneliu Cozmei

Rúmenía var lengstum lítt þekkt fyrir kvikmyndagerð en það breyttist kringum 2005 eða svo þegar nokkrir athyglisverðir rúmenskir leikstjórar spruttu fram á sjónarsviðið og síðan þá hafa athyglisverðar rúmenskar myndir borist okkur á hverju ári. Cornelio Porumboiu er einn af þessum leikstjórum, þekktur fyrir myndir á borð 12:08 East of Bucharest. The Treasure er nýjasta myndin hans og hefur hún unnið til fjölda verðlauna um heim allan undanfarið.

Myndin segir frá Costi nokkrum sem lætur fjárþurfi nágranna sinn Adrian plata sig í fjársjóðsleit á gamalli landareign úti í sveit. Costi notar allt sparifé sitt, og fær auk þess lánaðan pening frá tengdaföður sínum, til að leigja málmleitarvél og þeir skunda af stað og hefja leitina, en hún gengur ekki alveg eins og þeir vonuðu.

The Treasure er hæglát en lúmsk gamanmynd, jafnvel svolítið þurr (en á góðan hátt, að mestu). Þetta er ekki beint mynd þar sem maður skellir upp úr reglulega heldur fær hún mann smám saman til að brosa og byggir hægt og rólega upp absúrd aðstæður og lætur þær virka trúverðugar, þótt fáránleikinn sem liggur að baki sé aldrei langt undan.



The Treasure

Hetjurnar tvær, Adrian og Costi, eru ekki skörpustu hnífarnir í skúffunni og auk þess mjög örvæntingarfullir. Myndin er sannarlega ádeila á rúmenskt samfélag sem er enn þá að rífa sig upp úr kommúnismanum, og það kemst vel til skila jafnvel fyrir okkur sem erum ekki endilega sérfróð um það. Skriffinnskan er allsráðandi og mögulega það sem helst lifir af gömlu kommúnista-Rúmeníu.

Hérna fáum við að sjá eitthvað sem e.t.v. fæstir sjá fyrir sér þegar hugsað er um Rúmeníu: Millistéttarfólk sem lifir tiltölulega venjulega vestrænu lífi. Þrátt fyrir arfleifð kommúnismans lifir þetta fólk ágætis lífi með flestum nútíma þægindum. En engu að síður gætu hlutirnir verið miklu betri og menn eru til í gera fáránlegustu hluti til að bæta líf sitt, eins og að leita að gömlum fjársjóðum í bakgörðum eða ljúga að yfirmanni sínum að maður sé að halda framhjá konunni sinni frekar en að segjast vera að fara í fjársjóðsleit.

Það er margt í gangi í þessari mynd en um leið er hún samt frekar einföld. Hún er líka hæg, stundum virkar það mjög vel en hún verður þó fullhæg í seinnihlutann og nær ekki alltaf að halda athygli manns. Hugsanlega hefði hún virkað enn betur sem stuttmynd. Hægagangurinn er vissulega ákveðið stílbrigði en myndin verður full endurtekningarsöm á köflum.

En svo kemur myndin á óvart í lokin og endar ekki alveg eins og maður hefði búist við, og atburðirnir öðlast aukna dýpt. Þessi óvænti endir bætir að einhverju leyti upp fyrir hægaganginn í seinnihlutanum.

**Atli Sigurjónsson.**

**NIÐURSTAÐA:** Lúmsk og hæglát gamanmynd um venjulegt fólk í fáránlegum aðstæðum. Fullhæg og endurtekningarsöm í seinnihlutann en samt fyndin og skemmtilega óvenjuleg.

## Frumsýningar



### THE BFG

Ævintýra-/fjölskyldumynd
Aðalhlutverk: Mark Rylance, Ruby Barnhill og Penelope Wilton.
Frumsýnd 1. júlí.
IMDb 7,4



### MIKE AND DAVE NEED WEDDING DATES

Grínmynd
Aðalhlutverk: Aubrey Plaza, Anna Kendrick og Zac Efron
Frumsýnd 6. júlí.



### THE LEGEND OF TARZAN

Ævintýra- og hasarmynd.
Aðalhlutverk: Margot Robbie, Alexander Skarsgård og Christoph Waltz.
Frumsýnd 6. júlí
IMDb 7,9/10

FRÉTTABLAÐIÐ

59,5%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.




Skv. prentmiðlakönnun Gallup, janúar–mars 2016




Allt sem þú þarft ...


ÚTSALA
KRINGLAN | SMÁRALIND
30-50%
AFSLÁTTUR
COMPANYS
KARAKTER
KONUR
Kultur
Kultur
menn
galleri sautján
gs skór
focus
SMASH
URBAN
OPIÐ TIL
KL. 21:00
ÁFRAM ÍSLAND!

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| ME BEFORE YOU | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| ME BEFORE YOU VIP | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| FINDING DORY (ENSKA 2D) | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 9 - 10:20 |
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL 2D) | KL. 3:20 - 5:40 |
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL 3D) | KL. 4:20 - 6:40 |
| THE CONJURING 2 | KL. 8 - 10:30 |
| TMNT 2 2D | KL. 3 - 5:30 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 10:40 |
| MOTHER'S DAY | KL. 8 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 3:10 |

| KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| ME BEFORE YOU | KL. 6 - 8 - 9 - 10:20 |
| FINDING DORY (ENSKA) | KL. 8 - 10:20 |
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL 2D) | KL. 5:40 |
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL 3D) | KL. 5:40 |

| EGILSHÖLL | |
|---|---|
| INDEPENDENCE DAY (3D) | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL 2D) | KL. 5:30 |
| CENTRAL INTELLIGENCE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| THE CONJURING 2 | KL. 7:40 - 10:20 |
| TMNT 2 2D | KL. 10:30 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 5:30 - 8 |

| KEFLAVÍK | |
|---|---|
| INDEPENDENCE DAY (3D) | KL. 8 |
| ME BEFORE YOU | KL. 8 - 10:40 |
| CENTRAL INTELLIGENCE | KL. 10:40 |

| AKUREYRI | |
|---|---|
| ME BEFORE YOU | KL. 8 - 10:20 |
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL 3D) | KL. 5:40 |
| FINDING DORY (ENSKA 2D) | KL. 8 |
| THE CONJURING 2 | KL. 10:20 |
| TMNT 2 2D | KL. 5:30 |




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| INDEPENDENCE DAY 2 | 5:30, 8, 10:30(P) |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL.TAL | 3:30, 5:45 |
| CENTRAL INTELLIGENCE | 8, 10:25 |
| WARCRAFT | 8(2D), 10:30(3D) |
| FLORENCE FOSTER JENKINS | 5 |
| ANGRY BIRDS ÍSL.TAL | 3:30 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 30. JÚNÍ 2016

### Tónlist

**Hvað?** Reykjavík classics
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Eldborg, Harpa
Tónleikaröð sem stendur yfir í allt sumar og snýst um að flytja klassíska tónlist fyrir túrista í allt sumar. Flytjendur eru allt okkar besta tónlistarfólk úr klassíska geiranum. Tónleikarnir eru alltaf 30 mínútur án hlés og þar verða flutt meistaraverk úr sögu klassískrar tónlistar. Miðaverð er 3.500 krónur.

**Hvað?** DJ Styrmir Dansson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** BarAnanas
Sonur dansins mætir á Ananasinn og kemur fólki í stuð á litla-föstudegi.

**Hvað?** Karnival fimmtudagur
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Tivoli bar
Simon FKNHNDSM heldur uppi karnivalstemmingu á Tívolíi í kvöld. Í eina kvöldstund verða allir jafnir inni á Tívolíi og allir skemmta sér saman óháð stétt hvort sem um er að ræða kóng eða prest.

**Hvað?** DJ Alfons X
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn
Það er alltaf hægt að treysta á að fá góða upphitun fyrir helgina á Kaffibarnum og auðvitað er þessi fimmtudagur engin undantekning á þeirri reglu. Alfons X sér um fjörið.

**Hvað?** Útgáfutónleikar FHB
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Félagsheimilið Bolungarvík
Vestfirska söngkonan Anna Þuríður og gítarguðinn Björn Thoroddsen eru nýkomin frá Nashville þar sem þau voru að vinna að plötu með Robben Ford, sem er gríðarlega þekkt nafn í Ameríkunni og koma alls konar aðrir meistarar við sögu á þessari plötu. Þau munu fagna þessari útgáfu í kvöld og er miðaverð 3.900 krónur.



Það verður hitað upp fyrir helgina á Kaffibarnum í kvöld og má búast við miklu fjöri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Hvað?** Trompet og píanó
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Salurinn í Kópavogi
Jóhann Már Nardeau trompetleikari og Snorri Sigfús Birgisson píanóleikari leika tónlist í Kópavoginum í dag. Þeir flytja verkið Blast eftir Atla Ingólfsson og miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Grúska Babúska and Sacha Bernardson live
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Dillon
Grúska babúska er kvennaband með sex meðlimi og spila þær þjóðlagatónlist blandaða alls kyns áhrifum. Ásamt þeim kemur Sacha Bernardson fram ásamt einvalaliði fólks.


Tómas Gauti Jóhannsson er einn þeirra sem koma að sýningunni The greatest show in Iceland sem verður frumsýnd í Tjarnarbíói í kvöld.

### Hátíðir

**Hvað?** Írskir dagar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Akranes
Írskir dagar verða settir formlega í dag. Á hátíðinni er fagnað írskri arfleifð Skagamanna og ýmislegt verður í boði. Þarna verða tónleikar, íþróttaviðburðir, leikrit verða sýnd, brekkusöngurinn er til staðar, markaður, dorgveiði, sandkastalakeppni og auðvitað keppnin um rauðhærðasta Íslendinginn.

**Hvað?** Goslokahátíð
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Vestmannaeyjar
Vestmannaeyingar fagna goslokum um helgina og hefst gamanið í dag. Eins og gengur og gerist á bæjarhátíðum verður margt um dýrðir og bærinn áreiðanlega stappaður af prúðbúnu fólki. Goslokalagið verður loksins frumflutt, það verður bingó með veglegum vinningum, alls kyns göngur í boði – þar á meðal goslokaganga þar sem gengið verður um og gestum sagt frá helstu kennileitum síðan í gosi og að sjálfsögðu verða böll og tónleikar öll kvöldin svo að engum ætti leiðast í Eyjum.

**Hvað?** Vopnaskak
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Vopnafjörður
Vopnaskak er í fullum gangi og verður alla helgina. Vopnfirðingar verða þarna hressir og kátir með ýmislegt í boði – þarna verður að sjálfsögðu hagyrðingakvöld, Hofsballið verður til staðar sem og Bustarfellsdagurinn. Síðan verða auðvitað stórtónleikar á föstudaginn þar sem Todmobile spilar í Miklagarði.

**Hvað?** Landsmót hestamanna
**Hvenær?** 9.00
**Hvar?** Hólar í Hjaltadal
Landsmót hestamanna er í fullum gangi og dagurinn í dag er engin undantekning frá þeirri gífurlegu dagskrá sem mótinu fylgir. Þarna er auðvitað keppt í öllu mögulegu og ómögulegu tengdu íslenska hestinum og síðan er fólk alveg áreiðanlega hæft til að skemmta sér ærlega utan keppni.

### Uppákomur

**Hvað?** The greatest show in Iceland
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Sviðslistahópurinn Krass stendur fyrir sýningunni sem fjallar um sjálfsmynd okkar Íslendinga og af hverju við erum alltaf að pæla í ímynd landsins út á við. Miðaverð er 3.500 krónur.

**Hvað?** Kvikmyndadagskrá: nýtt líf í teiknimyndum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhús
Fimm teiknimyndir eftir ýmsa listamenn eru sýndar í röð. Þarna kennir margra grasa í bæði tækni og viðfangsefni. Aðgöngumiði á safnið gildir inn á sýninguna en hann kostar 1.500 fyrir fullorðna og 820 krónur fyrir námsmenn.

**Hvað?** Lífsýni - útgáfuhóf
**Hvenær?** 17:00
**Hvar?** Mengi
Bókin Lífsýni eftir Jóhannes Ólafsson kemur út og í því tilefni verður blásið til útgáfuhófs í Mengi. Aðgangseyrir er 2.500 krónur og bókin fylgir hverjum seldum miða – en einungis eru til 66 eintök af þessari bók. Í hófi þessu verður ýmislegt í gangi – upplestur, tónlist, eitthvað fyrir þyrsta og svo munu höfundar sitja fyrir svörum.

### Uppistand

**Hvað?** Andri Ívars
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Andri Ívars segir brandara á Rosenberg í kvöld. Andri syngur mikið af efninu sínu og spilar á gítar undir. Ari Eldjárn ætlar að hita upp þetta kvöldið.


Ari Eldjárn fer með nokkrar skrítlur á Rosenberg þar sem hann hitar upp fyrir syngjandi grínarann Andra Ívarsson.

THULE SWEDEN

# Hjólagrindur og ferðabox




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Jamie's 30 Minute Meals
**10.40** Höfðingjar heim að sækja
**10.55** Gulli byggir
**11.25** Lífsstíll
**11.50** Heimsókn
**12.10** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Crimson Field
**13.55** Turtle Power. The Definitive History of the Teenage Mutant
**15.35** Collaborator
**17.00** Frikki Dór og félagar
**17.20** Simpson-fjölskyldan
**17.40** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Íþróttir
**19.10** Friends
**19.35** The New Girl
**20.00** Það er leikur að elda
**20.20** Restaurant Startup Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með venjulegu fólki leggja allt í sölurnar þegar það eltist við drauma sína um að opna veitingastað og því til halds og traust er hinn vinsæli veitingahúsaeigandi Russell Norman.
**21.05** Person of Interest
**21.50** Containment Ný spennuþáttaröð úr smiðju Warner. Stór hluti borgarinnar Atlanda í Bandaríkjunum er sett í sótthví Þegar faraldur brýst út í borginni Atlanda í Bandaríkjunum og þeir sem lokast inni berjast fyrir lífi sínu. Hér er fjallað um það hvað gerist þegar fjölskyldur splundrast og lítið samfélag byrjar að myndast inn í í herkvíinni en þá kemur hið sanna andlit fólks í ljós þar sem ólíklegustu hetjur birtast og ótúlegasta fólk sýnir sínar dekkstu hliðar.
**22.30** Lucifer
**23.20** Ghetto betur Skemmtilegur nýr spurningaþáttur í umsjón Steinþórs Hróars Steinþórssonar eða Steinda Jr. Í hverjum þætti mæta tveir fulltrúar frá hverju bæjarfélagi og spreyta sig á vel völdum spurningum. Liðin þurfa að glíma við ákveðnar þrautir og fá einnig ýmiss konar óvenjuleg verkefni til að leysa. Hlín Einarsdóttir verður dómari í þáttinum, Kalli Bjarni stigavörður og María Guðmundsdóttir verður plötusnúður.
**00.10** Peaky Blinders
**01.05** X-Company
**01.50** NCIS. New Orleans
**02.35** Harold & Kumar Escape From Guantanamo
**04.15** The Quiet Ones
**05.50** The Middle
**6.15** Simpson-fjölskyldan

## SPORT

**07.25** Pepsí deildin
**09.15** Pepsímörkin
**10.50** Pepsí deild kvenna
**12.30** Formúla 1
**14.45** Pepsí deildin
**16.35** Pepsí deildin
**18.25** Pepsímörkin
**20.00** Sumarmótin
**20.40** Premier League World
**21.10** UFC 2016 sérstakir þættir
**22.00** Sumarmessan
**22.35** Sumarmótin
**01.15** Sumarmessan
**01.50** NBA

## STÖÐ 3

**17.40** Raising Hope
**18.05** The Big Bang Theory
**18.25** Modern Family
**18.50** Fóstbræður
**19.25** Entourage
**19.55** Margra barna mæður
**20.30** Hið blómlega bú
**21.05** Burn Notice
**21.50** Legit
**22.15** NCIS. New Orleans
**23.00** Tyrant
**23.45** Tyrant
**00.30** Fóstbræður
**01.05** Entourage
**01.30** Margra barna mæður
**02.05** Hið blómlega bú
**02.40** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Brunabílarnir
**07.25** Strumparnir
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Víkingurinn Viggó
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveins
**09.49** Lalli
**09.55** UKI
**10.00** Skógardýrið Húgó
**10.25** Latibær
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Brunabílarnir
**11.25** Strumparnir
**11.47** Mæja býfluga
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Víkingurinn Viggó
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveins
**13.49** Lalli
**13.55** UKI
**14.00** Skógardýrið Húgó
**14.25** Latibær
**14.48** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Brunabílarnir
**15.25** Strumparnir
**15.47** Mæja býfluga
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Víkingurinn Viggó
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveins
**17.49** Lalli
**17.55** UKI
**18.00** Skógardýrið Húgó
**18.25** Latibær
**18.48** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Stuart Little 2



Könnuðurinn Dóra 12:00

## GOLFSTÖÐIN

**08.30** Quickens Loans National
**13.35** PGA Tour 2016 - Highlights
**14.30** Golfing World
**15.20** Champions Tour Highlights
**16.15** Golfing World
**17.05** Inside The PGA Tour
**17.30** Bridgestone Invitational
**22.30** BMW PGA Championship

## BÍÓSTÖÐIN

**11.30** The Jane Austen Book Club
**13.15** Nine
**15.10** Fed up
**16.45** The Jane Austen Book Club
**18.30** Nine Rómantísk mynd eftir Federico Fellini þar sem söngurinn er í fyrirrúmi með Kate Hudson, Nicole Kidman, Penélope Cruz og Daniel Day Lewis. Myndin fjallar um heimsfrægan kvikmyndaleikstjóra sem horfist í augu við miðaldurskreppuna. Bæði einkalíf hans og listrænir hæfileikar líða fyrir persónulegar flækjur hans og hann verður að gera upp málin við konurnar í lífi sínu, sem eru nokkuð margar. Þær telja eiginkonu, hjákonu, listagyðju, trúnaðarvin og búningahönnuð, tískublaðakonu, vændiskonu frá unglingsárunum og móður hans.
**20.25** Fed up
**22.00** Kingsman. The Secret Service Skemmtileg hasarmynd frá árinu 2014 þar sem Colin Firth og Samuel L. Jackson fara meðal annars með aðalhlutverk. Myndin fjallar um smáglæpamanninn Gary „Eggsy" Unwin sem veit ekki að á sínum tíma tilheyrði faðir hans leyni- og sérveitinni Kingsman. Þegar einn meðlimur sveitarinnar fellur frá er ákveðið að finna staðgengil hans, og í framhaldi er Gary fenginn til þjálfunar.
**00.10** From Paris With Love
**01.45** Closer
**03.30** Kingsman. The Secret Service

## RÚV

**17.05** Violetta
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Eðlukrúttin
**18.15** Best í flestu
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Vinur í raun
**20.00** Lottóhópurinn
**21.00** Hamarinn
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Landsmót hestamanna 2016
**22.40** Glæpaheigð
**23.25** Indian Summers
**00.10** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Rules of Engagement
**08.20** Dr. Phil
**09.00** America's Next Top Model
**09.45** Survivor
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**12.15** The Biggest Loser - Ísland
**13.15** The Voice Ísland
**14.20** Survivor
**15.05** Lífið er yndislegt
**16.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**18.00** EM 2016 svítan. 8 liða úrslit
**18.50** Pólland - Portúgal
**21.30** EM 2016 á 30 mínútum
**22.05** How To Get Away With Murder
**22.50** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.30** The Late Late Show with James Corden
**00.10** The People v. O.J. Simpson. American Crime Story
**00.55** Harper's Island
**01.40** The Family
**02.25** How To Get Away With Murder
**03.10** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**03.50** The Late Late Show with James Corden
**04.30** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |





**ÞAÐ ER LEIKUR AÐ ELDA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem Eva Laufey fær í hverjum þætti til sín unga og hressa krakka sem eiga það sameiginlegt að elska að búa til mat og eru afburðakokkar í þokkabót.

FRÁBÆR **FIMMTUDAGUR**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

**RESTAURANT STARTUP**
Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með venjulegu fólki leggja allt í sölurnar þegar það eltist við drauma sína um að opna veitingastað.




**PERSON OF INTEREST**
Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður taka saman höndum um að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.



**CONTAINMENT**
Stór hluti borgarinnar Atlanta í Bandaríkjunum er sett í sóttkví þegar faraldur brýst út í borginni og þeir sem lokast inni berjast fyrir lífi sínu.



**LUCIFER**
Djöfullinn sjálfur kemur upp á yfirborð jarðar. Hann kynnist rannsóknarlögreglukonu sem breytir sýn hans á lífið og hann nýtir hæfileika sína til að aðstoða við rannsókn sakamála.



**KINGSMAN: THE SECRET SERVICE**
Hasarmynd um smáglæpamann sem veit ekki að á sínum tíma tilheyrði faðir hans sérsveitinni Kingsman og nú vantar nýjan staðgengil.



**NCIS: NEW ORLEANS**
Spennuþættir um sérstaka deild sem hefur það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

Coleman

# Upp á palli, inn í tjaldi, út í fljóti, vonandi skemmtið' ykkur

## Allar útileguvörur með 20% afslætti fimmtudag - laugardag



20%
afsláttur
Af útileguvörum fimmtudag - laugardag

**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1
Sími 580 8500

**AKUREYRI**
Tryggvabraut 1-3
Sími 460 3630

**OPNUNARTÍMI**
Mán.-fös. 10-18
Lau. 10-16

ELLINGSEN



Gauti safnar þessa dagana fyrir útgáfu á vínylplötu en þær þykja oft eigulegri gripir en geisladiskar. MYND/EYGLÓ GÍSLADÓTTIR

# Safnar fyrir útgáfu **á vínylplötu**

**Emmsjé Gauti** er kominn á Karolina Fund til að safna fyrir vínylútgáfunni af plötunni sinni **Vagg & velta**. Allir sem styrkja útgáfuna geta fengið alls kyns hluti í kaupbæti, allt frá hlekk á niðurhal á plötunni til snekkjuferðar.

Orsök þess að ég er að gera þetta svona er að ég veit ekki hvernig markaðurinn liggur gagnvart vínylsölu – ég er alveg pottþéttur á því að ég kem allavega út á núlli í sölu á geisladiskum en kostnaðurinn við að gera 300 vínylplötur er meiri en að láta gera 1.000 geisladiska, sérstaklega af því að ég þarf að gera tvöfalda plötu því að platan mín er það löng. Ég held að þetta sé besta leiðin – þá er þetta gjörsamlega það sem samsvarar eftirspurninni og ég get unnið mig upp í núllpunkt á framleiðslunni án þess að taka fjárhagslega áhættu og tapa á að gefa út vínyl.

Þetta er líka fín leið til að koma „merchi“ út og það er alls konar aukapakkar sem fólk getur nælt sér í – allt frá nælum upp í snekkjuferðir.“

*Bíddu, snekkjuferð?* „Já, þetta er tveggja tíma lúxusferð á snekkju. Einnig er hvítt og rautt í boði og að sjálfsögðu fylgir þjónn með. Ég var fyrst að pæla í að hafa þyrluferð, en ég hætti við það því að það er svo erfitt að rappa í þyrlu á ferð og það hefði líka verið svo hættulegt svo að ég ákvað að færa þetta úr háloftunum niður á sjóinn. Ef það eru nógu margir sem leggja í púkk fyrir þessum pakka er þetta ekkert svo dýrt – þetta er alveg „perfect“ fyrir steggjaveisluna.“

*En hvenær kemur svo platan?* „Platan kemur vonandi út á CD í lok næstu viku, síðan eru útgáfutónleikarnir viku eftir það.“

*Verður ekki eitthvað rosalegt í gangi þar?* „Ég er búinn að vera í ákveðinni maníu varðandi þessa útgáfutónleika og fá alls konar risahugmyndir. Ég er búinn að segja svo mörgum frá þessum hugmyndum að ég get eiginlega ekki bakkað út úr því núna. Ég er kominn á þann stað að við erum búnir að plana frekar sturlað „show“ – sviðið verður með öðru sniði en venjulega þó að ég sé nú ekki að finna upp hjólið með því – en þetta er stórt torfærudekk sem við erum að fara að rúlla þetta kvöldið.“



**stefanthor@frettabladid.is**



# Hvað endurspeglar sjálfsmynd Íslendinga?

Listnemar frumsýna nýja sýningu í Tjarnarbíói í kvöld. Sýningin er flutt á ensku og þar er rýnt í sjálfsmynd Íslendinga. Handritshöfundurinn **Tómas Gauti Jóhannsson** segir ferlið hafa gengið vel.

Sýningin er algjörlega sett upp að okkar frumkvæði," segir Tómas Gauti Jóhannsson, einn höfunda og flytjenda sýningarinnar „The Greatest Show in Iceland Starring Björk Guðmundsdóttir". Hann og Stefán Ingvar Vigfússon lögðu af stað í ferðalagið og fengu til liðs við sig hóp listnema og upprennandi listamanna til að taka þátt í sýningunni. Í kjölfarið varð sviðslistahópurinn Krass til, og frumsýnir hann leikverkið í Tjarnarbíói í kvöld.

*Hvað varð til þess að þið félagarnir tókuð þá ákvörðun að skrifa handritið á ensku?*

„Um áramót fórum við pabbi minn, Jóhann Pétur Reyndal, einn af framleiðendum sýningarinnar, að velta fyrir okkur möguleikanum á sýningu fyrir ferðamenn. Eitthvað sem myndi endurspegla sjálfsmynd Íslendinga á kómískan hátt. Til dæmis hvað við þurfum alltaf að vera besta land í heimi út á við," segir Tómas Gauti og bætir við að leikritið fjalli um gerð á fyrsta alþjóðlega sjónvarps- og raunveruleikaþætti á Íslandi.

Í sýningunni er rýnt í sjálfsmynd Íslendinga og velt fyrir sér af hverju við spyrjum ferðamenn alltaf sömu spurninganna. Eins og til dæmis: How do you like Iceland? Eru íslenskar konur fegurstar? Er Björk Guðmundsdóttir besta tónlistarkona heims?



Hópur listnema og upprennandi listamanna stofnaði sviðslistahópinn Krass, en þetta mun vera í fyrsta skipti sem hópurinn leikur saman á sviði.

**VIÐ ERUM AÐ SKOÐA VIÐLEITNI OG ÞÖRF ÍSLENDINGA TIL ÞESS AÐ SKARA ENDALAUST FRAM ÚR Í ÖLLU. FRÆÐILEGUR GRUNDVÖLLUR SÝNINGARINNAR BYGGIST Á EFTIRLENDU- OG KYNJAFRÆÐUM.**



**Tómas Gauti Jóhannsson er einn af handritshöfundum leikritsins.** MYND/ALV PÉERZ

Og ekki má gleyma: Er íslenska vatnið tærast?

„Við erum að skoða viðleitni og þörf Íslendinga til þess að skara endalaust fram úr í öllu. Fræðilegur grundvöllur sýningarinnar byggist á eftirlendu- og kynjafræðum," segir hann.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Tómas Gauti skrifar handrit en hann byrjaði að skrifa handrit að kvikmynd í fullri lengd aðeins sautján ára gamall, sem hann hefur unnið í síðan. Í september keypti Sigurjón Sighvatsson réttinn að handritinu eftir að hann féll fyrir því.

„Það var í rauninni ótrúlega óraunverulegt enda er hann ein af mínum fyrirmyndum. Eftir að hann keypti réttinn hef ég verið að endurskrifa handritið enn einu sinni. Helstu breytingarnar er að ég er að nútímavæða handritið og á fáeinar blaðsíður eftir," segir Tómas spenntur fyrir framhaldinu. **gudrunjona@frettabladid.is**



## Trendið
## Þjóðernisblár

Nú þegar leikar standa sem hæst á EM er ekki úr vegi að henda sér í kóngablátt. Landsliðstreyjurnar hafa allavega tröllriðið íslensku þjóðinni undanfarið en það sést best á því að umræddar treyjur seljast trekk í trekk upp um þessar mundir. Fyrir þá sem ekki ná að næla sér í treyju er gráupplagt að draga fram vel valdar og fagurbláar flíkur, og ekki skemmir fyrir ef rautt og hvítt slæðist með. Svona fyrir þá hörðustu.




**Módelið Keiron Caynes eignar sér þessa Champion-peysu með glæsibrag. Allir ættu að geta fundið sig í svona.**



**Linda Tol er afar hugguleg í Fendi. Leður, rautt, blátt og hvítt. „Elegant," gæti einhver sagt.**



**Eldri kjóll úr smiðju Christian Dior. Hann á ekkert síður við núna enda blússandi klassík. Það má líka alveg blanda bláa litnum við glamúr, hvort sem fólk er á Arnarhóli eða heima.**





Stórafsláttur af öllum úrum og skartgripum

frá þessum vörumerkjum í verslunum okkar á Laugavegi 15, Kringlunni og á michelsen.is

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni - sími 511 1900 - www.michelsen.is



Magnúr Geir var leikhússtjóri áður en hann tók við útvarpsstjórahlutverkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eyðir fríinu í leikstjórastólnum

**Magnús Geir** útvarpsstjóri ætlar að taka sér leyfi frá störfum hjá Ríkisútvarpinu. Í leyfinu snýr hann aftur í Borgarleikhúsið þar sem hann starfaði áður en hann segist spenntur að komast aftur í leikhúsið ásamt gömlum vinum.

Leikhúsbakterían og ástríðan fyrir leikhúsinu hverfur aldrei,“ segir Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri en í byrjun næsta árs mun hann leikstýra gamanleikriti í Borgarleikhúsinu en vera á þeim tíma í leyfi frá störfum hjá Ríkisútvarpinu. „Ég er leikhúsmaður í grunninn og var upprunalega leikstjóri áður en ég fór að fikra mig meira í yfirstjórnina, fyrst í leikhúsunum og svo nú hjá RÚV. Ég hlakka svakalega til að fá að takast á við þetta skemmtilega verkefni.“

Magnús tók við starfi útvarpsstjóra RÚV fyrir tveimur árum en áður stýrði hann Borgarleikhúsinu með góðum árangri. „Við erum búin að vera í stórum og skemmtilegum verkefnum hér í RÚV sem er á góðri siglingu. Mikið breytingaferli er langt komið og staðan sterk. Það hefur nokkrum sinnum verið leitað til mín með leikstjórnarverkefni en það var ekki fyrr en nú sem mér fannst rétti tíminn kominn. Ég hef leikstýrt verkum af öllu tagi í gegnum tíðina en það er alltaf svo skemmtilegt að setja upp gamanverk. Ég veit að vinnan verður skemmtileg og vonandi mun það skila sér til áhorfenda.“

**„ÞAÐ HEFUR NOKKRUM SINNUM VERIÐ LEITAÐ TIL MÍN MEÐ LEIKSTJÓRNARVERKEFNI EN ÞAÐ VAR EKKI FYRR EN NÚ SEM MÉR FANNST RÉTTI TÍMINN KOMINN.**

## Önnur verk Magnúsar

- Gauragangur
- Nei, ráðherra!
- Stone Free
- Svartur köttur
- Óliver
- Litla hryllingsbúðin
- Fullkomið brúðkaup

Aðspurður um líkindi milli hlutverks leikhússtjórans og útvarpsstjórans segir Magnús að þessi störf séu að mörgu leyti svipuð þó annað sé ólíkt. „Það eru viss líkindi. Í báðum tilvikum er um að ræða mikilvægar menningarstofnanir og ég er fyrst og fremst maður menningarinnar. RÚV er hins vegar töluvert stærra og stundum eru flóknari hagsmunir sem því tengjast. Það verður kærkomið að stíga aftur inn í leikhúsið og fá að andlega næringu. Sumir nýta fríið sitt í að liggja í sólinni en á næsta ári ætla ég að nýta það í að leikstýra og næra andann.“

Leikritið hefur enn ekki fengið íslenskt nafn en það er eftir einn vinsælasta gamanleikjahöfund í heimi, Ray Cooney. Verkið heitir Caught in the net á ensku og var fyrst gefið út árið 2007. Ray samdi meðal annars leikritin Nei, ráðherra! sem Magnús leikstýrði og naut gríðarlegra vinsælda. Gísli Rúnar Jónsson íslenskar verkið og búið er að koma saman glæsilegum hópi leikara. „Það sem gerir þetta enn skemmtilegra er þessi flotti hópur af fólki sem ég verð að vinna með, algert einvalalið. Svo verður ekki lítið gaman að vinna aftur með gömlu vinunum í Borgarleikhúsinu.“

Með aðalhlutverk fara Hilmir Snær Guðnason, Ilmur Kristjánsdóttir og Halldóra Geirharðsdóttir. Í öðrum hlutverkum verða þau Bergur Þór Ingólfsson, Elma Stefanía Ágústsdóttir, Halldór Gylfason og Hilmar Guðjónsson. „Við Ilmur erum í svipuðum sporum, því hún er einmitt að koma inn í leikhúsið aftur eftir nokkra fjarveru. Það er mikil eftirvænting og gleði hjá okkur öllum að fá að takast á við þetta verkefni,“ segir Magnús. Ilmur mun einnig taka sér stutt leyfi frá borgarstjórn á meðan æfingarnar fara fram. **gunnhildur@frettabladid.is**








Elma Lísa fer með aukahlutverk í gamanleikritinu.

Hilmir Snær fer með eitt af aðalhlutverkunum.

Ilmur Kristjánsdóttir mun taka sér stutt leyfi frá borgarstjórn til þess að leika aðalhlutverk í leikritinu.

Halldóra Geirharðsdóttir fer með eitt af aðalhlutverkunum í verkinu en hún er ein ástsælasta leikkona landsins.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

FOLLOW US | INSTAGRAM | FACEBOOK | TWITTER | PINTEREST




ZARA

www.zara.com

# FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177


Bakþankar

Frosta Logasonar



## Verulegur skellur

Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Bretlandi í síðustu viku er verulegur skellur fyrir heilbrigða skynsemi. Englendingar sem svöruðu spurningum blaðamanna þegar Íslendingar höfðu slegið þá út úr Evrópukeppninni á dögunum töluðu um að þessir tveir atburðir væru sem allar heimsins hamfarir hefðu dunið á þeim í einni og sömu vikunni.

En hvað gerðist? Af hverju kusu Bretar að fleygja sér fram af hengibrún óvissunnar, kasta frá sér fjórfrelsinu og innri markaðnum þrátt fyrir að öll eðlileg hugsun mælti gegn því? Er lýðræðið virkilega orðið þetta rotnandi hræ sem Mussolini heitinn lýsti yfir á sínum tíma?

Það hefur komið í ljós að illa upplýst gamalmenni létu gabba sig í aðdraganda kosninganna. Sótsvartur almúginn beit á agnið þegar útgönguhreyfingin slengdi fram loforðum um 350 milljón punda aukningu í breska heilbrigðiskerfið. Hann kokgleypti bullið um að Bretland yrði undanskilið fólksflutningaáhrifum hnattvæðingarinnar. Almúginn lét óheiðarlegan hræðsluáróður steypa sér aftur í öld heimskunnar.

Í nýafstöðnum kosningum hér heima var líka fullt af fólki sem lét glepjast af óheiðarleika. Fólki var ýmist talin trú um að vinsælasti frambjóðandinn væri í raun landráðamaður gamla Evrópubandalagsins eða að hann væri gerður út af reykfylltum bakherberjum Valhallar. Hugsið ykkur ef unga fólkið hefði setið heima á sófanum á meðan allir hlustendur Útvarps Sögu hefðu þegið skutl frá kosningaskrifstofunni á Grensásvegi. Þá hefðum við hugsanlega getað vaknað upp við hausverk lífs okkar. Sá skellur hefði bæði verið varanlegur og verulegur.








